GUTTORMUR ÞORSTEINSSON
*Í frekar dæmigerðum sagnfræðingafötum*
• tíska
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



DÝRIN OKKAR
*Hundar skemmta sér vel í leikskólanum*
Sérblað um gæludýr
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
69
COCA COLA - 33 CL
www.europris.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. mars 2009 — 62. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

**FIMMTUDAGUR**



**Ungir athafnamenn**
Styrmir Jóhannsson og Hrólfur vinur hans eru yngstu útvarpsmenn landsins.
FÓLK 50

**Vanskil og virðing**
„Lög um gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja þarfnast bráðrar endurskoðunar og samræmingar í ljósi breyttra aðstæðna“, skrifar Þorvaldur Gylfason.
Í DAG 24

**Sex tíma á sundi**



Guðlaugur Friðþórsson synti sér til lífs um fimm kílómetra í land fyrir tuttugu og fimm árum.
TÍMAMÓT 28

**Vill verða forseti IHF**



Guðmundur Ingvarsson sækist eftir því að verða forseti Alþjóða handknattleikssambandsins.
ÍÞRÓTTIR 46

**VEÐRIÐ Í DAG**




**SNJÓÉL NYRÐRA** Í dag verða norðlægar áttir, 5-13 m/s hvassast norðvestan til. Snjókoma eða él um norðanvert landið en bjartviðri syðra. Hiti 2-5 stig syðra annars frost 0-5 stig.

VEÐUR 4



**ÖLL BÖRN ERU MIKILVÆG** Börnin í fyrstu bekkjum Austurbæjarskóla minntu svo sannarlega á sig í gær þegar þau fóru í réttindagöngu frá Skólavörðuholti og niður að Alþingi og Ráðhúsi Reykjavíkur. Réttindagangan er hluti af verkefni sem krakkarnir eru að vinna að í Draumalandi skólans og snýr að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gripu til varúðarráðstafana vegna ótryggra snjóalaga:

## Heimili rýmd í gær og varðskip til taks

**ÖRYGGISMÁL** „Menn hafa verið að kanna snjóalög undanfarna daga og meta að það sé veikt millilag í Traðargili,“ segir Elías Jónatansson, bæjarstjóri í Bolungarvík, þar sem fimm íbúðarhús voru rýmd fyrir kvöldmat í gær.

Þar sem hættuástandi var lýst yfir á Vestfjörðum vegna snjóflóðahættu voru varðskip Landhelgisgæslunnar og danskt varðskip í nágrenni við Ísland einnig beðin að færa sig nær Vestfjörðum. Áætlað er að skipin æfi saman á morgun.

„Ef millilagið sem snjórinn hvílir á gefur sig er hætta á að ekkert hald verði og allt fari af stað,“ útskýrir Elías. „Eins og alltaf fylgja þessu óþægindi fyrir fólk en það sýnir þessu samt mikinn skilning. Viðbrögðin eru orðin svo þjálfuð að það er enginn ótti í gangi. Rýmingin núna kom reyndar á óvart af því að það hefur ekki verið ofankoma hérna í byggðinni en það mun samt hafa bæst í snjóinn uppi í gili.“

Elías segir viðbrögðin einfaldlega sýna að vel sé fylgst með snjóflóðahættu og að kerfið virki mjög vel. Veðurstofan meti upplýsingar og taki ákvörðun um rýmingu. „Það er alls enginn smeykur en öryggi er fyrir öllu,“ segir bæjarstjórinn.

Fólkið sem yfirgefa þurfti heimili sín fékk ýmist inni hjá ættingjum eða í íbúðum sem bærinn útvegar þeim. - gar

Japanskir vísindamenn gera tilraun í menntamálum:

## Vélmenni komi í stað kennara í barnaskólum

**JAPAN, AP** Japanskir vísindamenn hafa búið til vélmenni sem hjálpað getur til við kennslu í barnaskólum.

Vélmennið Saya getur sýnt undrun, hræðslu, fyrirlitningu, reiði, gleði og sorg. Enn sem komið er getur hún þó einungis sagt nöfn nemenda og gefið einföld fyrirmæli.

Japanir eru vongóðir um að vélmenni muni geta komið í stað manna við ýmis störf í framtíðinni þar sem meðalaldur þjóða hækkar.

Aðrir fræðimenn lýsa áhyggjum af notkun vélmenna við umönnun barna og aldraðra. Þeir benda á að vélmenni geti aukið áhuga barna á tækni og vísindum en þau komi aldrei í stað kennara af holdi og blóði. - drd

# Meirihlutinn vill Jóhönnu í formann

**Um 55 prósent allra vilja að Jóhanna Sigurðardóttir verði næsti formaður Samfylkingarinnar. Rúmlega fjórðungur vill Dag Eggertsson sem næsta formann.**

**SKOÐANAKÖNNUN** 55,3 prósent allra segjast vilja Jóhönnu Sigurðardóttur sem næsta formann Samfylkingarinnar. Mikill munur er á stuðningi eftir kyni. 49,0 prósent karla vilja að Jóhanna leiði flokkinn en 61,8 prósent kvenna. 26,3 prósent, vill að Dagur B. Eggertsson leiði flokkinn. Aðrir fá mun minni stuðning.

Tæplega sex prósent nefna Árna Pál Árnason eða Jón Baldvin Hannibalsson hvorn. Nánast allt stuðningsfólk Jóns Baldvins eru karlmenn. Rúm tvö prósent nefna svo Lúðvík Geirsson. 4,6 prósent nefndu einhvern annan, þar af helmingur Össur Skarphéðinsson.

Ef einungis er litið til þeirra sem segjast myndu kjósa Samfylkinguna er stuðningur við Jóhönnu svipaður, eða 56,0 prósent. 33,6 prósent þeirra vilja að Dagur B. Eggertsson verði formaður og 7,8 prósent vilja að Árni Páll Árnason leiði flokkinn. Aðrir kandídatar eru nefndir í innan við eitt prósent tilfella.

Niðurstaðan byggist á 800 svörum, sem skiptist jafnt milli karla og kvenna og hlutfallslega eftir búsetu. Hringt var miðvikudaginn 11. mars og spurt; Hver vilt þú að verði formaður Samfylkingarinnar? 70,8 prósent tóku afstöðu. - ss

**NÆSTI FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR**




SKV. KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 11.03'09

Eigendur Baugs:

## Gjaldþrotið er mikil vonbrigði

**VIÐSKIPTI** Eigendur Baugs segja gjaldþrot félagsins mikil vonbrigði. Héraðsdómur synjaði Baugi um áframhaldandi greiðslustöðvun í gær. Stjórn félagsins ákvað því að óska eftir gjaldþrotaskiptum. - gar, bj / sjá síðu 4

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
24 Hagkaup
HAGKAUP
Ein ferð betra verð


litill pastaréttur og brauðstöng
sbarro
490 kr.
www.sbarro.is • sími 517 7750
Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46



Opið til 21
Kringlan

**SPURNING DAGSINS**



*Markús, stólið þið aðallega á nátthrafna?*

„Nei, morgunhanar eru líka velkomnir.“

Samtökin Farfuglar, sem reka 28 farfuglaheimili á landinu, fagna 70 ára afmæli um þessar mundir. Markús Einarsson er framkvæmdastjóri samtakanna.

Þúsundir manna komu saman í Belfast á Norður-Írlandi:

# Mótmæla ofbeldi öfgahópa

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Nokkur þúsund manns, jafnt kaþólskir sem mótmælendur, komu saman í Belfast á Norður-Írlandi í gær til að mótmæla ofbeldi öfgahópa, sem vilja kveikja á ný í glæðum átaka um aðskilnað frá Bretlandi.

Sumir grétu og aðrir hristu höfuðið út af dauðsföllum síðustu daga. Tveir klofningshópar út úr Írska lýðveldishernum hafa myrt samtals þrjá menn í þeim tilgangi að grafa undan friðarsamkomulagi, sem gert var fyrir rúmum áratug.

Áður hafði borgarastyrjöld geisað milli mótmælenda og kaþólskra á Norður-Írlandi í þrjá áratugi og kostað þúsundir manna lífið.



**MÓTMÆLENDUR OG KAÞÓLSKIR Á EINU MÁLI** Vilja ekki að borgarastyrjöld hefjist á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Ég er kaþólskur. Ég ólst upp í hverfi þar sem lögreglan var óvinurinn. Nú hafa hlutirnir svo sannarlega breyst til batnaðar,“ sagði Aidan Kane, sem mætti í mótmælagönguna með sex ára son sinn á háhesti.

„Ef litli strákurinn minn hérna vill verða lögreglumaður þegar hann verður stór, þá verð ég stoltur af honum. Ég á ekki að þurfa að hafa áhyggjur af því að einhver brjálæðingur skjóti hann fyrir að vera í þjónustu samfélagsins.“

Á mánudagskvöld var lögreglumaður myrtur þar sem hann sat í lögreglubifreið í Belfast. Síðastliðinn laugardag voru tveir hermenn myrtir fyrir utan herstöð, auk þess sem tveir aðrir hermenn og tveir pitsusendlar særðust. **- gb**

Prófkjörsblað Árna Johnsen:

# Tók óvart krók til Keflavíkur

**STJÓRNMÁL** „Kassarnir með blöðunum fundust svo eftir allt saman í einhverju skúmaskoti hjá póstinum í Reykjavík,“ segir alþingismaðurinn Árni Johnsen sem varð fyrir því að 1.700 eintök af prófkjörsblaði hans virtust hafa gufað upp í meðförum Íslandspósts. Umrædd sending var ætluð til Vestmannaeyja. „Eftir að fréttin um hvarfið birtist í Fréttablaðinu fóru þeir á póstinum strax að leita betur. Það kom í ljós að blaðið mitt hafði verið sent til Keflavíkur og endursent þaðan aftur til Reykjavíkur,“ segir Árni sem kveður Vestmannaeyinga nú munu fá blaðið hans heim til sín. **- gar**

Frumvarp um stjórnlagaþing:

# Kostnaðurinn við þingið óviss

**STJÓRNMÁL** Ekki fást svör um áætlaðan kostnað við stjórnlagaþing, hvorki úr forsætis- né fjármálaráðuneyti.

Í því síðarnefnda er unnið að kostnaðaráætlun vegna þessa en Lúðvík Guðjónsson, starfsmaður þar, vill ekki segja hvort kostnaður sem Björn Bjarnason, fyrrum dómsmálaráðherra, hefur áætlað, upp á 1,5 milljarða, sé í hærra lagi eða ekki.

Lúðvík kveðst aðspurður vonast til að kostnaðaráætlun verði tilbúin meðan frumvarpið er í meðförum Alþingis. **- kóþ**

Ragna Árnadóttir:

# Segir ekki hvort hún verði áfram

**STJÓRNSÝSLA Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra segist ekki hafa leitt hugann að því hvort hún myndi þiggja tilboð um áframhaldandi starf sem dómsmálaráðherra og geti því ekki svarað því hvort hún myndi þiggja það. Henni hafi enda ekki verið boðið starfið.**

**„Ég er bara mitt í törninni,“ segir Ragna. Hún hafi nóg fyrir stafni og hafi hingað til gert ráð fyrir því að hverfa til fyrri starfa í Stjórnarráðinu að loknum kosningum. Hún neitar því þó ekki að henni finnist starfið skemmtilegt.** **- kóþ**

**STJÓRNMÁL**

### Guðjón Arnar efstur

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, hlaut yfirburðakosningu í prófkjöri Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi. Í öðru sæti hafnaði Sigurjón Þórðarson, fyrrum þingmaður, í þriðja sæti varð Ragnheiður Ólafsdóttir en Magnús Þór Hafsteinsson hafnaði í því fjórða.



**DALVÍK** Tölvubúnaður var ekki rétt upp settur á Heilsugæslustöðinni á Dalvík og því glötuðust sjúkraskrár fyrir tíu mánaða tímabil.

# Glötuðu sjúkraskrám heilsugæslu á Dalvík

**Allar sjúkraskrár á Heilsugæslustöðinni á Dalvík á tíu mánaða tímabili glötuðust í tölvukerfi. Engan árangur bar að senda búnaðinn til tölvusérfræðinga í tveimur löndum. Öryggi sjúklinga stefnt í hættu og gríðarlegt fjárhagslegt tap.**

**ÖRYGGISMÁL** Nú er ljóst að allar sjúkraskrár á Heilsugæslunni á Dalvík á tímabilinu júní 2003 til apríl 2004 eru glataðar vegna galla í tölvubúnaði.

„Tapið var gífurlegt og olli mikilli aukavinnu lækna og læknaritara. Auk þess er ávallt hætta á því að gagnatap af þessu tagi stofni öryggi sjúklinga í hættu,“ segir í bréfi sem Heilsugæslan á Dalvík sendi Landlæknisembættinu og síðar Persónuvernd vegna málsins. Persónuvernd hafði fengið kvörtun frá sjúklingi sem taldi sig hafa orðið fyrir tjóni vegna þess að sjúkraskrár hans frá þessum tíma fundust ekki og því ekki hægt að færa fram fullnægjandi sönnun um tiltekin atvik sem tengdust sjúkrasögu hans.

Samkvæmt skýringum Heilsugæslunnar á Dalvík var tölvukerfi stofnunarinnar uppfært árið 2003 með þjónustusamningi við fyrirtækið Anza og síðar Skrín ehf. Setja hafi átt upp netþjón með fjórum hörðum diskum sem ynnu í tveimur pörum þar sem allar upplýsingar yrðu skráðar í bæði pörin. Í mars 2006 hafi komi upp bilun í búnaðinum. Í ljós hafi komið að hann hafi ekki verið settur rétt upp og segulbandsspólur væru auðar.

„Samkvæmt ráðleggingum frá Theriak (sem selur og þjónustar sjúkraskrárkerfið) voru hörðu diskarnir sendir til Bretlands í von um að nálgast mætti gögn af þeim. Þetta tókst ekki og þá voru þeir sendir áfram í nánari greiningu í Póllandi. Þar tókst ekki heldur að endurvekja gögnin. Á þessum tímapunkti var ljóst að tapast höfðu öll gögn úr sjúkraskrárkerfi heilsugæslustöðvarinnar frá því í júní 2003 og þar til í apríl 2004 og engin leið að endurvekja þau,“ segir í útskýringum heilsugæslunnar.

Eftir þetta var netþjónninn settur upp eins og hann átti að vera og afritun breytt þannig að hún sé um símalínu til höfuðstöðva Skrín á Akureyri.

Persónuvernd segir ljóst að Heilsugæslustöðinni hafi borið að taka öryggisafrit af sjúkraskrám og varðveita á öruggum stað. Það hafi ekki verið gert. „Þá telur Persónuvernd að heilsugæslustöðinni hafi einnig borið að athuga það reglulega hvort öryggisafrit hefðu að geyma nauðsynlegar upplýsingar. Telur Persónuvernd að slíkt verði að athuga nægilega oft til að tryggja að öryggisafrit, sem hefur að geyma slíkar upplýsingar, sé ávallt á vísum stað,“ segir stofnunin sem nú hyggst kanna hvort öryggisafritun sjúkraskránna sé orðin fullnægjandi.

**gar@frettabladid.is**

Útför eiginkonu Tsvangirais:

# Mugabe óskar Tsvangirai góðs

**SIMBABVE, AP Þúsundir manna tóku þátt í minningarathöfn á þriðjudag um Susan Tsvangirai, eiginkonu Morgans Tsvangirai, forsætisráðherra Simbabve, í gær. Hún lést í bílslysi á föstudaginn og var jarðsungin í gær.**



**MORGAN TSVANGERAI**

**Robert Mugabe forseti, sem síðustu vikurnar hefur staðið við samning um að deila völdum í landinu með Tsvangirai, óskaði honum styrks í raunum hans.**

**Tsvangirai sagði á mánudag að engin brögð hefðu verið í tafli þegar hann og eiginkona hans lentu í bílslysinu á föstudag, það hefði verið bílslys og ekkert annað.** **- gb**

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins:

# Fresturinn rann út á miðnætti

**STJÓRNSÝSLA** Frestur til að sækja um starf forstjóra Fjármálaeftirlitsins rann út á miðnætti.

Gunnar Haraldsson, formaður stjórnar eftirlitsins, vildi í gærkvöldi ekkert segja um hversu margar umsóknir hefðu borist. Hann ítrekar hins vegar að ráðningarferlið sé opið og gegnsætt og að ráðið verði í gegnum ráðningarskrifstofu. „Við erum ekki að pikka út neitt fólk fyrirfram,“ segir hann.

Eitt síðasta verk fyrrum viðskiptaráðherra, Björgvins G. Sigurðssonar, var að láta ganga frá starfslokum Jónasar Fr. Jónssonar, þáverandi forstjóra eftirlitsins. **- kóþ**




Formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins segir nokkur mál á lokastigi:

# Endurskoðendaskýrslur verða sendar sérstökum saksóknara

**BANKAHRUNIÐ** Skýrslur endurskoðenda um aðdraganda bankahrunsins, sem nú eru í vörslu Fjármálaeftirlitsins, verða sendar í heild sinni sérstökum saksóknara, Ólafi Þ. Haukssyni. Þetta segir Gunnar Haraldsson, formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins.

„Við erum í samráði við sérstakan saksóknara og erum að undirbúa að senda mál til hans þar sem skýrslurnar munu fylgja. Við erum líka að samþykkja verklagsreglur, sem við höfum búið til í samvinnu við hann, til að tryggja að mál séu unnin á sem bestan hátt,“ segir Gunnar.

Fjöldi mála sé í rannsókn hjá eftirlitinu og nokkur þeirra á lokastigi. Þau verði send út til sérstaks saksóknara innan skamms. „Þetta er allt mjög vel á veg komið,“ segir Gunnar.

Hann var spurður hvort vísbendingar, sem komi fram í þeim málum sem verða send áfram, kunni að duga til að réttlæta það að kyrrsetja eignir þeirra sem eigi í hlut. Gunnar segist ekki treysta sér til að meta það. Sérstakur saksóknari verði betur til þess fallinn, þegar þar að kemur. **- kóþ**



**GUNNAR HARALDSSON** Stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins segir að það rannsaki nú fjölda mála og nokkur þeirra verði send innan skamms sérstökum saksóknara vegna bankahrunsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Látum hjólin snúast

Eyjamenn hafa lengi beðið eftir betri tengingu við meginlandið. Nú eru framkvæmdir byrjaðar. Suðurverk hf. vinnur af kappi að hafnargerð á Landeyjasandi og keypti nýlega fjóra Komatsu námutrukka til að flytja stórgrýti úr grjótnámu í Eyjafjöllum niður á sand.

Lýsing hf. fjármagnaði kaupin á trukkunum. Það verkefni naut góðs af þekkingu Lýsingar á íslensku athafnalífi en um árabil hefur fyrirtækið fjármagnað ýmsar tegundir atvinnutækja sem hafa nýst til góðra verka.



Lýsing óskar starfsmönnum Suðurverks til hamingju með trukkana og framkvæmdirnar. Við hjá Lýsingu erum stolt af samstarfinu við Suðurverk. Saman látum við hjólin snúast.

Lýsing hf. - Ármúla 3 - 108 Reykjavík - sími: 540 1500 - www.lysing.is

LÝSING

## GENGIÐ 11.03.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,78 | 112,32 |
| Sterlingspund | 153,83 | 154,57 |
| Evra | 142,07 | 142,87 |
| Dönsk króna | 19,067 | 19,179 |
| Norsk króna | 16,059 | 16,153 |
| Sænsk króna | 12,598 | 12,672 |
| Japanskt jen | 1,1354 | 1,142 |
| SDR | 163,62 | 164,6 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

174,6443

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kristinn Örn Jóhannesson kjörinn nýr formaður VR:

# L-listi náði kjöri í trúnaðarráð

**VINNUMARKAÐUR** Kristinn Örn Jóhannesson var í gær kjörinn nýr formaður VR. Kristinn Örn hlaut tæp 42 prósent greiddra atkvæða og var því nokkuð öruggur. Lúðvík Lúðvíksson fékk 30 prósent atkvæða Gunnar Páll Pálsson, fráfarandi formaður, hlaut fæst atkvæði, eða 28 prósent.

Algjör endurnýjun varð í trúnaðarmannaráði VR í kosningunum en L-listi Lúðvíks og stuðningsmanna hans náðu kjöri. Kristinn Örn segir að sín bíði nú að setja sig betur inn í starfsemi og málefni félagsins, ræða við starfsfólk og stjórnarmenn VR og leggja línur framtíðarinnar.



**TEKUR VIÐ Í APRÍL** Kristinn Örn Jóhannesson, nýr formaður VR, tekur við á aðalfundi í apríl.

„Það var mjög óvænt að allt trúnaðarráðið datt út þannig að það verður af mörgu að taka. Staðan er talsvert öðruvísi en ég bjóst við því að ég átti von á að trúnaðarráðið yrði að stærstu leyti óbreytt,“ segir hann.

Kristinn Örn tekur við formennskunni á aðalfundi í byrjun apríl og segir ekki ljóst hvort hann verði í fullu starfi hjá VR sem formaður eða ekki. Hann segist hafa lýst því yfir áður að helst vilji hann sjá formenn launþegahreyfingarinnar sem launþega sjálfa en „hvort það er raunhæft get ég ekki fullyrt á þessu stigi“, segir hann.

Hátt í þriðjungur félagsmanna VR, eða tæplega 7.000 manns, greiddi atkvæði í kosningunni. - ghs

Fíkniefnasali handtekinn:

## Með 40 grömm af kannabis

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu handtók fíkniefnasala í fyrradag.

Maðurinn var með hass og marijúana í fórum sínum. Efnin voru í sölupakkningum. Um var að ræða um fjörutíu grömm í jafnmörgum pakkningum.

Þá voru haldlagðar um eitt hundrað þúsund krónur í peningum hjá manninum. Hann var handtekinn í Hafnarfirði og færður til yfirheyrslu. Honum var sleppt að henni lokinni. Hann hefur komið við sögu hjá lögreglu áður vegna fíkniefnamála. - jss



**SANDUR FLÆÐIR YFIR** Flugvelli og skólum var lokað í höfuðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sandstormur í Sádi-Arabíu:

## Bifreiðar og hús þakin sandi

**SÁDI-ARABÍA, AP Gulur sandur hreinlega flæddi yfir Ríad, höfuðborg Sádi-Arabíu, í gær þegar sandstormur reið yfir. Enginn hægðarleikur var að þrífa gult sandrykið af bílum, götum og húsum eftir að ósköpin gengu yfir.**

**Loka þurfti alþjóðaflugvelli borgarinnar og skólum var einnig lokað. Sjúkrahús þurftu að senda neyðarhjálp til tuga fólks sem áttu í öndunarerfiðleikum.**

**Sandstormar eru nokkuð algengir í Sádi-Arabíu á þessum árstíma.** - gb

# Fimmtungur heimila skuldar umfram eign

**Áttatíu prósent heimila landsins eru með jákvæða eiginfjárstöðu en tuttugu prósent með neikvæða stöðu. Ástandið er viðkvæmt og þarf lítið til að fjölga í hópnum, segir Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur í Seðlabankanum.**

**FJÁRMÁL** „Þau heimili sem verða fyrir miklu áfalli, svo sem hækkun á greiðslubyrði og atvinnumissi, á sama tíma og þau glíma við þröngа eiginfjárstöðu, eiga á hættu að lenda í miklum vandræðum,“ segir Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur í Seðlabankanum, um bráðabirgðaniðurstöður starfshóps bankans um áhrif fjármálakreppunnar á efnahag heimilanna, sem kynntar voru í gær. Þó megi vænta að flestir standist þolraunina og fari ekki í þrot þrátt fyrir neikvæða eignastöðu.

Hann segir lítið þurfa til að breyta niðurstöðunum til hins verra. Aðstæður eru lítið skárri erlendis. Fjórðungur húseigenda í Bandaríkjunum er kominn í neikvæða eiginfjárstöðu nú um stundir auk þess sem staðan er slæm í Austur-Evrópu, að hans sögn.

Helstu niðurstöður Seðlabankans eru þær að tæplega tuttugu prósent heimila landsins eru þegar komin í neikvæða eiginfjárstöðu og 22 prósent á jaðrinum eftir efnahagshrunið í haust.

Athygli vekur að stærsti hópur þeirra sem þegar er kominn í neikvæða eiginfjárstöðu er fólk á aldrinum 30 til 44 ára. Næst á eftir koma fasteignaeigendur á aldursbilinu 45 til 59 ára í sömu stöðu.

Greiningin byggir á gagnagrunni með fjárhagslegum upplýsingum sem Seðlabankinn aflaði í samstarfi við fjármálafyrirtækin um eignir og skuldir áttatíu þúsund heimila landsins.

Gagnagrunnurinn er einstakur og engin sambærileg gögn til, að sögn Þorvarðar Tjörva.



**LJÓSI VARPAÐ Á STÖÐUNA** Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur hjá Seðlabankanum, segir líklegt að flestir þeirra sem lendi í neikvæðri eignastöðu þoli áraunina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrstu niðurstöður benda til að af 80 þúsund hús- og íbúðaeigendum séu 70 þúsund með húsnæðisskuldir sem eru minni en þrjátíu milljónir króna. Þeir sem verst eru staddir eru 2.400 húseigendur með lán í erlendri mynt eða blönduð lán en þeir eru að glíma við neikvæða eiginfjárstöðu upp á meira en fimm milljónir króna.

Þorvarður Tjörvi bendir á að veikasti hlutinn séu skortur á upplýsingum um tekjur heimila landsins og lánveitingar lífeyrissjóða. Það komi í veg fyrir nákvæma greiningu á greiðslubyrði. Áætlað er að bæta þeim við á næstu vikum þegar ítarlegri upplýsingar verða kynntar. jonab@markadurinn.is

**Samsetning heimila í neikvæðri eiginfjárstöðu**




Hæstiréttur:

## Síbrotamaður áfram inni

**DÓMSMÁL Síbrotamaður sætir áfram gæsluvarðhaldi, eða þar til dómur gengur í máli hans, samkvæmt dómi Hæstaréttar.**

**Maðurinn hefur verið ákærður fyrir héraðsdómi. Í ákæruskjali eru honum gefin að sök fjölmörg afbrot, einkum auðgunarbrot og önnur fjármunabrot. Má þar nefna fjölda nytjastulda á bifreiðum og þjófnaðarbrot, sem varða mikla fjármuni. Maðurinn á að baki töluverðan sakarferil. Þar á meðal dóma vegna auðgunarbrota.** - jss

Skotárás í Bandaríkjunum:

## Myrti níu og drap sjálfan sig

**BANDARÍKIN, AP** Michael McLendon, maður á þrítugsaldri, myrti níu manns og drap síðan sjálfan sig í Alabama í Bandaríkjunum í gær.

McLendon hóf æðið á því að kveikja í móður sinni og húsi hennar ásamt því að skjóta fjóra hunda þar. Síðan ók hann 19 kílómetra að heimili ættingja sinna í öðrum bæ, þar sem hann skaut þrjá ættingja sína og tvo aðra í einu húsi ásamt því að skjóta enn einn ættingjann í næsta húsi við hliðina. Eftir þetta ók hann um bæinn og skaut á fólk, að því er virðist tilviljanakennt. Þrjár manneskjur létu þar lífið. Loks ók hann út úr bænum þegar lögreglan birtist og svipti síðan sjálfan sig lífi. - gb

### KJARAMÁL

**Ríkisstarfsmenn bíða líka**

Verið er að ganga frá viðræðuáætlunum milli hins opinbera og stéttarfélaga á opinberum markaði sem eiga lausa samninga í vor. Í viðræðuáætlunum er gert ráð fyrir að bíða með samningaviðræður fram í júní þegar ný ríkisstjórn verður tekin við.

### DÓMSTÓLAR

**Seldi bíl í heimildarleysi**

Karlmaður um tvítugt hefur verið ákærður fyrir að selja bíl í heimildarleysi á 350 þúsund krónur. Hann náði með því að svíkja seljandann um 250 þúsund krónur. Seljandinn gerir skaðabótakröfu upp á síðarnefndu upphæðina.






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGARHORFUR**

Nokkuð illa horfir með veður fyrrihluta helgarinnar. Á laugardag eru horfur á norðaustan stormi norðvestan til á landinu og úti við norðurströndina. Annars staðar verður strekkingur. Mikla snjókomu er að sjá á Vestfjörðum og norðan til, annars verður yfirleitt slydda eða rigning. Á sunnudag lægir víðast nokkuð með éljum nyrðra annars þurrt.



**Á MORGUN** Vaxandi austan átt, 18-23 m/s sunnan til með kvöldinu.

**LAUGARDAGUR** 18-23 m/s norðvestan til annars eitthvað hægari

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Amsterdam | 11° |
| Basel | 9° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 6° |
| Eindhoven | 11° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 15° |
| New York | 6° |
| Orlando | 28° |
| Osló | 1° |
| París | 12° |
| Róm | 16° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**Kúpon.is og EJS kynna Hönnunarkeppni**

Vinnur þú glæsilega Dell fartölvu?
Kannaðu málið á kúpon.is

EJS 1939 70 2009

# kúpon.is

**ný og betri leið til að spara**




**Til hamingju með kúpon afsláttarkortið.**




**Skoðaðu tilboðin inn á kúpon.is**




**Hafðu kortið með í verslunarferðina og framvísaðu kortinu við afgreiðsluna.**

Þú færð kortið án endurgjalds á kúpon.is

**Vertu viss um að þú sért skráð/ur á póstlista kúpon.is**

Glæsilegur ferðavinningur frá Iceland Express dreginn út í vikunni.

Iceland Express

## KJÖRKASSINN



*Ert þú sátt(ur) við vinnubrögð alþingismanna síðustu daga?*

| | |
|---|---|
| Já | 23,6 |
| Nei | 76,4 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætti ríkið að útvega eldtrausta geymslu undir handrit íslenskra tónskálda?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Deilt um aðildarumsókn að Evrópusambandinu á Alþingi:

# Formannsefni sagt stefnulaust

**ALÞINGI** Þingmenn Framsóknarflokks og Samfylkingar sökuðu Sjálfstæðisflokkinn og formannsefni hans, Bjarna Benediktsson, um stefnuleysi í Evrópumálum á Alþingi í gær. Sjálfstæðismenn þvertóku fyrir það og sökuðu Samfylkinguna á móti um að hafa skipt um skoðun. Afstaða til ESB skipti engu þegar kæmi að stjórnarsamstarfi við Vinstri græna.

Valgerður Sverrisdóttir var málshefjandi og spurði Bjarna beint út í afstöðu hans. Bjarni sagðist í engu hafa skipt um skoðun. Hins vegar hefði hann alltaf verið mikill efasemdamaður um að Íslendingar næðu góðum samningum við Evrópusambandið og hann teldi að heildarhagsmunum okkar væri betur borgið utan þess en innan. Hins vegar væru gildar ástæður til að taka Evrópumálin til endurskoðunar; slæm staða krónunnar og brotthvarf bandarísks hers gæfi tilefni til þess. Sigurður Kári Kristjánsson sagði stefnu Sjálfstæðisflokksins skýra; hann væri á móti aðild að ESB. Það gæti hins vegar breyst á landsfundi eftir lýðræðislega málsmeðferð.

Mörður Árnason sagði afstöðu til ESB verða eitt af höfuðatriðum við næstu stjórnarmyndun, hvernig sem hún yrði. Pétur H. Blöndal sagði ESB hins vegar vilja keyra Íslendinga í fátækt með kröfu sinni í Icesave-málinu.

Enginn þingmanna Vinstri grænna tók þátt í umræðunni.

**- kóp**



**VILL ENDURSKOÐUN** Bjarni Benediktsson segir gildar ástæður til að endurskoða Evrópumálin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fíkniefnavarnir SÞ:

## Segja fíkniefnabaráttu vonlitla

**AUSTURRÍKI, AP** Fíkniefna- og glæpavarnaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna segir að baráttan gegn fíkniefnum á heimsvísu sé að tapast.

Í nýrri skýrslu frá skrifstofunni segir að allt sé vaðandi í fíkniefnum, allt of margir séu háðir þeim og of mikið af glæpum og ofbeldi tengist fíkniefnaviðskiptum.

Ekki er þó allt svart, því skrifstofan hrósar Afganistan, Pakistan og Íran sérstaklega fyrir að hafa í fyrsta sinn efnt til sameiginlegra aðgerða á sunnudag og bæði handtekið smyglara og lagt hald á fíkniefni á landamærum ríkjanna þriggja.

**- gb**






# Myrti sautján og dó í bardaga við lögreglu

**Þjóðverjar eru slegnir eftir að sautján ára fyrrverandi nemandi við gagnfræðaskóla í Suðvestur-Þýskalandi myrti í skotæði í gær sautján manns og féll síðan sjálfur í skotbardaga við lögreglu. Blóðbaðið er jafnmikið og í Erfurt árið 2002.**

**ÞÝSKALAND, AP** Sautján ára fyrrverandi nemi við gagnfræðaskóla í Winnenden, vestur af Stuttgart í Þýskalandi, banaði í gær sautján manns í skotæði í skólanum og á flótta af vettvangi. Hann var drepinn í skotbardaga við lögreglu.

Þetta er mannskæðasta skólaskotárásin sem framin hefur verið í Þýskalandi frá árinu 2002.

Að sögn lögreglu gekk árásarmaðurinn inn í Albertville-gagnfræðaskólann í Winnenden í gærmorgun og fór að skjóta af handahófi á það fólk sem á vegi hans varð. Hann banaði tíu nemum, þremur kennurum og vegfaranda fyrir utan skólahúsið. Hann flýði síðan af vettvangi. Hann var kominn um 40 kílómetra í burtu er lögreglu tókst að umkringja hann. Þá skaut hann tvo vegfarendur til bana í skotbardaga við lögreglu. Loks hlaut hann banvæn skotsár sjálfur. Tveir lögreglumenn hlutu alvarleg skotsár en lifðu af.

Fjórum klukkustundum eftir að skotárásin í skólanum hófst tilkynnti lögreglan að árásarmaðurinn væri látinn. Hún lét ekki aðrar upplýsingar uppi um hann en hann hafi heitið Tim og eftirnafn hans byrjaði á K, auk þess sem hann hafi útskrifast frá skólanum í fyrra. Byssuna kvað hann hafa tekið úr löglegu vopnasafni foreldra sinna.

Að því er haft er eftir Helmut Rau, menntamálaráðherra í héraðsstjórn Baden-Württemberg, á fréttavef Der Spiegel var Tim K. drengur sem „ekkert bar á“ út á við. Hann hefði svo vitað sé aldrei orðið uppvís að nokkurri afbrigðilegri hegðun. En að því er haft er eftir fyrrverandi skólabróður Tims var hann „mjög vonsvikinn“. Hann hafi fallið á lokaprófunum í skólanum í fyrra.

**audunn@frettabladid.is**




**SKOTÆÐI** Rannsóknarlögreglumenn á vettvangi við innganginn að Albertville-gagnfræðaskólanum í Winnenden í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### SKOTÁRÁSIR Í SKÓLUM

- 13. september 2008. Matti Saari, 22 ára nemi, skaut níu aðra nemendur og einn kennara til bana áður en hann skaut sjálfan sig í iðnskóla í Kauhajoki í Finnlandi.
- 14. febrúar 2008. Steven Kazmierczak, 27 ára fyrrverandi nemi, hóf skotárás í kennslusal, myrti fimm nemendur og særði átján að auki áður en hann framdi sjálfsvíg í Northern Illinois-háskólanum í DeKalb í Bandaríkjunum.
- 7. nóvember 2007. Pekka-Eric Auvinen, 18 ára, skaut átta manns og sjálfan sig að auki í framhaldsskóla í Tuusula í Finnlandi.
- 16. apríl 2007. Cho Seung-Hui, 23 ára, varð 32 að bana á stúdentagarði og í skólastofu Virginia Tech-háskólans í Blacksburg í Bandaríkjunum, og skaut síðan sjálfan sig.
- 20. nóvember 2006. Sebastian Bosse, 18 ára, gekk berserksgang í framhaldsskóla í Emsdetten í Þýskalandi, þar sem hann hafði áður stundað nám, skaut og særði fjóra nemendur og húsvörð. Lögregla fann hann síðar látinn.
- 26. apríl 2002. Robert Steinhäuser, 19 ára, sem hafði verið rekinn úr skóla í Erfurt í Þýskalandi, varð þrettán kennurum, tveimur fyrrverandi bekkjarfélögum sínum og einum lögreglumanni að bana áður en hann drap sjálfan sig.
- 20. apríl 1999. Eric Harris og Dylan Klebold urðu 12 bekkjarfélögum sínum og einum kennara að bana áður en þeir frömdu sjálfsvíg í skotárás í Columbine High framhaldsskólanum í Littleton í Colorado, Bandaríkjum. 26 manns særðust.
- 13. mars 1996. Thomas Hamilton, 46 ára, myrti sextán leikskólabörn og kennara þeirra í Dunblane í Skotlandi, en framdi síðan sjálfsvíg.









Blaðamannafélag Íslands ósátt við dóm yfir blaðamanni Vikunnar:

# Íhuga að leita til Strassborgar

**FJÖLMIÐLAR** Blaðamannafélag Íslands (BÍ) mótmælir harðlega nýlegum dómi Hæstaréttar yfir blaðamanni Vikunnar og íhugar að leita til Mannréttindadómstólsins í Strassborg vegna hans. Félagið segir dóminn skilja blaðamenn eftir í algjörri réttaróvissu.

Dómurinn féll vegna greinar í Vikunni um Ásgeir Davíðsson á Goldfinger þar sem Ásgeir var sakaður um vændisstarfsemi. Í greininni var rætt við fyrrverandi nektardansmær á staðnum. „Í dómnum er blaðamaður talinn bera ábyrgð á ummælum sem staðfest er að höfð eru rétt eftir viðmælanda blaðsins,“ segir í ályktun BÍ.

Segir í ályktun BÍ að með þessu sé Hæstiréttur að „skjóta sendiboðann“, og að niðurstaðan breyti verulega starfsumhverfi blaðamanna og möguleikum þeirra til að fjalla um umdeild samfélagsmál.

Tvenn lög gilda um starfshætti íslenskra fjölmiðlamanna. Annars vegar lög um prentrétt, sem gilda um blaðamenn, og hins vegar útvarpslög, sem gilda um starfsmenn ljósvakamiðla.

Ákvæði laganna um ábyrgð á efni miðlanna eru ekki sambærileg. Þannig bera starfsmenn prentmiðla alltaf ábyrgð á meintum refsiverðum ummælum viðmælenda sinna, eftir atvikum ásamt viðmælandanum. Hins vegar segir í útvarpslögum að sá sem flytji efni í sjónvarpi eða útvarpi beri ábyrgð á því sjálfur, en ekki miðillinn eða starfsmenn hans.

**- sh**



**ÁSGEIR** Blaðamannafélagið er ósátt við niðurstöðu dóms er snýr að Ásgeiri.




# TAX FREE DAGAR

## *Fatnaður á alla fjölskylduna*

Dagana 12.-15. mars afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 15. mars 2009.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

norden

## Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs 2009

Norðurlandaráð veitir náttúru- og umhverfisverðlaun í fimmtánda sinn á þessu ári. Verðlaunin eru 350 þúsund danskar krónur.

**Þema ársins 2009**
Umhverfis- og náttúruverðlaun Norðurlandaráðs árið 2009 eru veitt einkareknu eða opinberu fyrirtæki, samtökum eða einstaklingi sem sýnt hefur frumkvæði við að hvetja almenning til útivistar og stuðlað að auknum skilningi á mikilvægi náttúrunnar og fyrir líkamlega og andlega heilsu fólks.

Markmið Norðurlandaráðs með þema ársins 2009 er að auka skilning á náttúrunni og beina sjónum að þeim verðmætum sem náttúran hefur upp á að bjóða. Útivist eykur almenna þekkingu okkar á náttúrunni og kennir okkur að meta hana, en bætir jafnframt líkamlega og andlega heilsu.

Það er því þörf fyrir fyrirtæki, samtök og einstaklinga sem eru í fararbroddi við að hvetja til útivistar og auka skilning almennings á mikilvægi náttúrunnar og stuðla að betri líkamlegri og andlegri heilsu.

Allir geta tilnefnt verðlaunahafa. Í rökstuðningi fyrir tillögunni skal felast greinargóð lýsing á starfi hins tilnefnda, þar með talin lýsing á umfangi þess og gæðum, jákvæðum áhrifum og þátttöku almennings. Einnig skal því lýst nánar í hverju verkefnið felst og hver hafi innt það af hendi. Tillagan skal vera tvö A4-blöð hið mesta og skal vera hægt að fjölfalda hana og rökstuðninginn.

Verðlaunahafinn er valinn af dómnefnd sem skipuð er fulltrúum norrænu ríkjanna fimm og sjálfsstjórnarsvæðanna þriggja: Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Tillögunni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem þarf að hafa borist starfsmönnum dönsku sendinefndarinnar í Norðurlandaráði með pósti í síðasta lagi föstudaginn 24. apríl 2009 kl.12:00. Eyðublaðið má sækja á vefsíðu Norðurlandaráðs, www.norden.org, eða á skrifstofu dönsku sendinefndarinnar.

**Norðurlandaráð**
Danska sendinefndin
Christiansborg
DK-1240 København K

Sími +45 3337 5999
Fax +45 3337 5964
Netfang: nrpost@ft.dk

Obama segir engan sigur í sjónmáli í Afganistan:

# Biden segir ástandið versna

**BELGÍA, AP** Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, segir ástandið í Afganistan fara versnandi. Sama gildi um nágrannaríkið Pakistan.

Hann hvetur aðildarríki Atlantshafsbandalagsins til að taka höndum saman gegn Al Kaída og öðrum öfgahópum í þessum heimshluta.

„Versnandi ástand í þessum heimshluta ógnar ekki aðeins öryggi Bandaríkjanna heldur allra ríkja sem eiga fulltrúa við þetta borð,“ sagði Biden á fundi með sendiherrum allra 26 ríkja Atlantshafsbandalagsins, sem haldinn var í Brussel.



**JOE BIDEN OG JAAP DE HOOP SCHEFFER** Varaforseti Bandaríkjanna og framkvæmdastjóri NATO á fundinum í Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barack Obama Bandaríkjaforseti lýsti því yfir í viðtali um helgina að Bandaríkjamenn væru sem stendur ekki að vinna neinn sigur í Afganistan. Jafnframt sagði hann vel koma til greina að ræða við fulltrúa hófsamra talibana og hvetja þá til samstarfs við stjórnvöld í Afganistan. Hugsanlega megi fara svipaðar leiðir og tókst að nokkru í Írak, að fá uppreisnarmenn súnní-múslima til liðs við stjórnvöld.

Hamid Karzai, forseti Afganistans, fagnaði þessum yfirlýsingum Obamas. Hann sagði þó að sumir hópar talibana geti aldrei fallist á sættir. Engu síður væri rétt að ræða við þá sem „þora ekki að snúa aftur til landsins, eða sem telja sig ekki eiga neina aðra kosti en að vera áfram í hópi með talibönum“. - gb

# Baugur Group tekið til gjaldþrotaskipta

**Héraðsdómur hafnaði í gær beiðni Baugs Group um áframhaldandi greiðslustöðvun. Dómari taldi áform um endurskipulagningu félagsins óraunhæf.**

**VIÐSKIPTI** Stjórn Baugs Group ákvað í gær að óska eftir gjaldþrotaskiptum félagsins í kjölfar synjunar Héraðsdóms Reykjavíkur á áframhaldandi greiðslustöðvun.

Í yfirlýsingu Kristínar Jóhannesdóttur, formanns stjórnar Baugs, segir að niðurstaða héraðsdóms sé mikil vonbrigði og komi mjög á óvart því stjórnin teldi félagið uppfylla öll skilyrði fyrir áframhaldandi greiðslustöðvun og að áætlanir um endurskipulagningu hafi verið raunhæfar.

„Stjórnendur og starfsmenn Baugs hafa unnið hörðum höndum við að bjarga verðmætum í fyrirtækinu í samvinnu við kröfuhafa félagsins alveg síðan í haust þegar bankakerfið hrundi á Íslandi í kjölfar lánsfjárkreppunnar. Við töldum okkur komin langleiðina með að ná samningum, sem allir hefðu getað vel við unað,“ segir í yfirlýsingu Kristínar.

Í úrskurði héraðsdóms segir að ráðagerðir Baugs Group til að endurskipuleggja félagið séu ekki raunhæfar og þar með ekki líklegar til að koma nýrri skipan á fjármál félagsins. Með því féllst dómurinn á rök skilanefndar Glitnis og Íslandsbanka, sem kröfðust þess að félagið fengi ekki lengri greiðslustöðvun, heldur yrði sett í þrot.

Ragnar H. Hall, lögmaður Baugs Group, segir þessa niðurstöðu vitanlega ákveðin vonbrigði. Ekki er mögulegt að kæra niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar og hún er því endanleg. Fram kemur í úrskurði héraðsdóms að skuldir Baugs Group umfram eignir hafi verið um 148 milljarðar króna í janúar. Baugur skuldar Íslandsbanka tæplega 6 milljarða króna, og Glitni um 42 milljarða, að því er fram kom við flutning málsins í héraðsdómi.



**BAUGSFJÖLSKYLDAN** Niðurstaða gærdagsins var Jóhannesi Jónssyni og börnum hans gífurleg vonbrigði. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

Ekki náðist í gærkvöldi samband við Jón Ásgeir Jóhannesson, einn aðaleigenda og fyrrverandi stjórnarformann Baugs, sem er erlendis. Á visir.is var í gær hins vegar haft eftir Jóni að honum liði hræðilega eftir tíðindin. Hann færi ekki ofan af því að sú áætlun sem stjórn Baugs hefði sett fram í janúar sé langbesta leiðin til að vernda verðmæti eigna Baugs.

Þá sagði Jón á visir.is að gjaldþrot Baugs myndi ekki hafa áhrif á félagið Haga, sem meðal annars rekur Bónus og Hagkaup, eða á fjölmiðlafyrirtækið 365 sem er að stórum hluta í eigu Jóns og gefur meðal annars út Fréttablaðið.

Jóhannes Jónsson, faðir Jóns og Kristínar, sem einnig er í útlöndum, vildi ekkert tjá sig um málið þegar rætt var við hann í gær.

brjann@frettabladid.is
gar@frettabladid.is

Prófkjör Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi:

Við bjóðum okkur fram til að vinna og byggja upp réttlátt samfélag




**Prófkjör fyrir fimm efstu sætin á framboðslista Samfylkingar í Suðvesturkjördæmi fer fram 12.-14. mars**

Kjósendur geta kosið á tvennan hátt:

a. á netinu dagana, 12. - 14. mars á vefsvæðinu samfylking.is.
Lykilorð verða send í heimabanka kjósenda

b. á kjörstað í húsnæði Samfylkingar laugardaginn 14. mars kl. 10 - 17,
Mosfellsbæ: Þverholti 3, Kópavogi: í Hamraborg 11, 3. hæð,
Hafnarfirði: Strandgötu 43.
Utan kjörfundar fim. 12. og fös. 13. í Kópavogi og Hafnarfirði kl. 16 - 18.

**Prófkjörinu lýkur kl 17:00 á laugardag.**

Kosningarétt hafa félagar Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi sem eru á kjörskrá en einnig þeir stuðningsmenn sem þegar hafa skráð sig.

Framvísa þarf persónuskilríkjum á kjörstað.

Upplýsingar um frambjóðendur og fyrirkomulag í síma 565 3113 og á www.samfylking.is

Samfylkingin



Tímamót á Taco Bell !
100.000
taco seldar á Íslandi
Tímamótapartí í Nesti Ártúnshöfða
í dag milli kl. 17.00 og 20.00
FM 957 á staðnum með DJ Þórð Daníel fremstan í flokki.
Bjarni töframaður gerir blöðrudýr fyrir börnin.
Spilaðu Taco Bell-leikinn á tacobell.is og þú getur unnið fría máltíð.
Tímamótatilboð á Taco Bell Ártúnshöfða og Hafnarfirði 12.-22. mars.
Það þarf lausa skrúfu til að sleppa þessu!!!
Texas-tilboð:
Taco Beef Supreme
Spicy Chicken Taco
Fiesta Potatoes
Mountain Dew í flösku
Aðeins 599 kr.
Aðeins 399 kr.
Mexico-tilboð:
Taco Beef Supreme
Spicy Chicken Burrito
Fiesta Potatoes
Mountain Dew í flösku
Caramel Empanada desert
TACO BELL
Ártúnshöfða | Sími 577 6959
Hjallahrauni 15 | Sími: 555 0828 | www.tacobell.is
PIPAR • SÍA • 90439

# Kosningaplagg eða krafa þjóðfélagsins

**Þingmenn nefndu frumvarp um stjórnskipunarlög ýmist kosningaplagg eða svar við lýðræðiskröfu þjóðfélagsins. Ásakanir gengu á víxl um annarlegar hvatir á Alþingi í gær. Sjálfstæðismenn eru einangraðir í afstöðu sinni á þingi.**

**ALÞINGI** Fyrstu umræðu um stjórnskipunarlög lauk á Alþingi í gær, en henni hafði verið frestað kvöldið áður. Illa gekk að hefja umræðuna þar sem Sjálfstæðisflokkurinn gagnrýndi harðlega að hvorki Jóhanna Sigurðardóttir né Steingrímur J. Sigfússon, fyrstu flutningsmenn, voru í salnum. Fundi var frestað í 10 mínútur á meðan ráðherrarnir komu sér í hús.

Sjálfstæðisflokkurinn hélt áfram uppi harðri gagnrýni á frumvarpið. Geir H. Haarde kvartaði undan samráðsleysi, bæði við þing og þjóð, og efaðist um að málið væri unnið af fullum heilindum. Hann velti því upp hvort það væri lagt fram til að friða Framsóknarflokkinn. Augljós mótsögn væri fólgin í því að breyta nokkrum greinum stjórnarskrár áður en hún væri send til meðferðar stjórnlagaþings.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir tók undir þessa gagnrýni og spurði hvort frumvarpið væri kosningaplagg. Björn Bjarnason og Bjarni Benediktsson sögðu það að fela stjórnlagaþingi stjórnarskrárbreytingu græfi undan virðingu Alþingis og Bjarni gagnrýndi að engin hugmynd væri um kostnað.



**ALÞINGI** Umræðu um stjórnskipunarlög, sem frestað var á þriðjudag, var fram haldið í gær, samkvæmt samkomulagi. Sjálfstæðismenn gagnrýna frumvarpið harðlega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Steingrímur J. Sigfússon sagði alþekkt að stjórnarskrá væri breytt skömmu fyrir kosningar. Hann rifjaði upp að sjálfur hafði hann beðið þáverandi forsætisráðherra, Geir H. Haarde, um að halda áfram starfi stjórnarskrárnefndar eftir kosningar 2007. Geir hafi sagt það óþarfa, nóg væri að huga að því skömmu fyrir kosningar. Þá sagði hann forystumenn hafa brugðist þjóðinni og því þyrfti hún sjálf að setja sér reglur.

Össur Skarphéðinsson tók undir það og sagði það reynslu sína á setu í stjórnarskrárnefnd að þar dyttu menn í pólitískar skotgrafir. Því væri málinu betur komið fyrir hjá þjóðinni. Nefnd sú sem hann átti sæti í hefði haldið ráðstefnur og fengið fullt af hugmyndum frá almenningi en enginn vilji hefði verið fyrir því að fara eftir þeim.

Siv Friðleifsdóttir sagðist undrast að Sjálfstæðisflokkurinn læsi samfélagið ekki réttara en svo að hann réðist gegn hugmyndum um stjórnlagaþing. Þá sagði Eygló Harðardóttir blinda trú Sjálfstæðisflokksins hafa komið samfélaginu í rúst og nú ætlaði hann að koma í veg fyrir að hægt væri að þrífa upp eftir hann.

kolbeinn@frettabladid.is


**Aðalfundur**
**Sláturfélags Suðurlands svf.**

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Laugalandi Holtum, föstudaginn 27. mars 2009 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:
1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins.
2. Tillaga stjórnar um breytingar á 17. gr. samþykkta félagsins.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 6. mars 2009.
**Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.**

**Tækifæri í mars**

Stavanger-línan

Vandaðir lampar á kostakjörum. Með færanlegum armi og innbyggðum dimmanlegum rofa. Margir litir.

**Gólflampi** – AN19632-xx.
Tækifærisverð: 11.900 kr. stgr.

**Borðlampi** – AN18632-xx.
Tækifærisverð: 7.900 kr. stgr.

Fjöldi annarra girnilegra tilboða!

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA

**FUNHEITT TILBOÐ**
á 1 lítra Kókómjólk
Gott á brúsann!




ÍSLENSKA SIA.IS MSA 45550 03.09

www.ellingsen.is



COLUMBIA-DAGAR
5.–14. mars
35–50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM COLUMBIA FATNAÐI
Columbia Sportswear Company
Ellingsen
– fullt hús ævintýra
TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

**Opinn fundur um lausnir**
**Pétur H. Blöndal í 2. sæti**



- Fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar
- Endurreisn efnahagslífsins, uppgjör við fortíðina og lausnir til framtíðar
- Þrískipting valdsins og öflugra Alþingi

**Október hrunið - hvað svo?**
*Hugmyndir Péturs um leiðir og lausnir á vandanum.*

Opinn fundur á Háskólatorgi, stofu HT105, fimmtudagskvöld klukkan **20:00 - 22:00.** Fundarstjóri **Gylfi Zoega** prófessor við Háskóla Íslands.





Tveggja mánaða fangelsi:

## Þrykkti sambýliskonu í gólfið

**DÓMSMÁL** Nær þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að ráðast á konu. Hann var dæmdur til að greiða henni 150 þúsund krónur í miskabætur. Þá missti hann ökuleyfið í eitt ár.

Parið bjó saman á þessum tíma. Þau voru að koma frá Litla-Hrauni, þar sem konan hafði heimsótt vin sinn. Maðurinn tók hana hálstaki þegar heim var komið, settist ofan á hana og þrykkti henni í gólfið.

Hann á að baki talsverðan sakaferil. - jss

Nýir forystumenn leiða þrjá stóra stjórnmálaflokka í kosningunum í apríl:

# Sagan endurtekur sig frá því síðast

**STJÓRNMÁL** Nýir formenn munu leiða Framsóknarflokkinn, Samfylkinguna og Sjálfstæðisflokkinn í kosningunum í apríl. Sama var upp á teningnum í kosningunum vorið 2007.

Enn er óvíst hverjir verða formenn Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Geir H. Haarde sækjast ekki eftir endurkjöri.

Síðustu kosningar voru þær fyrstu – og einu – sem Ingibjörg og Geir fóru fyrir flokkum sínum. Bæði tóku við formennsku árið 2005, tveimur árum fyrir kosningar. Nú láta þau af embættum aðeins fáum vikum fyrir kosningar.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var kjörinn formaður Framsóknarflokksins í janúar. Hann tók við af Valgerði Sverrisdóttur sem tók við af Guðna Ágústssyni sem tók við af Jóni Sigurðssyni sem fór fyrir flokknum í kosningunum 2007.

Nýir varaformenn verða einnig í brúnni hjá Framsókn og Samfylkingu. Birkir J. Jónsson er nýr varaformaður Framsóknar en kosið verður um varaformann Samfylkingarinnar á landsfundi síðar í mánuðinum. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, sækist eftir endurkjöri.

Guðni Halldórsson býður sig fram gegn Guðjóni A. Kristjánssyni, formanni Frjálslynda flokksins, en kosið verður á landsþingi um næstu helgi. Ekki er við öðru að búast en að Steingrímur J. Sigfússon verði áfram formaður Vinstri grænna. - bþs



| FRAMSÓKNARFLOKKURINN | |
|---|---|
| Halldór Ásgrímss. | 1994-2006 |
| Jón Sigurðsson | 2006-2007 |
| Guðni Ágústsson | 2007-2008 |
| Valgerður Sverrisd. | 2008-2009 |
| Sigm. D. Gunnlaugss. | 2009- |

| SAMFYLKINGIN | |
|---|---|
| Össur Skarphéðinsson | 2000-2005 |
| Ingibj. Sólrún Gíslad. | 2005-2009 |
| ? | 2009- |

| SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN | |
|---|---|
| Davíð Oddsson | 1991-2005 |
| Geir H. Haarde | 2005-2009 |
| ? | 2009- |

| FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN | |
|---|---|
| Sverrir Hermannsson | 1998-2003 |
| Guðjón A. Kristjánsson | 2003-? |



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Brennisteinsmengun veldur Hvergerðingum áhyggjum.

Brennisteinn á Hellisheiði:

## OR mæli ekki eigin mengun

**UMHVERFISMÁL** **„Bæjarráð hlýtur að undrast það viðhorf sem fram kemur í bréfi Umhverfisstofnunar að sá sem mengar eigi að hafa umsjón með mælingum á áhrifum mengunarinnar," segir bæjarráð Hveragerðis sem er ósátt við þá skoðun Umhverfisstofnunar að Orkuveita Reykjavíkur annist vöktun á áhrifum af brennisteinsvetni frá eigin jarðvarmavirkjunum á Hellisheiði. „Slíkt fyrirkomulag hlýtur alltaf að vekja spurningar um hæfi viðkomandi aðila til að sjá um þennan þátt. Það væri mun trúverðugra ef óháður aðili sæi um slíkar mælingar þó að fyrirtækið myndi síðan greiða fyrir rannsóknirnar," segir bæjarráðið sem vill að Umhverfisstofnun annist mælingarnar.** - gar

Félag um foreldrajafnrétti:

## Bæklingur um lítinn rétt karla

**JAFNRÉTTISMÁL** Félag um foreldrajafnrétti hefur gefið út bækling sem meðal annars er ætlað að varpa ljósi á það að réttarstaða íslenskra karla hvað varðar jafnrétti foreldra sé líklega sú lakasta í vestrænum ríkjum.

Segir í tilkynningu um bæklinginn að Ísland hafi sérstöðu og sé einangrað á sviði löggjafar um rétt barna til beggja foreldra sinna eftir skilnað. Rannsóknir sýni að hagsmunir barna liggi fyrst og fremst í miklum tengslum við báða foreldra sína.

Bæklingurinn var afhentur Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra í Þjóðmenningarhúsinu. - sh

Sparkaði, braut og bramlaði:

## Maður ærðist á Eyrarbakka

**LÖGREGLUMÁL** **Maður fékk æðiskast við veitingastaðinn Rauða húsið á Eyrarbakka aðfaranótt sunnudagsins. Hann skemmdi lampa inni á veitingahúsinu og að því búnu æddi hann út og réðist að næsta bíl og sparkaði í hann. Lögregla hafði afskipti af manninum, sem virtist lítið róast við það. Eftir handtöku reyndi hann ítrekað að skalla lögreglumenn. Maðurinn var ölvaður og því vistaður í fangageymslu.**

**Nokkuð annasamt var hjá lögreglunni á Selfossi um helgina. Sinna þurfti umferðarlagabrotum, fíkniefnamáli og innbrotum í hús og bíla.** - jss





Kynntu þér úrræðin

KAUPÞING

Starfsfólk Kaupþings aðstoðar þig við allt sem tengist fjármálum heimilisins og breyttum aðstæðum og leitar hentugra úrræða fyrir þig.

- Heimilisbókhald
- Stöðumat
- Netdreifing/útgjaldadreifing
- Úrræði í greiðsluerfiðleikum
- Sparnaðarleiðir
- Lífeyris- og tryggingamál

Kynntu þér málin á www.kaupthing.is, hafðu samband í síma 444-7000 eða komdu við í næsta útibú Kaupþings.

„ORÐRÉTT“

*Jóhanna um formannsmál*

**„Það er nokkuð ljóst að ég mun ekki gera þetta en ég er að íhuga þessa miklu hvatningu sem ég hef fengið.“**

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR FORSÆTISRÁÐHERRA

*Öllum ljóst hvað fram undan er*

**„Það sem við höfum sagt og stendur að sjálfsögðu er að það verða engar skattabreytingar gerðar í tíð þessarar ríkisstjórnar.“**

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON FJÁRMÁLARÁÐHERRA

tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HALLGRÍMUR ÓLAFSSON, LEIKARI OG VEIÐIMAÐUR

# *Er kominn í langþráð æfingafrí*



„Það er svo sem allt það besta að frétta af mér. Er kominn í langþráð æfingafrí eftir mjög annasaman og skemmtilegan vetur. Hef því meiri tíma fyrir sjálfan mig og dóttur mína, fara í sund og leika mér,“ segir Hallgrímur Ólafsson, leikari í Borgarleikhúsinu. „ Ég er nýbúinn að frumsýna leikritið Miljarðamærin snýr aftur í Borgarleikhúsinu og er alltaf nóg að gera hjá mér. Það virðast einnig vera endalausar vinsældir á leikritinu Fló á skinni, og ekkert lát er á sýningum. Við höfum verið að sýna Fló á skinni síðan í haust í Borgarleikhúsinu en byrjuðum árið áður að sýna það fyrir norðan hjá Leikfélagi Akureyrar,“ segir Halli. Auk þess að vera í aðalhlutverki í Fló á skinni, hefur Halli líka verið í aðalhlutverki í leikritinu Fólkið í blokkinni. „Svo bíður maður spenntur og telur niður dagana þangað til veiðisumarið byrjar, eða 1. apríl. Ég byrja yfirleitt tímabilið á að veiða á Þingvöllum. Ég er veiðisjúkur og á mér marga uppáhaldsstaði eins og Arnarvatnsheiði, Skagaheiði og Elliðaár. Ég og Gói leikari erum svo með tónleikaband og höfum verið að spila lög úr leikritum og söngleikjum. Köllum það leikhúsprógramm og erum við farnir að skipuleggja vorið og sumarið í þeim efnum. Við höfum spilað á Akureyri og er planið að spila víða í sumar. Annars styttist í æfingar fyrir leikverkið Ökutímar sem við frumsýnum í maí, og hlakka ég til þess.“

**HVER ER DALAI LAMA?**



■ Dalai Lama er andlegur leiðtogi tíbeskra búddista. Sá siður er hafður á að þegar Dalai Lama deyr þá hefst leit að eftirmanni hans en búddar trúa því að Dalai Lama endurfæðist fljótlega sem lítill drengur. Þegar drengurinn er fundinn og leitarmenn sannfærðir að um hinn endurfædda Dalai Lama sé að ræða bíður drengsins löng og mikil þjálfun. Þar er hann undirbúinn fyrir lífið. Fram á miðja 20. öld var Dalai Lama einnig veraldlegur leiðtogi Tíbeta en þegar Kínverjar hertóku landið árið 1950 neyddist hann til að flýja til Indlands.

**SJÓNARHÓLL**

**NÝR SEÐLABANKASTJÓRI**

# *Líst nokkuð vel á Øygard*



AGNAR FREYR HELGASON

„Mér líst nú bara nokkuð vel á hann, svona miðað við hvað maður hefur séð,“ segir Agnar Freyr Helgason, nemi við London School of Economics, um nýjan seðlabankastjóra – Svein Harald Øygard. „Það að hann sé erlendur finnst mér líka frekar vera kostur en hitt enda væri örugglega erfitt að finna Íslending í starfið á þessum tímapunkti sem hægt væri að sameinast um. Að gera þjóðerni hans að einhverju aðalatriði er náttúrlega alveg út í hött og bara gert til þess að draga athyglina frá því sem raunverulega skiptir máli. Peningastefnan sem hefur verið rekin hérna á síðustu árum hefur beðið algjört skipbrot og auðvitað þarf að grípa til róttækra aðgerða til að endurheimta trúverðugleika og traust á Seðlabankanum,“ segir Agnar. „Það er alveg makalaust að það þurfi að ræða það eitthvað sérstaklega, gömlu bankastjórarnir áttu auðvitað að vera löngu búnir að sjá að vera þeirra í bankanum var orðin virkilega skaðleg. Ákvæðinu um ríkisborgararétt embættismanna hlýtur annars að vera breytt ef það verður farið í gagngerar breytingar á stjórnarskránni á næstunni. Það er barn síns tíma.“



**Í HLÍÐUM HEKLU** Íslandsmeistararnir Ágústa Fanney Snorradóttir og Davíð Óskar Davíðsson þeytast niður brattar hlíðar sjálfrar Heklu. MYNDIR/UNNAR GARÐARSSON

# Á æðisgengnu bruni niður hlíðar eldfjalls

**„Íslandsmeistarinn í snjóbrettum segir að eftir þetta séu Bláfjöllin bara þúfa í samanburði,“ segir Unnar Garðarsson, eigandi Óbyggðaferða, sem bjóða nú upp á brettaferðir á Heklu.**

Óbyggðaferðir, sem hafa aðstöðu í áttatíu manna skála í Hólaskógi við Búrfell, selja fjórhjólaferðir um hálendið árið um kring. Um síðustu helgi var gerð tilraun með nýjan lið í efniskránni hjá fyrirtækinu þegar hópur brettafólks var fluttur upp á tind Heklu. Lagt er í Hekluferðirnar frá Hólaskógi. Farið er á fjórhjólum upp norðausturhlíðar Heklu og fá þátttakendur síðan langa heljarreið niður á jafnsléttu aftur.

Meðal þeirra sem voru með í för um liðna helgi voru Ágústa Fanney Snorradóttir, Íslandsmeistari kvenna á snjóbretti, og Davíð Óskar Davíðsson, Íslandsmeistari unglinga í fjallabruni á hjólum. Að sögn Unnars renndu þau sér saman í æðisgengnu bruni niður eldfjallið – sem á sumum stöðum við tindinn var reyndar snjólaust vegna hitans úr iðrum jarðar.

„Þetta var í stuttu máli sagt hrikalega skemmtileg ferð,“ segir Unnar sem kveður öruggt miðað við undirtektirnar um síðustu helgi að framhald verði á ferðum brettafólks á Heklu og svæðið þar í kring. „Þessi ferð var einn liður í því að þróa áfram þá hugmynd að það eigi að vera gaman á fjöllum og hún tókst umfram björtustu vonir.“ **gar@frettabladid.is**



**Á TINDINUM** Ægifagurt útsýni spillti ekki fyrir í Hekluferðinni um síðustu helgi.



**FERÐAMÁTINN** Notuð eru fjórhjól til að draga mannskapinn upp á topp.


www.jongunnarsson.is



# Kraftur og bjartsýni

Frá því að ég var kjörinn á Alþingi árið 2007 hef ég í störfum mínum leitast við að mæta fólki af heiðarleika og réttsýni við þær aðstæður sem upp hafa komið. Nú eru erfiðir tímar í íslensku þjóðlífi, en ég trúi því að þessir eiginleikar ásamt krafti og bjartsýni séu þeir þættir sem þurfa að vera í forgrunni viðreisnarinnar.

- **Fimmtudagur 12. mars kl. 20**
  Opinn fundur allra frambjóðenda flokksins í SV-kjördæmi. Fundurinn verður haldinn í Fjölbrautarskólanum í Garðabæ.
- **Laugardagur 14. mars**
  Opið hús á kjördegi á meðan kjörstaðir eru opnir. Allir velkomnir - Jói Fel verður á grillinu á milli kl. 12-14.

Ég hvet allt áhugafólk um þjóðmál til þess að koma á kosningaskrifstofu mína í húsi Kraftvéla að Dalvegi 6 í Kópavogi og ræða við mig um þau brýnu mál sem liggja fyrir. Alltaf heitt á könnunni.

3. sæti

Jón Gunnarsson
Alþingismaður

Tryggjum Jóni Gunnarssyni 3. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í suðvesturkjördæmi 14. mars nk.

## HERBERGIÐ TEKIÐ Í GEGN

**HÚSGAGNAHÖLLIN**



PRINCESS
RÚM 90 x 200 cm
**19.990**
verð áður 29.980

35% AFSLÁTTUR
**PRINCESS** rúm 90 x 200 cm, fæst svart eða hvítt. Verð án dýnu.

# FERMINGARGJAFIR



**SAMBA**
sjónvarpsborð
B:120 D:60
H:40 cm,
hvítt háglans.

40% AFSLÁTTUR
**29.980**
VERÐ ÁÐUR: 49.980



30% AFSLÁTTUR
**SYDNEY** svefnsófi B:243 D:90 cm dýna:150 x 200 cm, svartur.

**99.980**
VERÐ ÁÐUR: 149.980



**FUNCTION**
skrifborð
B:145 D:61
H:77 cm. Eik.

30% AFSLÁTTUR
**23.990**
VERÐ ÁÐUR: 34.980

NÚNA
40%
AFSLÁTTUR

**INCADO SPEGLAR**
margar stærðir og litir.
Verð frá kr. **4.790**





**LAPLAND**
TEPPI
130 x 200 cm.
Margir litir.

40% AFSLÁTTUR
**6.990**
VERÐ ÁÐUR: 11.990



BOXDÝNA
90 x 200 cm
**39.990**
verð áður 58.970

NÚNA
30%
AFSLÁTTUR

**NOCTURNE 321** Boxdýna með tvöföldu gormakerfi. Neðra lag 150 Bonell-gormar á m2. Efra lag 246 pokagormar á m2. Yfirdýna með 40 mm latex, hægt að taka áklæði af og þvo í þvottavél. Fætur ekki innifaldir í verði.
**15 ÁRA ÁBYRGÐ GORMAKERFI**

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Laugardag 12 – 18 • Sunnudaga lokað.

# Íslenskir dagar

FK
FJARÐARKAUP

## 12. - 21. mars
## Vörukynningar alla dagana



úr kjötborði

**Svínahnakki úrb.**
945,kr./kg
ÁÐUR 1.498,kr./kg



**FK Bayonneskinka**
998,kr./kg
ÁÐUR 1.883,kr./kg



úr kjötborði

**Svínakótelettur**
898,kr./kg
ÁÐUR 1.398,kr./kg



**FK Jurtakryddað lambalæri**
1.458,kr./kg
ÁÐUR 2.430,kr./kg




**FK Kjúklingabringur**
1.665,kr./kg
ÁÐUR 2.220,kr./kg



**Nautahakk 5x0.5kg**
998,kr./kg
ÁÐUR 1.248,kr./kg



**Bógsteik**
649,kr./kg
ÁÐUR 998,kr./kg




**Egils malt/appelsín**
139,kr.

**Egils páskaöl**
119,kr.

**Polar bjór 500ml**
89,kr.




**Kókómjólk 1l**
158,kr.
ÁÐUR 197,kr.




**MS Súrmjólk**
(Karamellu/Skógaberja/Jarðaberja)
224,kr./stk.
ÁÐUR 280,kr./stk

**Gull Ostur 250g**
432,kr.
ÁÐUR 540,kr.




**Camembert 150g**
260,kr.
ÁÐUR 324,kr.

**Höfðingi**
280,kr.
ÁÐUR 349,kr.

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga.


úr kjötborði
Nautagúllas
1.498,kr./kg
ÁÐUR 1.778,kr./kg
SS Lambafile
3.198,kr./kg
ÁÐUR 3.998,kr./kg
Rúbin baunir 500g
(Rauður/Svartur)
698,kr./pk.
Trópí 7 ávextir 1l
219,kr.
ÁÐUR 262,kr.
Tropí Smoothie
(berja/suðrænn)
149,kr./stk.
ÁÐUR 180,kr./stk.
Stjörnusnakk mix
(S&P/Kryddmix/Papriku)
239,kr./pk.
ÁÐUR 297,kr./pk.
Gunnars dýfa
(krydd/lauk/chili)
140,kr./stk.
Mozzarella hreinn
348,kr.
ÁÐUR 419,kr.
Mozzarella í kryddolíu
348,kr.
ÁÐUR 419,kr.
úr kjötborði
Svínabógur
398,kr./kg
ÁÐUR 748,kr./kg
25% afsláttur
Vilko Pönnukökur
499,kr.
ÁÐUR 528,kr.
Vilko Vöfflur
499,kr.
ÁÐUR 549,kr.
Meðalstór egg 10 stk.
269,kr.
ÁÐUR 359,kr.
Kaffitár Tvenna malað 2x500g
Morgundögg/Nigaragúa Cortes
1.248,kr.
Mjólka Súrmjólk
(Karamellu, Banana/peru, Jarðaberja)
149,kr./stk.
ÁÐUR 186,kr./stk
Nóa kropp 150g
183,kr.
Banana sprengjur
Karamellu sprengjur
119,kr./pk.
ÁÐUR 142,kr./pk.
Ora Fiskibúðingur
476,kr.
Ora Fiskibollur
334,kr.
Ora Fiskibollur í Tómatsósu
498,kr.
ÁÐUR 550,kr.
Myllu Möndlukaka
398,kr.
ÁÐUR 489,kr.
Myllu FK brauð
149,kr./stk.
ÁÐUR 179,kr./stk.
Buffalóbitar
259,kr.
Smádraumur 360g
398,kr.
Risa eldhúsrúllur 3 stk.
469,kr.
Fifa WC 9 rúllur
799,kr.
þegar mikið stendur til
FK
FJARÐARKAUP

# Tryggjum *endurnýjun!*



Sjálfstæðismenn, kjósum
*Jón Rúnar*
í 3. sætið
Öflugan mann í endurreisn atvinnulífs
www.jonrunar.is
*Stuðningsmenn*
PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA Í SV-KJÖRDÆMI 14. MARS


**FRÉTTASKÝRING:** Skýrsla um áhættumat kynnt

# Ógnir ekki hernaðarlegar

**Ýmsar ógnir steðja að íslensku samfélagi, misstórar og misalvarlegar. Þrátt fyrir það steðjar engin hernaðarleg ógn að landinu, að því er fram kemur í nýrri áhættumatsskýrslu fyrir Ísland. Utanríkisráðherra segist merkja að skýrslan lýsi litlum áhuga sérfræðinga á loftrýmisgæslu hér á landi.**



**HÆTTUMAT** Þeir Valur Ingimundarson, formaður starfshóps sem vann áhættumat fyrir Ísland, og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra kynntu helstu niðurstöður hópsins í utanríkisráðuneytinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjölmennur starfshópur, undir forystu Vals Ingimundarsonar sagnfræðings, hefur undanfarna mánuði unnið að áhættumatsskýrslu fyrir Ísland. Skýrslan var kynnt utanríkismálanefnd í gær, og í kjölfarið gerð opinber. Þar er farið yfir ýmsa þætti tengda öryggi landsins, allt frá hernaðarógnum til matvælaöryggis.

Í skýrslunni eru settar fram fjölmargar tillögur tengdar fyrirfram skilgreindum áhættuþáttum. Skýrsluhöfundar virðast þó gæta sín sérlega vel á því að taka ekki afstöðu til pólitískra átakamála, eins og um framtíð Varnarmálastofnunar og nauðsyn á reglulegri loftrýmisgæslu með orrustuþotum.

**Íraksstuðningur fól í sér áhættu**

„Engar vísbendingar eru um að hernaðarógn muni í náinni framtíð steðja að Íslandi,“ segir í inngangi Vals Ingimundarsonar að skýrslunni. „Pólitísk afstaða á alþjóðavettvangi og þáttaka í alþjóðlegum aðgerðum getur hins vegar [...] falið í sér ákveðna áhættu. Í því sambandi nægir að benda á afleiðingar „skopmyndamálsins“ í Danmörku eða Íraksstríðsins.“

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sagði á fundi með fréttamönnum í utanríkisráðuneytinu í gær að dæmi um pólitíska afstöðu sé til dæmis sú fráleita ákvörðun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að lýsa yfir stuðningi Íslands við Íraksstríðið.

Þrátt fyrir að hernaðarógn steðji ekki að landinu er áfram nauðsynlegt að fylgjast með ferðum herflugvéla, heræfingum og herskipum við landið, að mati skýrsluhöfunda. Þeir telja einnig að skerpa þurfi á ýmsum atriðum tengdum varnarsamningi Íslands við Bandaríkin. Þá þurfi að endurskoða varnaráætlun Bandaríkjamanna fyrir Ísland á neyðartímum.

**Eftirlit í pólitískum tilgangi**

Ekki er tekin bein afstaða til þess hvort nauðsynlegt sé að halda úti loftrýmiseftirliti í skýrslunni. Spurður um þetta atriði sagði Valur að loftrýmiseftirlitið þjóni fyrst og fremst pólitískum tilgangi, með auknum tengslum við Atlantshafsbandalagið.

Össur segir fullt tilefni fyrir utanríkisráðherra að skoða rækilega hvort loftrýmisgæslan hafi hlutverk við landvarnir, en skýrslan bendi ekki til þess að svo sé. Þessi mál séu nú í skoðun í utanríkisráðuneytinu.

## ÞARF AÐ BÆTA ORÐSPOR LANDSINS

- Mælt er með samstarfi stofnana sem sinna öryggis- og varnarmálum. Með því má koma í veg fyrir skörun milli stofnana, tryggja samlegðaráhrif og nýta fé betur.
- Koma ætti á neyðaraðgerðastjórn stjórnvalda sem getur haft yfirsýn yfir hvers konar neyðarástand.
- Skilgreina þarf betur stöðu varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, og samstarf við önnur ríki á þessu sviði.
- Áfram þarf að fylgjast með flugi herflugvéla, heræfingum og ferðum kjarnorkuknúinna skipa hér við land og tengja eftirlitið starfsemi viðbragðsaðila.
- Tryggja þarf að lögregla hafi lagaheimildir og búnað til að takast á við skipulagða glæpastarfsemi.
- Meta þarf nauðsyn þess að auka birgðir af tilteknum matvælum og lyfjum. Einnig væri æskilegt að koma upp neyðarbirgðum af olíu.
- Tryggja þarf betur öryggi og réttindi erlendra ríkisborgara hér á landi.
- Gera ætti áætlanir til að bæta orðspor Íslands á alþjóðavettvangi. Þó ekki með eðlishyggjurökum sem ganga út á að Íslendingar skari fram úr öðrum þjóðum.

Lagt er til í skýrslunni að kanna eigi kosti þess að auka samrekstur flugeftirlitskerfa Varnarmálastofnunar og Flugstoða. Þá er mælt með því að samstarf stofnana sem sinni öryggismálum verði eflt. Þannig megi ná fram samlegðaráhrifum og spara fé.

Spurður um framtíð Varnarmálastofnunar segir Össur að áfram verði unnið að því að skoða hvernig hægt sé að auka samstarf á sviði öryggis- og varnarmála í ráðuneytinu. Það sé ekkert leyndarmál að þar verði hlutverk Varnarmálastofnunar skoðað.

Össur segir þó ótímabært að svara spurningum um það undir hvaða ráðherra varnarmál eigi að heyra í framtíðinni. Í dag heyrir Varnarmálastofnun undir utanríkisráðuneytið en Landhelgisgæslan undir dómsmálaráðuneytið. Þá hafa heyrst hugmyndir um að varnarmál gætu heyrt undir forsætisráðuneytið í framtíðinni.

**Al-Kaída ekki mesta ógnin**

Hætta á því að hryðjuverkaárás verði gerð hér á landi telst lítil, að mati skýrsluhöfunda. Hryðjuverkamenn gætu hins vegar viljað nota landið sem griðastað, auk þess sem afstaða íslenskra stjórnvalda á alþjóðavettvangi gæti leitt til þess að hryðjuverkamenn beini sjónum að Íslandi.

Ekki er talið að bráðasta hryðjuverkaógnin á Norðurlöndunum og öðrum Evrópuríkjum stafi frá hryðjuverkaneti Al-Kaída. Meiri hætta er talin stafa af aðgerðum ungra manna, oft af annarri kynslóð innflytjenda, sem telji sig hafa mætt samfélagslegri höfnun. Þess vegna megi varnir gegn hryðjuverkum ekki takmarkast við viðbúnað lögreglu, heldur verði þær einnig að byggjast á stefnu í málefnum innflytjenda og flóttamanna.

**Ógn af skipulögðum glæpum**

Skipulögð glæpastarfsemi er vaxandi öryggisvandamál hér á landi, að mati skýrsluhöfunda. Hún nær meðal annars til fíkniefnasmygls, ofbeldisglæpa, peningaþvættis og mansals. Aðkoma erlendra ríkisborgara að skipulagðri glæpastarfsemi hefur aukist undanfarið, en Íslendingar eru enn umsvifamestir.

Skýrsluhöfundar segja að tryggja verði að lögreglan hafi nægilegan búnað, mannafla og þjálfun til að vinna gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi. Miða skuli við að lögreglan hafi svipaðar heimildir og lögregla í nágrannalöndunum.

Valur segir aðspurður að ekki sé verið að mælast til þess að lögreglan fái heimildir til forvirkra rannsókna. Það myndi þýða að lögreglan væri ekki bundin við að rannsaka mál af rökstuddum grunur er um lögbrot, eða yfirvofandi lögbrot.

**Matarbirgðir til nokkurra vikna**

Bankahrunið síðasta haust sýndi fram á að vöruskortur getur orðið ef viðskipti við útlönd stöðvast í einhvern tíma. Í skýrslunni er lagt til að metið verði hvort þörf sé á því að eiga alltaf til birgðir af nauðsynlegum matvælum sem dugi til sex mánaða. Staðan nú sé sú að birgðir myndu einungis endast í nokkrar vikur.

Skýrsluhöfundar leggja til að birgðastaða á lyfjum verði bætt, og segja æskilegt að stjórnvöld komi sér upp neyðarbirgðum af olíu til að tryggja að grundvallarstarfsemi héldi áfram hér á landi þó upp kæmi neyðarástand

## LÍTIL HÆTTA Á HRYÐJUVERKUM

- Engar vísbendingar eru um að hernaðarógn steðji að landinu.
- Hætta á hryðjuverkaárás telst lítil. Einnig er talin lítil hætta á flugránum.
- Skipulögð glæpastarfsemi er vaxandi öryggisvandamál.
- Engar vísbendingar eru um að Ísland sé skotmark hópa sem hafa gjöreyðingarvopn undir höndum.
- Mengunarslys við strendur landsins gætu haft mjög alvarlegar afleiðingar, en eru fátíð. Útilokað er að íslensk stjórnvöld myndu ráða við afleiðingar af slíku slysi án aðstoðar erlendis frá.
- Farsóttir geta skollið á Íslandi án mikils fyrirvara. Litlar líkur eru á árásum með geislavirkum efnum eða eiturefnum.
- Loftslagsbreytingar eru umhverfisógn, breytinga gætir nú þegar hér á landi.
- Farsóttir, stríðsátök eða efnahagsleg vandamál gætu hamlað öruggu aðgengi að innfluttum mat og eldsneyti.
- Samhæfðar netárásir gætu valdið mikilli truflun á starfsemi netsins. Engar vísbendingar eru um að slík hætta sé aðsteðjandi.



FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is


# Lagersala
## 20-75% afsláttur





vilborga@centrum.is

**GRANÍTVASKAR OG STÁLVASKAR**
**GASHELLUBORÐ**
**INNBYGGÐIR KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR**
**HÁFAR Á VEGG OG YFIR EYJUR**
**OFNAR OG GASELDAVÉLAR**

Missið ekki af einstöku tækifæri til að eignast glæsileg heimilistæki á frábæru verði. Takmarkað magn af sýningar- og lagertækjum ásamt lítið útlitsgölluðum tækjum.

**Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur heimilistæki á tækifærisverði.**

General Electric elica LIEBHERR smeg Miele

**EIRVÍK** *-hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



www.ellingsen.is
Columbia Sportswear Company
COLUMBIA-DAGAR
5.–14. mars
Columbia er eitt af stærstu fyrirtækjum heims á sínu sviði, með næstum 70 ára reynslu í þróun og framleiðslu á útivistarfatnaði og skóm. Vandaður og slitsterkur búnaður fyrir þá sem gera kröfur um hámarksgæði.
35–50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM COLUMBIA FATNAÐI
REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16
AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16
Ellingsen
– fullt hús ævintýra

## Útgjöldin

> Meðalneysla hvers Íslendings á bjór í lítrum talið:




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR

## *Skíði og skór fyrir fermingarpeninginn*



„Bestu kaupin sem ég hef gert eru klárlega skíði og skíðaskór," segir Erla Ósk Ásgeirsdóttir, stjórnmálafræðingur og varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins. „Ég keypti þau fyrir fermingarpeningana mína svo að þau hafa enst í 17 ár. Þetta eru Fire Bird-skíði í neonlitum sem er í anda þess tíma sem þau voru keypt á.

Það er búið að vera svo gott skíðafæri í vetur að ég ákvað að draga fram gömlu skíðin og skóna. Þau eru vel nothæf þótt þau séu orðin 17 ára gömul og eru í rauninni alveg eins og ný."

Erla Ósk fer á skíði með kærasta sínum og vinum þegar færi gefst.

Spurð um verstu kaup sem hún hefur gert segir Erla Ósk að hún verði að nefna bíl sem hún átti. „Hann gaf upp öndina á háannatíma á hringtorgi. Það þurfti að ýta honum út í kant, mér til mikils ama," bætir hún við. Bíllinn var af gerðinni Mazda 121 en Erla Ósk var á leiðinni á bílasölu að skoða nýjan bíl. Hún heldur að það hafi verið ástæðan fyrir því að sá gamli ákvað að gefast upp.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### KRUMPULAUST OG FÍNT

■ *Söngvarinn Friðrik Ómar er með þróaða tækni við að pakka niður.*



„Ég er mikið á faraldsfæti við að spila út um allar trissur og þarf því endalaust að vera að pakka upp og niður dótinu mínu. Ég er með góða tækni sem er að rúlla öllu upp. Með því að rúlla fötunum upp, kem ég miklu meira af fötum fyrir og einnig er allt ókrumpað og fínt þegar ég þarf að nota það," segir Friðrik Ómar. Söngvarinn knái segir að eftir að hann tileinkaði sér tæknina þurfi hann minni töskur fyrir fatnaðinn. „Þetta er allt annað líf að ferðast svona og sleppa við að strauja og vera með alltof stórar töskur í eftirdragi."

MATUR & NÆRING ÓLÖF GUÐNÝ GEIRSDÓTTIR

## Samspil matar og lyfja

Matur og lyf fara sömu leið í gegnum meltingarveginn og til vefja líkamans. Því getur matur haft áhrif á upptöku, og þar með virkni, lyfja en einnig geta lyf dregið úr upptöku næringarefna og þannig valdið næringarefnaskorti þegar um langtímanotkun lyfja er að ræða.



ÓLÖF GUÐNÝ GEIRSDÓTTIR
næringarfræðingur

Sum lyf á að taka á fastandi maga til að tryggja upptöku og virkni þeirra en einstaka lyf er þannig samsett að mikilvægt er að taka það með mat, annaðhvort til að tryggja betri upptöku eða virkni. Einnig getur verið ráðlegt að taka lyf með mat til að draga úr aukaverkunum þess. Til dæmis geta bólgueyðandi lyf, eins og Íbúfen, valdið ýmsum meltingarópægindum og lyf, sem innihalda acetyl sýru (t.d. verkjalyf), geta valdið bólgum og jafnvel sárum í maga við langvarandi notkun. Steinefni eins og kalk, sem er í töluverðu magni í öllum mjólkurvörum, og magnesíum, járn og sink í fjölvítamínum geta einnig fellt út virk efni lyfja og þannig minnkað virkni þeirra. K-vítamín, sem finnst í laufgrænmeti eins og salati og spergilkáli, og í fjölvítamínum, truflar virkni blóðþynningarlyfja. Koffín, sem er í töluverðu magni í kaffi og mörgum gosdrykkjum, getur dregið úr virkni kvíðastillandi lyfja. Einnig ætti að forðast áfengi þegar lyf eru tekin.

Á hinn bóginn geta lyf haft áhrif á næringarefni þegar um langtíma notkun á lyfjum er að ræða. Magasýruhemjandi lyf geta dregið úr upptöku líkamans á járni og B12-vítamíni. Járn er mikilvægur hluti af flutningskerfi súrefnis til allra fruma líkamans og B12- er mikilvægt í efnaskiptum líkamans, myndun rauðra blóðkorna og til að viðhalda heilbrigðu taugakerfi. Lyf geta einnig haft áhrif á matarlyst. Sum lyf draga verulega úr matarlyst á meðan önnur lyf geta aukið hana en þessi áhrif eru óæskilegar aukaverkanir þar sem lystarleysi getur valdið þyngdartapi og vannæringu og aukin matarlyst getur á hinn bóginn valdið óþarfa þyngdaraukningu.

Læknavísindin hafa fært okkur lyf, sem bjarga lífi og gera líf okkar betra á margan hátt, en sum lyf eru viðkvæm gagnvart því sem við borðum en önnur hafa áhrif á hvernig við nýtum næringuna í matnum. Því er mikilvægt að afla sér upplýsinga um þessi atriði með því að lesa fylgiseðil lyfja eða fá upplýsingar hjá lækni eða lyfjafræðingum. Það getur dregið úr óheppilegum aukaverkunum lyfja og hjálpað til við að lyfin, sem við tökum, virki eins og þau eiga að gera.

mni.is

# Matur og vín fyrir tvöþúsundkall

**Ekki eru öll sund lokuð fyrir þá sem hafa ekki mikið milli handanna en vilja njóta lífsins með mat og drykk. Fréttablaðið spurði nokkra veitingamenn hvað menn gætu fengið að borða með víninu fyrir minna en tvö þúsund krónur.**

„Fólk fer kannski ekki til útlanda eða kaupir ekki flatskjái en það verður að halda áfram að lifa," segir Jón Már Guðmundsson, veitingamaður á Café Aroma í Hafnarfirði. Hann segist jafnvel fá fleira fólk í mat nú í miðri efnahagskreppunni en í góðærinu.

Flestir hafa nú mun minna fé milli handanna en oft áður og því ákvað Fréttablaðið að bregða upp tillögum fyrir fólk sem vill fara út að borða án þess að eyða meira en tvö þúsund krónum. Og það er vel mögulegt. Reyndar fundust einnig dæmi þess að hægt sé að gera það fyrir minna en 1.500 krónur. Blaðið ábyrgist þó ekki að allir komi saddir úr þeim málsverðum sem hér eru útlistaðir. Hér er heldur ekki um tæmandi úttekt að ræða.



JUAN „SANTA MARÍA"

Af samtölum við veitingamenn að dæma virðist efnahagsástandið ekki koma í veg fyrir það að Íslendingar njóti lífsins. Helga Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Geysis bistro & bar, segir að léttara sé yfir viðskiptavinunum þar nú en oft áður. „Mikilmennskubrjálæði okkar Íslendinga er nú á algjöru undanhaldi," segir hún. Juan „Santa María", eins og hann kallar sig eftir veitingastað sínum, segir að Íslendingar njóti þess að sitja yfir matnum hjá sér jafnvel í þrjár klukkustundir. „Við reynum að hafa andrúmsloftið sem allra best því að fólk þarf að komast úr amstri dagsins og leita í svona andlegt skjól," segir hann.

Þar kosta aðalréttirnir allir 990 svo svangur kúnni með 2.000 krónur er vel settur. Það væri hann einnig á Vitabar en þar er alltaf boðið upp á piparsteik og bjór fyrir sléttar 2.000 krónur. Vilji menn hins vegar drekka vín með steikinni hrekkur tvöþúsundkallinn ekki til. **jse@frettabladid.is**

### MATUR OG VÍN FYRIR MINNA EN 1.500 KRÓNUR

**Nings**
Lítill skammtur af núðlum með kjúklingi eða nautakjöti
1.380 (690/690)

**Santa María**
Sincronicadas, skinka og bræddur ostur í tortillabrauði
1.200 krónur (550/650)

### MATUR OG VÍN FYRIR MINNA EN 2.000 KRÓNUR

**Santa María**
Allir aðalréttir (990 og 650)

**Nings**
litlir réttir úr borði (990/690)

**Hrói Höttur**
9 tommu pitsa Margaríta, súpa og brauð (sem fylgir með öllum mat)
1.770 (970/800)

**Café Aroma**
Pasta Carbonara 1.890 (1.390/500)

**Sushibarinn**
Hosomaki með laxi og Hosomaki með gúrku 1.990 (550/450/990)

**Vitabar**
Gleym mér ei, hamborgari með gráðosti, hvítlauk og kryddsósu (franskar og kokteilsósu)
1.450 (700/750)

AFTAST INN Í SVIGA ER SUNDURGREINING Á VERÐINU, VERÐ Á VÍNGLASI ER AFTAST.



■ **Ríflega 100 þúsund fyrir tveggja herbergja íbúð**

## Leiguverð lækkar um fimmtung

Leiguverð hefur lækkað um allt að 21 prósent síðustu ellefu mánuði. Þetta kemur fram á heimasíðu Neytendasamtakanna. Kannað var verð á leiguíbúðum á höfuðborgarsvæðinu 9. mars sl. Ekki er um að ræða tæmandi könnun en aðeins voru skoðaðar íbúðir sem eru auglýstar til leigu hjá leiga.is og Rentus. Í könnuninni kemur m.a. fram að leiguverð fyrir tveggja herbergja íbúð er 102.488 að meðaltali í mars 2009, en var 119.574 í apríl 2008. Verðið hefur því lækkað um 17.086 krónur eða 14,3 prósent að meðaltali á tveggja herbergja íbúð.

Sjá má könnunina í heild sinni á heimasíðu Neytendasamtakanna, ns.is.



# Kauptu nýju COOLPIX S220

## – myndavélin sem fær höfuð til að snúast




Allar Nikon myndavélar koma með íslenskum leiðarvísi.

**NÚ KEMUR COOLPIX S220 – ARFTAKI HINNAR VINSÆLU S210**

Nýja Nikon COOLPIX S220 á margt sameiginlegt með forvera sínum S210. Hún er jafnlitrík og jafnlítil (18 mm á þykkt), en með 10 megapixla upplausn og fleiri nýjum aðgerðum: Þú getur lagfært myndirnar þínar á skjá myndavélarinnar í stað þess að gera það í tölvunni. COOLPIX lagar sjálfkrafa hreyfðar myndir (Mode Detector). Fæst í mörgum líflegum litum – veldu eftirlætið þitt!

- 2.5 tommu LCD skjár
- 3x NIKKOR aðdráttarlinsa
- Sjálfvirkar myndstillingar fyrir t.d hágæða nærmyndir
- Hraðlagfæring í myndavélinni sjálfri

**Heimilistæki**, Reykjavik • **Sjónvarpsmiðstöðin**, Reykjavik • **Beco**, Reykjavik
**Fotoval**, Reykjavik • **MAX**, Garðabær • **MAX**, Reykjavik • **Samkaup**, Borgarnes
**Hljómsýn**, Akranes • **Blómsturvellir**, Hellissandur • **Skipavík**, Stykkishólmur
**Samkaup**, Grundarfjörður • **Samkaup**, Ísafjörður • **Kaupfélag V-Húnvetninga**, Hvammstangi • **Krákur**, Blönduós • **Samkaup**, Blönduós • **Skagfirðingabúð**, Sauðárkrókur • **Heimilistæki**, Akureyri • **Hemilistæki/Öryggi**, Húsavík
**Samkaup**, Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Fáskrúðsfjörður • **Martölvan**, Höfn í Hornafirði
**Mosfell**, Hella • **Hemilistæki/Fossraf**, Selfoss • **Geisli**, Vestmannaeyjar
**Foto**, Vestmannaeyjar • **Tæknirað**, Grindavík • **Samkaup**, Njarðvík

*At the heart of the image*

Nikon

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 49 **Velta:** 238 milljónir

**OMX ÍSLAND 15** 223 **-0,51%**

**OMX ÍSLAND 6** 581 **-0,57%**

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **CENTURY ALU.** | +3,62% |
| **ÖSSUR** | +3,01% |
| **FØROYA BANKI** | +0,49% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **BAKKAVÖR** | -7,52% |
| **MAREL** | -4,11% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,20 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 250,00 +0,00% ... Bakkavör 1,60 -7,52% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,75 +0,00% ... Føroya Banki 102,5 +0,49% ... Icelandair Group 11,30 +0,00% ... Marel Food Systems 51,30 -4,11% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Össur 85,20 +3,01%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Farinn heim í sveitina

Breski lögmaðurinn Guy Green hefur yfirgefið Lundúnaborg í Bretlandi og snúið aftur til heimahaga sinna í Birmingham-borg, að sögn bæjarblaðsins Birmingham Post. Green, sem unnið hefur mikið með félögum tengdum Bakkabræðrum með einum eða öðrum hætti í Bretlandi og var um ár yfirlögfræðingur Existu, þykir reynslubolti enda kominn af ætt lögmanna. Hann starfar nú hjá fjölskyldufyrirtækinu í heimabænum. Á meðal afreka Greens eru kaup Existu á hlut í finnska fjármálafyrirtækinu Sampo, yfirtaka Bakkavarar á Geest og kaup Kaupþings á bresku heildsöluversluninni Booker.

### Risi í felulitum

Greint var frá því í mola í Markaðinum í gær að markaðsverðmæti Færeyjabanka væri einn milljarður króna. Láðist þar að geta þess að gengi bréfanna er skráð í dönskum krónum og því stærð bankans mun meiri umreiknuð í íslenskar, eða nítján milljarðar. Það er rúmum tveimur milljörðum krónum meira en verðmæti Straums á föstudag í síðustu viku. Hlutabréf Straums hafa verið tekin úr viðskiptum í Kauphöllinni í kjölfar ríkisvæðingarinnar á mánudag og kvaddi félagið nýju Úrvalsvísitöluna (OMXI6) í gær. Fyrirtækjum í vísitölunni fækkar hins vegar ekki sem því nemur því Færeyingarnir tóku sæti fjárfestingarbankans í gær.



## Léttari skattar á sprotafólkið

„Ég geri mér grein fyrir því að það er erfitt fyrir þá sem hafa góðar hugmyndir í dag að sækja fjármagn vegna þess að bankarnir eru ekki fyrir hendi og fjárfestarnir eru búnir að tapa sínum peningum eða þora ekki að láta þá í nýjar hugmyndir," sagði Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra í ávarpi á aðalfundi Marel Food Systems í fyrradag.

Hann áréttaði að á næsta vorþingi muni ríkisstjórnin leggja fram frumvarp sem létta eigi skatta á sprota- og nýsköpunarfyrirtæki í samræmi við aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem kynntar voru í síðustu viku. **- jab**

# Kaupþingi í Lúxemborg skipt upp

Skilanefnd Kaupþings ætlar að skipta Kaupþingi í Lúxemborg upp í tvær einingar áður en það verður selt ríkisfjárfestingasjóði frá Líbýu, samkvæmt heimildum Reuters-fréttastofunnar í Lúxemborg.



**LÚXEMBORG**

Annars vegar verður bankanum skipt upp í nýjan banka og gamlan. Flestar eignir og skuldir verða fluttar í gamla bankann og þeim stýrt til niðurgreiðslu á skuldum. Áætlað er að ferlið muni taka nokkur ár.

Efnahagsreikningur nýja bankans, sem mun sinna daglegum viðskiptum líkt og áður, verður mjög lítill eftir endurskipulagninguna, samkvæmt upplýsingum frá skilanefnd bankans.

Um síðustu helgi var greint frá samkomulagi um endurskipulagningu á Kaupþingi í Lúxemborg með uppgjöri á milli bankans og gamla Kaupþings. Þar sagði að endurskipulagningin væri háð samkomulagi við aðra kröfuhafa, 25 alþjóðlega banka. Búist sé við að þeirri vinnu ljúki um miðjan apríl. Verði hlutafé fært niður og líbýski sjóðurinn leggi bankanum til 100 milljónir evra, jafnvirði rúmra fjórtán milljarða króna.

Bankinn er í greiðslustöðvun í dag. Þegar viðskiptin ganga í gegn munu innistæðueigendur geta losað eignir sínar. **- jab**

# Lánið var endurfjármögnun

„Við þurftum að gera nýja fjármögnun. Þetta var ekki framlenging á eldra láni. Við borguðum upp hluta af eldri skuldum og endursömdum við sömu lánadrottna á öðrum kjörum," segir Georg Andersen, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Straums, um lántöku bankans upp á 133 milljónir evra, sem tilkynnt var um í desember.

Lántökur Straums hafa talsvert verið í fréttum eftir að skilanefnd Fjármálaeftirlitsins tók lyklavöldin í bankanum á mánudag og því haldið fram að Seðlabankinn hafi staðið á bak við lánveitinguna.

Lán Straums mun hafa verið umtalsvert lægra. Ákvörðun um frekari skýringar á því liggja í höndum Straums en ekki Seðlabankans, samkvæmt upplýsingum þaðan.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, hafði ekki kynnt sér málið í þaula í gær.

En sagði að málið yrði skoðað með tilliti til þess hvort lánveitingin geti talist verðmyndandi. **- jab**



**WILLIAM FALL** Forstjóri Straums sagði mikilvægt að tryggja endurfjármögnun á afkomufundi bankans í lok nóvember í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### ÞETTA SAGÐI FORSTJÓRINN

**26. nóvember 2008:** „Við erum mjög nálægt að ljúka endurfjármögnun [...]. Í kjölfarið vonumst við til að viðskipti hefjist að nýju með hlutabréf okkar," segir hann.

**5. desember 2008:** „Þessi nýja fjármögnun [er] mikilvægur árangur fyrir Straum, sérstaklega í ljósi markaðsaðstæðna." William Fall í tilkynningu um lán upp á 133 milljónir evra.





Vegg, mött/glans, hvít, 25x45cm **1.950 kr.** pr. m²

Vegg, Princess, svört, 20x45cm **2.350 kr.** pr. m²

Vegg, Princess, hvít, 20x45cm **2.350 kr.** pr. m²

Vegg, hvít, 15x15cm **1.450 kr.** pr. m²

Vegg, hvít, 20x25cm **1.550 kr.** pr. m²

Vegg, grá, 20x25cm **1.690 kr.** pr. m²

Vegg, mött, ljósgrá/grá/hvít, 20x20cm **1.990 kr.** pr. m²

Gólf, JazzClub, hvít, 50x50cm **3.490 kr.** pr. m²

Gólf, JazzClub, grá, 50x50cm **3.490 kr.** pr. m²

Gólf, Stone Grey 50x50cm **3.290 kr.** pr. m²

Gólf, Stone Anthracite 50x50cm **3.290 kr.** pr. m²

Gólf, Regina, ljósgrá, 33,3x33,3cm **1.950 kr.** pr. m²

Gólf, Sunrise Beige, 33x66cm **3.590 kr.** pr. m²

Gólf, Sunrise Dark Grey, 33x66cm **3.590 kr.** pr. m²

Gólf, Sunrise Brown, 33x66cm **3.590 kr.** pr. m²

Bílskúrs/svala, grá 33,3x33,3cm **2.290 kr.** pr. m²

Gólf, Regina, brún, 33,3x33,3cm **2.390 kr.** pr. m²

Gólf, Regina, ljósbeige, 33,3x33,3cm **1.950 kr.** pr. m²

**Flex flísalím** 25 kg - kr. 3.195,-

***Reykjavík, Kletthálsi 7***
*Opið mán.-fös. kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Suðurnes, Fuglavík 18***
*Opið mán.-fös. kl. 8-18.*
***Akureyri, Furuvellir 15***
*Opið mán.-fös. kl. 8-18, laugard. 10-13*

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*
*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***


Fermingar 2009
IKEA 365+ glös 30cl. Glært gler 595,-/6 í pk.
IRIS borðdúkur B145×L145cm. Hvítt 995,-
DRAGON salat-/eftirrétta-gafflar L16cm. Ryðfrítt stál 995,-/6 í pk.
4.990,-
IDBYN matarstell 33 hlutir. Inniheldur: Diska, djúpa diska, hliðardiska og bolla m/undirskál 6 stk af hverju. Skálar 2 stk. og fat 1 stk. af hverju. Hvítt
FANTASTISK servíettur B40×L40cm. Fjólublátt 395,-/50 í pk.
JUBLA kerti L19cm. Beinhvítt 795,-/20 í pk.
ENVIS tertuspaði og tertuhnífur Hvítt 595,-
DRAGON hnífaparasett f/6 manns. Ryðfrítt stál 4.990,-/24 í pk.
995,-
SMARTA tertudiskur Ø30cm. Hvítt
2.490,-
IKEA 365+ bakki á þremur hæðum. H34cm. Glært gler/ryðfrítt stál 2.490,-
SMYCKA gerviblóm L63cm. Ýmsir litir 795,-/stk.
IKEA 365+ bakki m/sykurskál, töng og rjómakönnu. Hvítt/ryðfrítt stál 1.690,-
BLOMSTER kertastjakar 3 í setti H24, 28 og 32cm. Glært gler
3.990,-
NISSE fellistóll. Sætishæð 45cm. Svart 2.490,-
GILBERT stóll. Sætishæð 43cm. Hvítt/krómhúðað
HENRIKSDAL stóll Áklæði: Kungsvik sandlitað Sætishæð 47cm. Eik 11.400,-
EGON stóll. Sætishæð 45cm. Eik/dökkgrátt 11.950,-
TERJE fellistóll Sætishæð 46cm. Gegnheilt beyki 1.990,-
NORDEN matarborð L220/266×B100, H75cm. Hvítt 49.950,-
BJURSTA matarborð L175/218/260×B95, H74cm. Eikarspónn 34.950,-
IKEA
Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
www.IKEA.is
© Inter IKEA Systems B.V. 2009

# TIMBURMIÐSTÖÐ GRAFAROLTI

## Þökkum frábærar viðtökur!



## PALLAEFNI

frábært verð
**229** kr/m

### VERTU TIL FYRIR VORIÐ

FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN
Pallaefni gagnvarin fura
28x95, lengdir 3.6 og 3.9 **229** kr/m
628636/39
21x95, lengdir 5.1 og 6.0 **189** kr/m
621651/60





**25%** AFSLÁTTUR

Borðplötur og borðplötuvinnsla



**30%** AFSLÁTTUR

ódýr lausn í geymsluna eða bílskúrinn

## HILLUEFNI og hilluberar

**Gipsplata**
STD,
120 x 255 : 13 mm
120115 **1.695** kr/stk

**Þilull**
70 mm, 60x120 sm
219874 **669** kr/m2

**Timburstoð**
34x70, lengd 255 sm
534526 **599** kr/stk

**Leiðari m/filt**
70 mm, 3,6 m
124125 **1.270** kr/stk

**Stálstoð**
34 x 70, 2,6 m
123119 **699** kr/stk



ALLT Í INNVEGGINN Á BETRA VERÐI

## ÞAKRENNUR Á BETRA VERÐI





**25%** AFSLÁTTUR

Norskar kanntaðar PVC rennur til í hvítu og svörtu, henta öllum byggingum, einföld samsetning, kraginn á rennunum er tvöfaldur sem gerir þær stöðugri.

Danskar plast þakrennur, mjög harðar og sterkar, enda límdar á samskeytum, til í gráu og hvítu, hægt að sérpanta svartar og brúnar.

**Ath!**
Munið að nýta ykkur töflureikninn fyrir þakrennur sem finna má á www.husa.is

**TILBOÐIN GILDA AÐEINS Í GRAFARHOLTI FIMMTUDAG - SUNNUDAG**

OPIÐ VIRKA DAGA
8-18

LAUGARDAGA
10 - 17
SUNNUDAGA
11 - 16


Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

# FRÁBÆRT VERÐ
Í GRAFARHOLTI
FIMMTUDAG -SUNNUDAG

## Húseigendur - nýtið tækifærið!

Frumvarp um tímabundna 100% endurgreiðslu vsk af vinnu vegna nýbygginga, viðhalds og endurbóta húsnæðis hefur verið samþykkt á Alþingi.



frábært verð
89.900



**Útihurð VIKING**
Ólitaðar útihurðir úr sérvalinni furu.
950x2100 mm.
89966/67

Viking
Viking Window AS

## RÁÐGJÖF Í TIMBURMIÐSTÖÐ
HÚSASMIÐJUNNAR GRAFARHOLTI

**Í GRAFARHOLTI FÆRÐU RÁÐGJÖF HJÁ SÉRFÆÐINGUM OKKAR VARÐANDI:**

- TIMBUR
- BYGGINGALAUSNIR
- VIÐHALD
- PALLINN
- PÍPULAGNIR
- GARÐINN

EINAR SVEINSSON
REKSTRARSTJÓRI SÖLU OG ÞJÓNUSTU



2.990 kr/m²

**Vatnsklæðning kúpt**
50900



10% til inneignar 10% til inneignar 10% til inneignar 10% til inneignar

**NOTAÐU INNEIGNINA Í MARS**

**VIÐ BORGUM ÞÉR!**
EF ÞÚ FÉKKST INNEIGN Í FEBRÚAR, MUNDU ÞÁ EFTIR AÐ NOTA HANA Í MARS



1.790 kr/m

**Þakstál, Aluzink**



## BÍLSKÚRSHURÐAOPNARI FYLGIR ÖLLUM HÖRMANN BÍLSKÚRSHURÐUM Í MARS.

GILDIR AF ÖLLUM KEYPTUM HÖRMANN BÍLSKÚRHURÐUM Í MARS.
**Stílhrein og vönduð hönnun**



HÖRMANN



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórn Blaðamannafélags Íslands er úti að aka:

## Úrelt prentlög

JÓN KALDAL SKRIFAR

Stjórn Blaðamannafélags Íslands sendi í gær frá sér yfirlýsingu sem afhjúpar fádæma þekkingarleysi á starfsumhverfi meðlima félagsins. Tilefni yfirlýsingarinnar er nýfallinn dómur í Hæstarétti, þar sem blaðamaður Vikunnar var dæmdur fyrir ærumeiðandi ummæli um Ásgeir Davíðsson, eiganda Goldfingers. Ummælin voru höfð eftir nafngreindum viðmælanda, en niðurstaða Hæstaréttar er að samkvæmt prentlögum teljist blaðamaðurinn, sem var skrifaður fyrir greininni, bera ábyrgð á þeim sem höfundur greinarinnar.

Í yfirlýsingu stjórnar Blaðamannafélagsins segir að dómurinn skilji „gervalla blaðamannastéttina eftir í algerri réttaróvissu“. Þar er jafnframt sagt að blaðamenn þurfi að vita „hvort þessi túlkun Hæstaréttar á við um alla miðla. Hvað með beinar útsendingar til dæmis? Hver er þá ábyrgur?“

Þetta er ákaflega vandræðaleg spurning, svo vægt sé til orða tekið. Stjórn Blaðamannafélagsins veit augsýnilega ekki að lagaumhverfi þeirra blaðamanna sem vinna við prentmiðla er annað en þeirra sem vinna við ljósvakamiðla. Um prentmiðla gilda lög um prentrétt en um ljósvakamiðla gilda útvarpslög og á þeim er allnokkur munur.

Svarið við spurningu stjórnar Blaðamannafélagsins um hver beri ábyrgð í beinum útsendingum, er að finna í 26. grein útvarpslaganna. Þar segir: „Sá sem flytur sjálfur efni í eigin nafni ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni sem útvarpað er samtímis því að það er flutt og efni sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar málsgreinar taka einnig til samtals í útvarpi þannig að hver sem tekur þátt í samtali í eigin nafni ber ábyrgð á sínu framlagi í því.“

Þetta ákvæði útvarpslaganna er afdráttarlaust og á bæði við um sjónvarp og útvarp.

Ákvæði prentlaga um ábyrgð er á hinn bóginn alls ekki eins klippt og skorið. Af þeim sökum gat Hæstiréttur dæmt blaðamann Vikunnar til ábyrgðar fyrir ummæli sem þó lá fyrir að voru efnislega samhljóða því sem viðmælandi blaðsins lét falla, þótt þau væru ekki algjörlega orðrétt eftir honum höfð.

Þetta þýðir að ef sama viðtal hefði verið flutt í sjónvarpi en ekki prentað í blaði, hefði viðmælandinn verið ábyrgur samkvæmt lögum, og Ásgeir aðeins getað höfðað mál á hendur honum, en ekki fréttamanninum eða stöðinni sem sendi viðtalið út.

Yfirlýsing stjórnar Blaðamannafélagsins um að gervöll blaðamannastétt sé skilin eftir í algerri réttaróvissu, er sem sagt tómur misskilningur. Það eru fyrst og síðast blaðamenn prentmiðla sem þurfa að þola verulega þrengra svigrúm en kollegar þeirra á ljósvakamiðlunum.

Skýringin á þessu er líklega ekki önnur en sú að útvarpslögin er tiltölulega nýleg smíð en prentlögin hins vegar orðin ríflega hálfrar aldar gömul. Margt hefur breyst frá því þau voru sett. Til dæmis voru upptökutæki örugglega ekki jafn útbreidd tæki á ritstjórnum áður fyrr og nú, og því erfiðara um vik fyrir blaðamenn að sýna fram á hvað hafði verið sagt og hvað ekki, ef á það reyndi.

Það er löngu tímabært að Blaðamannafélag Íslands beiti sér fyrir því að prentlögin verði endurskoðuð og færð til nútímans. Til þess að svo verði þarf þó að vera til staðar lágmarksþekking á lagaumhverfi stéttarinnar. Yfirlýsing stjórnar félagsins í gær var ekki til að efla traust á getu blaðamanna til að fjalla almennt um mál af þekkingu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




Omeprazol Actavis
- öflugt lyf við brjóstsviða og súru bakflæði
20 mg, 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

**Notkunarsvið:** Omeprazol Actavis inniheldur ómeprazól sem hemur seytingu á magasýru. Omeprazol Actavis er notað við tilfallandi brjóstsviða og súru bakflæði. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir innihaldsefnum, samtímis notkun lyfja sem innihalda claritrómýcín hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi, samtímis notkun lyfja sem innihalda atazanavír. **Varúð:** Gæta skal sérstakrar varúðar: Ef verulegt og óvænt þyngdartap verður, við endurtekin uppköst, ef erfiðleikar eru við að kyngja, við blóðuppköst eða blóð í hægðum, ef lifrar- eða nýrnastarfsemi er skert. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið nema að ráði læknis. Omeprazol Actavis inniheldur súkrósa. **Meðganga/brjóstagjöf:** Leitið ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. **Akstur og notkun véla:** Aukaverkanir, svo sem þreyta, svimi og sjón- og heyrnartruflanir, geta komið fram og geta haft áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Algengar aukaverkanir eru niðurgangur, hægðatregða, vindgangur, ógleði, uppköst, svefntruflanir, sundl, höfuðverkur eða þreyta. Þessar aukaverkanir verða yfirleitt vægari við áframhaldandi meðferð. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: 1 sýruþolið hylki eftir þörfum. Ekki má nota meira en 20 mg á sólarhring. Ef einkennin hverfa ekki eftir að Omeprazol Actavis hefur verið notað í 14 daga skal hafa samband við lækninn vegna þess að einkennin gætu verið af öðrum orsökum. Gleypa á sýruþolnu hylkin með glasi af vökva. Sýruþolnu hylkin ætti að taka fyrir máltíð (t.d. morgunmat eða kvöldmat) eða á fastandi maga. Hvorki má tyggja né mylja sýruþolnu hylkin. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. **Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá**. Janúar 2009.

actavis
hagur í heilsu

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Formannskjör

Samfylkingin hefur nú ofan af fyrir landanum með íburðarmiklu leikriti sem ber titilinn Formannskjör. Söguþráðurinn er á þá leið að Jóhanna Sigurðardóttir, í hlutverki hetjunnar tregu, lætur undan firnamiklum þrýstingi flokkssystkina sinna og fellst á að taka við formannsembættinu af Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Það er valinn maður í hverju rúmi í þessari sýningu; þingflokkurinn hefur ekki sungið falska nótu í hlutverki kórsins og gamall refur sýndi stjörnutakta í hrífandi atriði þar sem hann sárbændi sína gömlu fjandvinkonu að setjast í formannsstól – atburður sem jafnaðist kannski á við það að Þökk hefði fallist á að gráta Baldur.

### Stutt bil

Atburðarásin náði þó ákveðnu risi í gær þegar stuðningsmenn Jóhönnu efndu til blysfarar að heimili hennar, þar sem Jóhanna skyldi grátbeðin að koma flokknum til bjargar. Ekkert varð þó af göngunni þar sem enginn mætti. Kannski rann það upp fyrir kappsfullum stuðningsmönnum Jóhönnu sem blasti við öðrum: hvað bilið á milli hins stórbrotna og hins vandræðalega getur verið stutt.



### Ísinn brotinn

Nýja Kaupþing sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna fréttar DV um „dularfulla“ sölu á bílum í eigu bankans. Í tilkynningunni segir að ekkert sé hæft í ávirðingum DV; allt hafi verið uppi á borðum og hagsmunir bankans og eigenda hans hafðir að leiðarljósi við söluna. Í tilkynningunni segir enn fremur: „Bankanum tókst að selja bíla á markaði sem fagmenn eins og framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins hafa lýst sem helfrosnum í fjölmiðlum.“ Það var sannarlega vel af sér vikið hjá þeim Nýju Kaupþingsmönnum. Spurning hvort þeir snúi sér þá ekki að gaddfreðnum lánalínum næst?



bergsteinn@frettabladid.is

## Vanskil og virðing



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Gjaldþrotalög

Þjóðir geta aldrei orðið gjaldþrota í venjulegum skilningi þess orðs. Allt tal um „þjóðargjaldþrot“ á Íslandi eða annars staðar er út í bláinn. Þjóðríki geta að vísu ákveðið að standa ekki skil á skuldum sínum við önnur ríki, en það eru vanskil, ekki gjaldþrot. Þess eru dæmi frá nýliðinni tíð, að þjóðríki kjósi að vanefna skuldbindingar sínar. Skoðum fyrst gjaldþrot, síðan vanskil.

Fyrirtæki geta orðið gjaldþrota, og skipta þá kröfuhafar þrotabúinu á milli sín eftir ákveðnum lagareglum. Einhverjar kröfur lánardrottna tapast, nema þrotabúið eigi fyrir skuldum. Sé svo, er um lausafjárþrot að ræða, það er greiðsluþrot, en ekki gjaldþrot. Fyrirtæki, sem á fyrir skuldum, getur þurft að leggja upp laupana, ef það þrýtur lausafé. Lausafjárþrot leiðir oft til gjaldþrots, en ekki alltaf. Að loknum skiptum þrotabús milli kröfuhafa er málið lögum samkvæmt úr sögunni. Mörgum þykir íslenzk löggjöf um gjaldþrot fyrirtækja vera of mild, þar eð hún gerir óreiðumönnum kleift að skipta hvað eftir annað um kennitölur og keyra hvert fyrirtækið í þrot á eftir öðru.

Einstaklingar geta líka lýst sig gjaldþrota, og fyrnast þá kröfur lánardrottna að íslenzkum lögum á fjórum, tíu eða tuttugu árum eftir eðli skuldanna. Munurinn á gjaldþroti fyrirtækis og einstaklings er sá, að einstaklingurinn heldur lífi og getur að loknu gjaldþroti haldið áfram að afla tekna, svo að lánardrottnar hans eiga kröfur á hann, þar til lögboðnum fyrningartíma lýkur. Mörgum þykir íslenzk löggjöf um gjaldþrot einstaklinga vera of harkaleg, því að gjaldþrota maður hefur ekki hag af að afla tekna um fyrningartímann nema fyrir nauðþurftum, þar eð kröfuhafar geta hirt af honum allar eigur. Víða í nálægum löndum fyrnast skuldir gjaldþrota einstaklinga á skemmri tíma en hér. Skjótari fyrning gerir mönnum kleift að koma fyrr en ella undir sig fótunum á ný. Í Bandaríkjunum gilda að þessu leyti líkar reglur um gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja, svo að einstaklingur getur strax eftir gjaldþrot byrjað upp á nýtt með hreinan skjöld.

Hér takast tvö sjónarmið á. Ströng viðurlög draga fyrir fram úr líkum þess, að einstaklingur lýsi sig gjaldþrota. Mild viðurlög örva hann eftir á til að afla tekna. Hafi ströng viðurlög átt við, þegar allt var með kyrrum kjörum, er samt ekki víst, að þau eigi ennþá við, þegar sverfur að fjárhag mikils fjölda fólks og fyrirtækja af völdum bankakreppunnar. Íbúar brennandi húss þurfa ekki fræðslu um fyrirbyggjandi brunavarnir, þeir þurfa slökkvilið. Lög um gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja þarfnast bráðrar endurskoðunar og samræmingar í ljósi breyttra aðstæðna.

Ríkissjóður getur ekki orðið gjaldþrota með sama hætti og einstaklingar og fyrirtæki, þar eð hann heldur áfram að hala inn tekjur hvernig sem allt veltur. Hvorki landslög né alþjóðalög leyfa ríkissjóði að lýsa sig gjaldþrota. Samt hefur það oft gerzt, að stjórnvöld kjósi að standa ekki skil á erlendum eða innlendum skuldum ríkisins. Einstök lönd hafa fyrr og síðar kosið að vanefna fjárskuldbindingar sínar, a.m.k. síðan um aldamótin 1800, sum oft, nú síðast Ekvador 2008. Verðbólgulöndum er hættara en öðrum við vanskilum, enda er mikil verðbólga ævinlega til marks um agaleysi og óstjórn. Önnur nýleg vanskiladæmi eru Rússland 1998 og Argentína 2001. Ætla má, að Rússar með allan sinn olíuauð hefðu getað samið fyrir fram við lánardrottna um framlengingu lána, en þeir kusu heldur að standa ekki í skilum og semja eftir á. Lánardrottnar Rússa afskrifuðu einhliða um helminginn af kröfum sínum á móti þriðjungi í Argentínu. Í samningum við nokkur önnur lönd (Pakistan, Úkraína, Úrúgvæ) neyddust lánardrottnar um líkt leyti til að afskrifa skuldir í stórum stíl, þar eð vanskil blöstu við. Enn öðrum löndum (Brasilía, Mexíkó, Tyrkland, Úrúgvæ) tókst með naumindum að girða fyrir vanskil með aðstoð AGS. Vanskilalönd missa lánstraust og virðingu umheimsins og þurfa langan tíma til að endurheimta orðstír sinn. Ísland beið langvinnan álitshnekki eftir að Íslandsbanki féll 1929, og kreppuárin urðu erfiðari fyrir vikið.

Yfirvofandi vanskil Nýfundnalands 1934 voru einstök að því leyti, að landið glataði þá bæði sakleysi sínu og sjálfstæði. Nýfundnaland laut eftir það brezkum yfirráðum og ákvað síðan í þjóðaratkvæðagreiðslu að gerast fylki í Kanada 1949, og stendur sú skipan enn. Lánleysi heimamanna birtist aftur löngu síðar í ofveiði og hruni fiskstofna undan ströndum landsins.

## Orð og ábyrgð

UMRÆÐAN

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson skrifar um dómsmál



VILHJÁLMUR H. VILHJÁLMSSON

Með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 328/2008 voru aðdróttanir um Ásgeir Þór Davíðsson dæmdar dauðar og ómerkar. Blaðamaðurinn, nafngreindur höfundur viðtalsins, var dæmdur til greiðslu miskabóta og málskostnaðar. Þá var Vikunni gert að birta forsendur og dómsorð í næsta tölublaði tímaritsins.

Haldið hefur verið fram að þessi dómur hefti fjölmiðla, skapi réttaróvissu hjá blaðamönnum og leiði til breytinga á starfsumhverfi þeirra. Þá hefur verið fullyrt að dómurinn breyti skýrri réttarvenju. Það er rangt. Dómurinn byggir á skýru lagaákvæði og er í samræmi við fyrri dómaframkvæmd. Í 61. gr. stjórnarskrárinnar segir að dómendur skuli fara einungis eftir lögum. Í 2. mgr. 15. gr. prentlaga segir að höfundur beri ábyrgð á efni hafi hann nafngreint sig. Með vísan til þess komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að blaðamaðurinn bæri ábyrgð á aðdróttunum um Ásgeir Þór.

Ábyrgð blaðamannsins er grundvölluð á settri lagareglu sem staðið hefur óbreytt í íslenskum rétti í meira en fimmtíu ár. Dómurinn leiðir því ekki til réttaróvissu fyrir blaðamenn. Þvert á móti er réttarstaðan skýr. Blaðamaður ber ábyrgð á skrifum sínum eftir prentlögum ef hann nafngreinir sig með fullu nafni. Ef nafngreiningin er ekki fullnægjandi þá liggur ábyrgðin hjá ritstjóra eða útgefanda.

Engin rök standa því til þess að dómur Hæstaréttar leggi ný höft á fjölmiðla og blaðamenn. Blaðamönnum geta eftir sem áður notað stjórnarskrárvarið tjáningarfrelsi að vild. Þeir þurfa hins vegar að ábyrgjast skrif sín fyrir dóm ef þau brjóta gegn lagareglum um æruvernd eða friðhelgi einkalífs. Sú var niðurstaðan í dómi Hæstaréttar þar sem blaðamaðurinn fullyrti í skrifum sínum að Ásgeir Þór hefði gerst sekur um refsiverða háttsemi. Þessar fullyrðingar blaðamannsins, sem áttu sér enga stoð í raunveruleikanum, voru ekki taldar rúmast innan 73. gr. stjórnarskrárinnar um tjáningarfrelsi. Þess vegna voru ummælin dæmd dauð og ómerk og blaðamaðurinn dæmdur til greiðslu miskabóta og málskostnaðar.

*Höfundur er héraðsdómslögmaður og flutti málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


Europris
MIKIÐ fyrir LÍTIÐ
Coca Cola 69,-
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
ÞVOTTADAGAR
3 kg
699
CLEVER ÞVOTTAEFNI
•Fyrir hvítan þvott
•3 kg
3 kg
699
CLEVER ÞVOTTAEFNI
•Fyrir litaðan þvott
•3 kg
1 ltr
pr. stk
169
UPPÞVOTTALÖGUR
•2 gerðir
•1 ltr
199
SALERNISPAPPÍR
•8 rúllur
5 kg
pr. stk
1399
CLEVER ÞVOTTAEFNI
•Fyrir hvítan og litaðan þvott
•5 kg
349
CLEVER OXY POWER
•Blettahreinsir
•400 gr
2 ltr
pr. stk
299
CLEVER MÝKINGAREFNI
•2 ltr
599
CLEVER ÞVOTTAEFNI
•Sensitive
•1 kg
339
CLEVER ÞVOTTAEFNI
•Fyrir svartan þvott
•1 ltr
199
KLÓR
•1,5 ltr
199
TRIX GLERÚÐI
•500 ml
pr. stk
199
HANDSÁPA - 500 ML
•Sótthreinsandi
pr. stk
299
TRIX HREINSILÖGUR
•1 ltr
199
GRÆNSÁPA
•1,5 ltr
249
CLEVER ÞVOTTAEFNI
•600 gr
•Fyrir litaðan þvott
1990
ÞVOTTAGRIND
FRÁ 599
EFFEKT, 4 LTR
•Klór, kr 599/Hreingerningalögur, kr 699
•Salmíak, kr 699/Grænsápa, kr 699
pr. pk
399
MOLA SALERNISPAPPÍR
•8 rúllur í pk
•4 litir
599
40 CM MOPPA
www.europris.is
Opið frá kl. 10 til 19 á virkum dögum og frá kl. 10 til 18 um helgar.
Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri




# Að læra af hruni

**UMRÆÐAN**
Árni Páll Árnason skrifar um lærdóma og lausnir


ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Eftir stórfellt efnahagshrun stöndum við á miklum tímamótum. Við verðum að byggja endurreisn á hreinskiptnu uppgjöri við fortíðina og raunsæju mati á því sem aflaga fór. Við þurfum betri og skilvirkari stjórnsýslu sem nýtur faglegs sjálfstæðis, skýrari ábyrgð í stjórnmálum, agaðri viðmið í efnahagsstjórn, rekstri og fjármálalífi og heilbrigðari umgjörð fyrir opin og fordómalaus skoðanaskipti.

Við þurfum fjölbreytt, opið og lýðræðislegt samfélag. Við höfum ekki efni á að skipa ekki besta fólkinu til starfa í hverri stétt. Við þurfum að ljúka tímabili þöggunar, meðvirkni og skjallbandalaga. Við þurfum hreinskiptna og óvægna umræðu um kost og löst á hverju máli og á hverri hugmynd.

Við þurfum að breyta stjórnarskrá og gera ríkisstjórnina að einu stjórnvaldi. Þá þurfa allir ráðherrar að axla ábyrgð á öllum ákvörðunum ríkisstjórnar. Slíkt skýrir pólitíska ábyrgð og gerir kjósendum betur kleift að tengja saman orð og athafnir. Það er komið nóg af ríkisstjórnum með tvær stefnur í álversmálum og hvalveiðimálum, með tilheyrandi hráskinnaleik og óljósri ábyrgð gagnvart kjósendum. Það er komið nóg af því að einn ráðherra misfari með veitingavald og þvingi samt í reynd aðra ráðherra til að axla samábyrgð af lögleysu og valdníðslu. Við þurfum eina ríkisstjórn með eitt markmið en ekki tólf ráðherra sem halda að þeir séu tólf sólir í tólf sjálfstæðum sólkerfum. Í kjölfarið þarf að brjóta niður múra milli ráðuneyta og afnema þannig smákóngavald sem hamlar skipulegu starfi og árangri í opinberri stefnumörkun. Styrkja þarf forsætisráðuneytið verulega og fela því stefnumörkunarhlutverk og yfirstjórn allrar lagasmíðar á vettvangi stjórnarráðsins.

Styrkja þarf sjálfstæði embættismanna í stjórnsýslunni. Afnema þarf algerlega pólitískar ráðningar. Taka á ráðningavald úr höndum ráðherra og fela það nýrri starfsmannaskrifstofu í stjórnarráðinu sem lúti þingkjörinni yfirstjórn og utanaðkomandi eftirliti. Dómara á að skipa af ríkisstjórn í heild sameiginlega og skipan þeirra að vera staðfest af 3/5 hluta þings.

Hin nýja starfsmannaskrifstofa á einnig að vera ábyrg fyrir því að fullnægjandi þekking og reynsla sé tiltæk í stjórnsýslunni á hverjum tíma, þar á meðal á áhættumati og árangursstjórnun. Gera þarf embættismönnum skylt að gera mat á áhættu af stöðu mála á verkefnasviði þeirra og leggja þannig grunn að upplýstum ákvörðunum um viðbrögð við hættu. Styrkja þarf faglegan aga í stjórnsýslunni með aðild að Evrópusambandinu og auknu návígi íslenskra embættismanna og ráðherra við kollega í öðrum löndum.

Endurreisa þarf Þjóðhagsstofnun til að sinna því hlutverki að veita faglega og óháða ráðgjöf um efnahagsmál, með enn skýrari hætti en hún þó gerði á sínum tíma. Jafnframt þarf að verja faglegt sjálfstæði Seðlabankans fyrir hinu pólitíska valdi og gera honum þannig kleift að leggja sjálfstætt og heildstætt mat á fjármálastöðugleika og þau atriði sem ógna honum.

Leggja þarf grunn fyrir langtímasjónarmið í efnahagsmálum, draga úr áhættusækni og gera fyrirtækjum kleift að taka ákvarðanir og gera áætlanir til lengri tíma. Grundvallaratriði í því efni er aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru sem gjaldmiðils. Stefnumörkun þar um þolir enga bið. Með lægri vöxtum og auknum gengisstöðugleika skapast loks tækifæri hér á landi fyrir ýmsan áhættulítinn rekstur með litla en stöðuga hagnaðarvon.

Efla þarf Fjármálaeftirlitið og fá þar til starfa erlenda sérfræðinga fyrst um sinn. Setja þarf almenna launastefnu í nýju bönkunum sem komi í veg fyrir ofurlaunaþrýsting. Jafnframt þarf að tryggja að afkastahvetjandi launakerfi í bönkum verðlauni ekki einungis útþenslu heldur einnig ábyrgð, aga og aðhald.

Stjórnmálastarf þarf að endurhugsa í ljósi nývaknaðs áhuga á milliliðalausri þátttöku. Kosningalög þurfa að endurspegla rétt fólks til persónukjörs innan ramma flokkslistavals. Við verðum að varast þær hættur sem felast í fyrirframgefnum niðurstöðum, þöggun og innpökkuðum stjórnmálalausnum. Við þurfum þvert á móti að brjóta stjórnmálunum leið út úr bakherbergjunum og ýta þeim fram í dagsljósið. Til þess þurfum við að læra að nýta kosti umræðu og skoðanaskipta og óttast ekki heiðarleika og hreinskiptni.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Kærastinn hæfastur?

**UMRÆÐAN**
Sigurður Kári Árnason skrifar um starfsráðningar


SIGURÐUR KÁRI ÁRNASON

Stúdentaráð Háskóla Íslands réð sér framkvæmdastjóra á dögunum. Samkvæmt lögum ráðsins skal framkvæmdastjóri vera faglega ráðinn. Um er að ræða fullt starf sem felst í yfirliti með bókhaldi og rekstri skrifstofu SHÍ. Um stöðuna sóttu að þessu sinni þrír umsækjendur A, B og C. Tveir þessara umsækjenda, A og B, eru Stúdentaráðsliðar fyrir Vöku, sem hefur nú meirihluta í ráðinu. C er óháður.

Umsækjandi A er í BA-námi við HÍ. Hann sótti um stöðu framkvæmdastjóra SHÍ fyrir ári síðan en var ekki ráðinn. Vaka hótaði þá að kæra þá ráðningu á grundvelli þess að gengið hefði verið fram hjá hæfasta umsækjandanum. Nú var þó komið annað hljóð í strokkinn, því þrátt fyrir að Vaka hafi talið A hæfasta umsækjandann í fyrra var hann ekki ráðinn í ár.

Umsækjandi C tilheyrir engri fylkingu innan Stúdentaráðs, hefur lokið BA-gráðu og er í meistaranámi í mannauðsstjórnun við skólann. C hefur starfað undanfarin tvö ár sem framkvæmdastjóri Stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands, sem nú hefur sameinast HÍ. Umsækjandi C var ekki ráðinn í starfið.

Umsækjandi B er í BA-námi við HÍ og hefur setið í stjórn nemendafélags við skólann sem og í stjórn Stúdentasjóðs. Hann er einnig kærasti núverandi formanns Stúdentaráðs fyrir hönd Vöku. Umsækjandi B var ráðinn framkvæmdastjóri SHÍ.

Stúdentar við HÍ eiga heimtingu á að vita hvað lá því til grundvallar að B var ráðinn í starfið. Hvað réð því að hann var metinn hæfari en umsækjandi A, sem Vaka taldi hæfasta umsækjandann í fyrra, og umsækjanda C, sem býr yfir sambærilegri starfsreynslu og þeirri sem sóst var eftir, auk meiri menntunar en hinir umsækjendurnir? Engin augljós málefnaleg ástæða er fyrir því að C var ekki ráðinn í starfið og kalla ég eftir þeirri ástæðu.

Að framangreindu ber ekki á öðru en að meirihluti stjórnar Stúdentaráðs hafa brotið eigin lög, sýnt hæfum umsækjendum lítilsvirðingu og orðið sjálfum sér þar með til mikillar minnkunar.

*Höfundur situr í stjórn SHÍ fyrir Röskvu.*


**KRINGLUKAST** stendur yfir í Kringlunni. Á kringlukasti bjóða verslanir 20 til 50 prósenta afslátt af nýjum vörum. Kjörið tækifæri til að versla fyrir fermingar og útskriftir.





**Sölufulltrúar** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447



**NÝJAR VÖRUR**
Kjólar við buxur
kr. 6900.-



Rita
Bæjarlind 6 .. Eddufelli 2
S. 554-7030 S. 557-1730

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



Þurrkari
- 10 kg -

Þvottavél
Topphlaðin
- 10 kg -

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS




Guttormur klæðist hér mokkajakka sem afi hans saumaði og bindi frá Kormáki og Skildi. Peysuna keypti hann í H&M.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Afi vill setja hann á safn

**Þegar Guttorm Þorsteinsson vantaði jakka stökk afi hans niður í kjallara og sótti forláta mokkajakka sem hann saumaði. Jakkinn hitti í mark enda þægilegur og úr gæðaefni sem hæfir smekk eigandans.**

„Ég geng aðallega í skyrtum og þá oftast með gallabuxum. Stundum er ég í peysu með v-hálsmáli og flauelsjakka þannig ég er í frekar dæmigerðum sagnfræðingafötum ef svo má segja," útskýrir Guttormur Þorsteinsson kíminn en hann er nemi í sagnfræði við Háskóla Íslands.

Guttormur leggur áherslu á að fötin passi vel saman og séu þægileg. „Þá reyni ég að velja saman liti og reyni að sjá til þess að heildarmyndin sé góð. Ég fer samt stundum í skæra liti og eru það þá helst peysur og bindi sem um ræðir. Ég á til dæmis tvær skærlitar peysur og bleika skyrtu sem mér finnst mjög flott. Ég er alveg óhræddur við liti," segir hann og bætir við að einn uppáhaldsliturinn sinn sé fjólublár. „Nánast öll bindin mín eru fjólublá og rendur eru mér að skapi."

Guttormur segist vera frekar venjulegur þegar kemur að fatainnkaupum. „Ég eltist ekki við vörumerki og hef heldur ekki verið mikið í að kaupa notuð föt þar sem ég vil helst ganga í bómull, ull og öðrum náttúrulegum efnum. Notuð föt eru oft úr gerviefnum sem mér finnst ekki eins þægileg. Oftast versla ég bara í Zöru, Dressmann, H&M og þess háttar búðum," segir hann einlægur og bætir við að hann eyði ekki háum fjárhæðum.

Mokkajakkinn sem Guttormur klæðist á sér hins vegar skemmtilega sögu en afi hans saumaði hann. „Þetta er ein af mínum uppáhaldsflíkum. Afi minn, Steinar Júlíusson, er feldskeri og saumaði jakkann. Hann er um 20 til 30 ára gamall og einhvern tíma þegar mig vantaði yfirhöfn þá fann afi hann fyrir mig niðri í kjallara," segir hann. „Síðan hefur afi sagt að þegar ég hætti að nota jakkann þá ætli hann að setja hann á safn, en ég held nú að það verði ekki í bráð," segir Guttormur og brosir í kampinn.

*hrefna@frettabladid.is*


LAGERÚTSALA
HÆÐASMÁRA 4, KÓPAVOGI



Höfum bætt við nýjum vörum

OPIÐ 14-18
mánud.-föstud.

Allir BH. 1900 kr.
Nærbuxur 900 kr.
2 x g-strengir 900 kr.
Sundfatnaður 1500 kr.

Kvenfatnaður og margt margt fleira



Ný sending
af glæsilegum
sundbolum frá Anita

Stærðir 38-54.

SIGURBOGINN
Laugavegi 80, 101 Reykjavík • sími 561 1330
www.sigurboginn.is

# ;TÍSKA

**OFURFERMINGARLEIKUR** Smáralindar er í fullum gangi. Til að taka þátt í leiknum þarf að fylla út þátttökuseðil sem er að finna í verslunum Smáralindar og skila í pott á Þjónustuborði, í bíóinu eða miðsvæðis á göngugötu.





Karl Lagerfeld fullkomnaði útlit margra fyrirsæta sinna með nokkurs konar hjálmi.

NORDICPHOTOS/AFP



Geimskutlur og stjörnur skreyta þennan samfesting frá indverska hönnuðinum Manish Arora.



Viðbúin öllu. Höfuðbúnaður frá Manish Arora.

## Óður til framtíðar

**Haust- og vetrartískan er svolítið framúrstefnuleg þetta árið og margt nýtt kynnt til sögunnar.**

Fjöldi fatahönnuða kynnti áherslur sínar í tískunni fyrir haust og vetur 2009 í París á dögunum. Á pöllunum kenndi ýmissa grasa en áberandi var einhvers konar óður til framtíðar og voru mörg módelanna eins og persónur klipptar út úr vísindaskáldsögum.

*emilia@frettabladid.is*



Af Vandevorst með allsérstakan kjól.

Drottning frá öðru sólkerfi í fatnaði frá Karl Lagerfeld.

Módel Ninu Ricci í svörtu frá toppi til táar.

Framúrstefnulegt frá Sharon Wauchob.


Fágun og glæsileiki KAREN MILLEN



KRINGLAN | SMÁRALIND



teg. 8407 - glæsilegur létt fylltur bh í BC skálum á kr. 3.850,- boxer buxur í stíl á kr. 1.950,-

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 3366

Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14

www.misty.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki




Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Auglýsingasími

512 50 50




– Mest lesið

SÍÐASTA VIKA LAGERSÖLU 70% AFSLÁTTUR AF ÖLLU

MaxMara HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862

MARINA RINALDI

STÆRÐIR 42-54



ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

# Bling-blingið er búið að vera

Enn ein tískuvika hafin og tískublaðamenn og þotuliðið á þönum á milli 99 tískusýninga þar sem haust- og vetrartíska 2009-2010 fyrir dömur er sýnd og spurningin alltaf sú sama á hverri sýningu: er hún undir kreppumerkjum eða ekki. Einnig reyna blaðamenn að lesa út úr hönnuninni hvernig fatahönnuðirnir upplifa þetta erfiðleikatímabil sem nú gengur yfir og hvaða áhrif það hefur á hönnunina. Einstaka hönnuður eins og Albert Elbaz hjá Lanvin gengur svo langt að leita í þá smiðju hvernig konur hafa verið til fara á stríðstímum. Kenning hans er að konur séu aldrei meira tilhafðar en á kreppu- og stríðstímum. Í seinni heimsstyrjöldinni styttu konur til dæmis eða saumuðu upp úr gömlum pilsum og kjólum þar sem að efni var af skornum skammti. Þess vegna eru kjólarnir hjá Lanvin einstaklega glæsilegir og sumir gerðir úr efnum sem eru þakin ísaumuðum glitrandi flögum.

Gareth Pugh hefur vakið mikla athygli á síðustu tískuvikum og þykir einn sá efnilegasti um þessar mundir og þrátt fyrir að hafa aðeins sýnt frá því árið 2005 hefur hann til dæmis hannað búninga fyrir áströlsku söngkonuna Kylie Minogue. Nú þegar Jean-Paul Gaultier er löngu vaxinn upp úr því að vera „L'enfant terrible de la mode“ er vissulega hressandi að sjá þennan enska hönnuð blómstra. Í stað tískusýningar bauð hann upp á svarthvíta kvikmynd undir gotnesk-japönskum, matrix áhrifum. Hann segir það óviðeigandi að eyða í of miklu í tískusýningu þegar allir tala um að spara. Kjólarnir hans hafa gríðarlegt ummál sem hægt er að breiða úr í allar áttir, einnig sáust síðpils með jökkum sem höfðu geysistórar hettur. Kannski er hægt að tala um að sambland af frelsisleit og pönki einkenni stílinn.

Í lok tuttugustu aldar var það Nicolas Ghesquière sem var í hlutverki Gareths Pugh en hann hefur elst og þroskast og sýnir nú á hinu geysifína Crillon hóteli þar sem tugir stjarna létu ljós sitt skína á sýningu Balenciaga. Enn og aftur var sótt í heimildarsafn tískuhússins enda ekki mikið um frumlega hugsun í heimi tískunnar í dag þó að hönnunin sé óaðfinnanleg.

Sumir hafa þó látið skynsemina og auraskjóðuna ráða eins og hin unga Valerie Anne Hach sem í stað þess að leigja sýningarsal í þríhyrningnum undir Louvre-safninu bauð hún á sýningu í vinnustofunni sinni og hélt tvær sýningar til að geta boðið fleirum. Hönnunin var sambland af kvenlegu og karllegu sem er miklu uppáhaldi hjá henni. Jökkum með skörpum línum og breiðum öxlum var blandað saman við fínleg kvenleg efni. Flestar eiga þó sýningarnar sameiginlegt að þessu sinni að vera heldur jarðbundnari en oft áður.

*bergb75@free.fr*



Erna blandar ullinni við fínleg efni.

MYND/EYÞÓR ÁRNASON

# Kurl í Kirsuberjatrénu

**Erna Óðinsdóttir blandar íslensku ullinni við glans og glamúr.**

Sýningin Kurlin í klæðinu verður opnuð í Kirsuberjatrénu í dag klukkan 17 en þar gefur að líta flíkur klæðskerameistarans Ernu Óðinsdóttur sem hún hannar undir merkinu kurl project, Iceland. Sýningin stendur til 30. mars.

Erna leggur höfuðáherslu á íslensku ullina sem hún blandar við önnur efni. Í hönnun hennar mætast gróf og fínleg efni, sem gjarnan glansa og glitra. Þá eru hringir Ernu hugleiknir ásamt hinum ýmsu munstrum úr íslenskri náttúru.

- ve


Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar



SÚKKULAÐIVAX

HAFRAVAX

SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta

ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

TRIND

Ávallt No 1



Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com

Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

www.lyfja.is

ESTĒE LAUDER

Gjöfin þín í Lyfju

Allt þetta fyrir þig ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 3.900 kr. eða meira í Lyfju Lágmúla og Lyfju Smáratorgi dagana 12. – 18. mars.*

**Gjöfin inniheldur:**

Daywear 7 ml – rakakrem
Advanced Night Repair 7 ml – viðgerðardropa
Gentle Eye Makeup Remover 30 ml – augnfarðahreinsi
Pure Color – augnskuggabox með 4 litum
Sumtuous Mascara – svartan
Signature Lipstick – litur, soft amethyst
Pure Color Gloss – litur, star pink

Verðgildi kr. 14.315
*meðan birgðir endast



Ath. Gjöfin fæst aðeins í Lyfju Lágmúla og Lyfju Smáratorgi, gildir ekki með öðrum tilboðum
Lyfja Lágmúla sími 535 2300 - Lyfja Smáratorgi sími 564 5600

LYFJA - Lífið heil



Nýtt Nýtt

Mjög góð verð. Nýtt kortatímabil, sendum í póstkröfu.



kr. 6.995
svartir og hvítir



kr. 7.995
svartir



kr. 9.995
Offwhite og svart



kr. 8.995
Svartir og rauðir

EUROSKO
SKÓHÖLLIN
Firði Hafnarfirði S: 555-4420

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

**bílaborg.is**



M.BENZ M ML350 100 % LÁN. Árgerð 2003, ekinn 113 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.990.000. áhvíl 2.8 millj. Fæst gegn yfirtöku



VW POLO. Árgerð 2006, ekinn 56 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.290.000. 100% lán



VOLVO XC90 V8. Árgerð 5/2007, ekinn 35 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 7.990.000. Umboðsbíll. Glæsilegur bíll vel búin.



TOYOTA LAND CRUISER 100 V8 33" BREYTTUR. Árgerð 1/2000, ekinn 160 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Tilboðsverð 1890 þús



MMC PAJERO GLS. Árgerð 8/2000, ekinn 148 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.790.000. tilboðsverð 1490 þús



LEXUS GS300 100% LÁN . Árgerð 2001, ekinn 108 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.390.000. fæst gegn yfirtöku.



LAND ROVER RANGE ROVER SPORT SE DÍSEL . Árgerð 4/2007, ekinn 35 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 8.950.000. Umboðsbíll. Glæsilegur bíll. Ath skipti



LAND ROVER FREELANDER 100 % LÁN . Árgerð 8/1999, ekinn 170 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 590.000. lán 500 þús fæst gegn yfirtöku.



JAGUAR X TYPE 4X4 . Árgerð 8/2003, ekinn 64 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð áður 2590 þús tilboðsverð 1590 þús



AUDI Q7 QUATTRO 100% LÁN . Árgerð 2007, ekinn 23 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 7.990.000. áhvíl lán 73.3 mill. Fæst gegn yfirtöku á láni

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

**Bílabankinn**



KIA ELAN ROADSTER. Árgerð 2000, ekinn 17 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.590.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is



### Útsala.. 990 þús staðgreitt!!

Allt að 100% lán í boði TOYOTA RAV4 LANGUR 4WD. Árgerð 2001, ekinn 111 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Tilboð miðast við staðgreiðslu 990 Þús



### útsala útsala 1990 þús

Allt að 100% lán í boði SUBARU LEGACY LUX . Árgerð 2006, ekinn 96 þ.km, BENSÍN leður lúga krókur , Sjálfskiptur. Verð 2.190.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

Hringiðan Internetþjónusta
Hringdu núna 525 2400 www.vortex.is
VEF & LÉN hýsingar Verð frá 990.- kr.

**Hringiðan**
**Hringdu núna í síma 525 2400,**
**www.vortex.is**

HÖFÐABÍLAR – þar sem bílar seljast



TOYOTA COROLLA VERSO 7 MANNA. Árgerð 2004, ekinn aðeins 64 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.930 þús TilboðVerð 1.550. þús Góð sumar og vetrardekk. Rnr.127301

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

Motor sport





### Vespur

Vorum að fá Ítalskt hannaðar vespur á verði sem þekkist ekki lengur kr 285,000,- 50cc kr. 335,000,- 125cc svartar og hvítar. Sjón er sögu ríkari

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

TOYOTA SELFOSSI



Enn óskum við eftir Hilux bifreiðum frá 50.000 krónur og uppí 650.000 krónur. Bensín eða Dísel skoðum bæði ! Erum með kaupendur... Einnig óskum við líka eftir Land Cruiser 90 fyrir 700.000 krónur og minna og sömuleiðis Land Cruiser 60 1986 árg og yngri. ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND !



Óskum eftir Hiace bifreiðum frá árg 1990 til 2000. Helst Bensín en skoðum Dísel líka ! 4WD eða 2WD skoðum bæði ! Erum með kaupendur... Einnig óskum við Carinu og Corollu Sedan árgerð 1997 og eldra. ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND !



Óskum eftir MMC L200 Pallbílum frá árg 1997 til 2001 ! Frá 200.000 kr til 600.000 kr. Erum með kaupendur.... ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND !



Óskum eftir 12 til 15 þúsund lítra tankbíl. 1988 til 1995 árgerðir af Scania eða Volvo.




Toyota Corolla 1.4 Vvti H/B (136154) 2/2002, bensín, 5 gíra bsk, ekinn 103 þús km, filmur, spoiler, ofl... Ásett verð 950 þús. Áhvílandi 950 þús. 100% YFIRTAKA. Nánari uppl. í síma 664-8004.

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

100 bílar.is bílasala




SG291) DODGE MAGNUM R/T, árg. 2005, ek.2þús.km, leður, topplúga, loftkæling, rafmagn, omfl, Mjög flottur bíll!! Ásett verð 2980þús.kr, Tilboð 2500þús. kr stgr!!!

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

**Breiðan ehf 821-6292**



Dodge 1500 extra cab árgerð 1996, 8 cylindra, bensín, ný 35" dekk, 6 manna, ekinn 165 þús.km., sk.'10, 100% lánað, verð kr. 680.000,- S. 821-6292



Toyota Avensins árgerð 2006, diesel, beinskiptur, ekinn aðeins 50 þús., 17" álfelgur, sumardekk fylgja, leður, svartur, sk.'10, verð kr. 2.780.000,- 821-6292



Skoda Oktavia Combi árgerð 2004, ekinn 108 þús., 2,0 vél, beinskiptur, sk.'10, 100% lánað, verð kr. 1.090.000,- S. 821 6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu

Jeppadekk 25%
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3 • 112 Reykjavík
Sími 567 4468
Tilboðið gildir út mars



### Tryllitæki

Pontiac Trans Am 96. Gullmoli. Mikið vélarafl. Flækjur. Ótrúlegt sánd innan og utan. 1,5 m. s.557 6590.

RTR DRIFT
Tómstundahúsið

Fjarstýrðir Drift bílar í úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is



Benz Kompressor 180c árg. 02. 2 eigendur. Ásett 2100þ. TILBOÐ 1650 stgr. S. 695 4847.



### Tilboð 350 þús.

Nissan Micra 1300, 5g., bsk., árg. '99, ek. 111 þús. Sparneytin og góður bíll. Nýskoðaður. (Ásett verð 400þ.) Uppl. í s. 659 3459.



Til sölu Cadillac Devilla árg. '97, drappl., 4600cc sjsk. m. öllu. Ekinn 210.000. Í góðu lagi og skoðaður. Verhugmynd kr. 720.000.- eða tilboð. Uppl. í s. 892 9171.



Land Cruiser 90 í toppstandi, árg. '98 sk., nýtt hedd. Tilboð 950 þús. S. 771 1700.



SSANGYONG MUSSO Árgerð 1997 Ekinn 146 þ.km. 4 cyl bensín. Nýskoðaður, einn eigandi frá upphafi. Ný dekk. Gott eintak. Verð 390 þús. Upplýsingar hjá 100 Bílum s. 517 9999 & 848 4490.



Subaru Legacy outback árg.'98. Sk.'10. Ek. 215 þ. Verð 290 þ. stgr. S. 857 3000.



Subaru Forester árg.01 ek 115þ,sjálfsk,leður,álfelg,drátt-arb,sk2010.V 960þ.s 6176029



Audi A6 '96 bíll fyrir unga fólkið. Öruggasti bíllinn fyrir nýliða. V. ca. 400þ. S. 861 9939.



L 200 10.06, ek.68 sjsk, v 2.990.000 17" felgur 32" dekk Uppl hjá bílasölu selfoss 4824002

Audi A8 '95 ek. 195þ. 4.0L bensín., ssk., leður, sk. '10. V. 680þ. Skoða skipti á Toyotu Previa, Hiace eða Transporter ekki eldri en '00. S. 894 3998.

400 þús fylgja yfirtöku á góðum Santa Fe. '05. Ek.85km. Afb. 58 þús. Tímar., start. og dekk með. S. 897 1464

## 0-250 þús.

Til sölu Toyota Camry 93'. þarf endurskoðun 10. Verð 100þ. Uppl. í s. 848-5280.

Til sölu Toyota Corrola árg 94' ekinn 135þ. Góður bíl verð 150þ staðgr. S 8984611

## 500-999 þús.



Ford Explorer 1997 sjálfsk ek 166þkm Gott eintak verð 490.000. Upplýsingar hjá 100 Bílum s. 517 9999 & 848 4490.

## 2 milljónir +



Cadillac Escalade árg. 12/"07. Ekinn 20 þús. km. Með gjörsamlega öllum aukahlutum sem Cadillac býður upp á. Bara flottur ! Verð 8.990 þús. Ath. öll skipti eða góðir lánamöguleikar. Uppl. í s. 898 2111.

## Bílar óskast

Við stórlækkum sölukostnað!
Skráðu bílinn hjá okkur - frítt!
NETBÍLAR www.netbilar.is

### Nú er tími notaðra bíla

Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölukostnaður frá aðeins 29.900.- fyrir þitt ökutæki.Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300




# dýrin okkar

FIMMTUDAGUR 12. MARS 2009

## Glaðir hundar

**Í Voffaborg er daggæsla fyrir hunda. Þar ríkir mikið líf og fjör.**

BLS. 2





FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stórglæsileg sérblöð,

**Föstudagur**
**Heimili og hönnun**
**Matur**

fylgja Fréttablaðinu um helgina.

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:**

Benedikt í síma 512 5411 eða benediktj@365.is
Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is
Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ




Alla föstudaga




Alla laugardaga




14. mars

# Gefur útiveru tilgang

Áhugi fólks á fuglum fer ört vaxandi og fjölgar fuglaskoðurum frá ári til árs. Fuglaáhugi er þó ekki nýr af nálinni og hefur löngum fylgt bændum og sjómönnum sem þekkja lífríkið í kringum sig.

Jóhann Óli Hilmarsson, formaður Fuglaverndarfélags Íslands, sem er eina félagið sem sinnir fuglum á landsvísu, segir um ódýra og ánæjulega iðju að ræða. „Það eru margar og mismunandi ástæður fyrir því að fólk leggur stund á fuglaskoðun. Sumir hrífast af lífi fuglanna úti í náttúrunni og finna aukinn tilgang með útiveru og gönguferðum. Aðrir hafa vísindalegan áhuga og vakta ákveðin svæði. Sumir safna tegundum og enn aðrir stunda fuglaljósmyndun svo dæmi séu tekin.“

Jóhann segir fuglaskoðara þurfa lítinn útbúnað til að byrja með. „Það eina sem þarf er sjónauki, fuglahandbók og ef til vill vasablokk til að punkta hjá sér athuganir.“ Eina íslenska greiningarhandbókin, sem verið hefur á markaði undanfarin ár, er Íslenskur fuglavísir eftir Jóhann Óla. „Hún verður tíu ára á næsta ári og verður haldið upp á afmælið með endurskoðun og endurútgáfu,“ segir hann. Flestar fuglahandbækur fjalla um það hvernig fólk á að bera sig að við að greina fugla úti í náttúrunni, hvaða einkennum skuli horft eftir, hvað hinir ýmsu líkamshlutar fuglsins heita, hvar þá er að finna og margt fleira.

Jóhann Óli segir hægt að hefja fuglaskoðun hvar sem er. Stórir opnir garðar eins og lystigarðar eða kirkjugarðar laða að sér margar tegundir fugla, sem kjósa þess háttar umhverfi, á meðan votlendi, vötn, mýrar og tjarnir, svo og fjörur og grunnsævi höfða til annarra tegunda.

Jóhann Óli segir víða hægt að skoða fjölskrúðugt fuglalíf á höfuðborgarsvæðinu og þar í kring og nefnir Seltjarnarnes, Álftanes, Elliðavatn, Reykjanesskaga og Reykjavíkurtjörn, þar sem yfir 100 fuglategundir hafa sést. Þá eru sjófuglabyggðir eins og Látrabjörg og Vestmannaeyjar algengir fuglaskoðunarstaðir svo og Mývatn, Djúpivogur og Breiðafjarðareyjar svo einhverjir séu nefndir. Nánari upplýsingar er að finna á fuglavernd.is. *- ve*



Lómur færir björg í bú í friðlandi Fuglaverndar í Flóa, norðan Eyrarbakka. MYND/JÓHANN ÓLI HILMARSSON









Gunnar Ísdal með vinum sínum á Voffaborg. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Skemmtilegt hundalíf

**Hundarnir á hundaleikskólanum Voffaborg vilja fæstir fara heim til sín eftir ærslafullan dag með vinum sínum.**

Á Voffaborg í Víðidal er mikið fjör og mikil læti allan daginn. Glaðsinna hundar hlaupa á eftir hver öðrum og á eftir boltum sem Gunnar Ísdal, eigandi og stofnandi Voffaborgar, kastar fyrir þá. Gunnar stofnaði Voffaborg sem hundahótel árið 2003 en daggæsla hunda byrjaði ekki að neinu ráði fyrr en tveimur árum síðar. „Það hefur verið að aukast hægt og rólega í daggæslunni og nú er mesta áherslan lögð á hana en minna er að gera á hundahótelinu, sérstaklega eftir að fólk fór að ferðast minna,“ segir Gunnar sem er með um tuttugu hunda hjá sér í daggæslunni á degi hverjum. „Þeim er svo skipt niður í nokkra hópa eftir stærð,“ útskýrir Gunnar en sömu hundarnir koma dag eftir dag á gæsluna þó reyndar sé töluvert af nýliðum þessa dagana. „Fólk er aðeins að átta sig á að þetta sé til,“ segir Gunnar glaðlega en í hundaleikskólanum koma hundarnir að morgni og fara heim aftur að kvöldi. „Flestir eru að leyfa hundinum að hitta aðra hunda og fá útrás. Svo er fólk að vinna mikið í sumum tilvikum og því gott fyrir hundinn að geta verið hér á daginn,“ útskýrir Gunnar og bætir við: „Þetta gerir lífið skemmtilegra fyrir hundinn.“

En hvernig er dagur í lífi hunds á Voffaborg? „Þeir koma að morgni og fara út með sínum hópum. Síðan fara þeir inn í hádegismatnum og fara út aftur eftir það og svo heim seinni partinn. Svo gengur þetta út á að láta þá leika og fá útrás,“ segir Gunnar sem sinnir hundunum allan daginn en Rebekka, eiginkona Gunnars, starfar að hluta með honum í Voffaborg en annars eru engir aðrir starfsmenn. „Við erum hundafólk af lífi og sál,“ segir Gunnar en þau hjónin eiga nokkra Chihuahua-hunda.

En hvernig vaknaði hugmyndin að leikskólanum? „Ég var með hótel fyrst um sinn og það var alltaf einn og einn sem var að spyrja hvort við gætum haft hundinn yfir daginn. Þá fór ég að gera meira út á þetta, fyrst í tilraunastarfsemi enda hélt ég að fólk myndi ekki nýta sér þetta að ráði. Svo sá ég þörfina enda var fólk mjög ánægt,“ svarar Gunnar og bætir við að daggæslan sé mjög vinsæl í dag. Hótelið sé ekki nema aukabúgrein núna enda hafi fólk minnkað mjög ferðalög frá því kreppan skall á.

Í Voffaborg mega aðeins vera tíkur og geldir hundar eða mjög ljúfir ógeldir hundar. „Hundarnir verða að vera hæfir öðrum hundum,“ segir Gunnar en allir hundar fara í nokkurra daga aðlögun til að byrja með enda ekki allir sem vilja vera í Voffaborg þó flestir kunni vel að meta hana. Gunnar segir algengt að hundarnir vilji ekki fara heim til sín að kvöldi. „Eigendurnir geta orðið mjög sárir,“ segir hann glettinn og segir fyndið að fylgjast með þeim á morgnana þar sem þeir æði inn um dyrnar æstir í að hitta leikfélagana. *- sg*

# Heldur frosk sem gæludýr

Vigdís Andersen á allar týpur af gæludýrum heima hjá sér, meðal annars froskinn Legolas sem hún eignaðist fyrir rúmu ári.

„Legolas er risastór og ég get ekki haldið á honum í einni hendi,“ útskýrir Vigdís en froskurinn er um eitt og hálft kíló. Ekki má handleika hann mikið út af húðinni og segist Vigdís einungis taka hann upp þegar hún þrífur búrið hans og er þá í latexhönskum. En er eitthvað gaman að eiga gæludýr sem ekki má klappa og knúsa?

„Já, mér finnst það gaman. Bæði er gaman að setja upp fallegt búr með landslagi og svo bara að hugsa um hann, fóðra hann og fylgjast með honum. Þetta er ekkert ósvipað því að eiga fiskabúr en meira gefandi af mínu mati.“

Legolas er af tegundinni African Bullfrog og að sögn Vigdísar er hann svokallaður fyrirsáti í náttúrunni þ.e. hann veiðir sér ekki til matar en heldur kyrru fyrir þangað til bráðin á leið framhjá, þá stekkur hann á hana. Froskarnir éta skordýr þegar þeir eru litlir en þurfa meira eftir því sem þeir þyngjast og stækka.



Vigdís Andersen hefur átt froskinn Legolas í tæp tvö ár en hann er orðinn 1,5 kíló. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Núorðið étur Legolas dauðar mýs sem ég á í frysti. Ég set ekki lifandi mús í búrið hans til að fylgjast með honum veiða hana, það er ekki minn tebolli. Ég rækta mýsnar sjálf en ég á þær líka sem gæludýr.“

Eins og fyrr sagði heldur Vigdís fjölda gæludýra heima hjá sér og segir íbúðina sína undirlagða en þannig vilji hún hafa hlutina. „Það eru eiginlega bara gæludýr heima hjá okkur. Við eigum til dæmis ekki sjónvarp og horfum bara frekar á gæludýrin,“ segir Vigdís glaðlega. *- rat*



Svanhildur með kettina og mæðgurnar Þulu og Bóthildi. Rottweilerinn Penelópa og irish setterinn Eðal-hippi fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Mannelskir og óttalausir

**Segja má að kattaræktandinn Svanhildur Kristín Rúnarsdóttir búi í hálfgerðum dýragarði, þar sem hún er með tvo hunda og fjóra ketti á heimilinu. Þykja þrír kattanna í meira lagi sérkennilegir í alla staði.**

„Þetta eru mjög mannelsk og lifandi dýr sem óttast ekki nokkurn skapaðan hlut,“ segir Svanhildur Kristín Rúnarsdóttir um þrjá heimiliskettina sem eru af tegundinni Cornish Rex, tvær læður og fress. Ekki er það þó lundarfar dýranna sem vekur athygli heldur sérkennilegt útlitið. Cornish Rex eru áberandi grannir kettir, háfættir og eyrnastórir og snögghærðari en gengur og gerist. „Í raun vantar þá yfirfeld og liðaður undirfeldurinn minnir einna helst á bylgjupappír,“ útskýrir Svanhildur stolt.

Vegna hárleysisins leita kettirnir í hlýju og halda sig frekar innandyra að hennar sögn. „Gagnstætt flestum kattategundum finnst Cornish Rex gott að skríða undir sæng. Þeir reyna líka að troða sér inn á mann og þar sem þeir eru ekkert sérstaklega loðnir finnur maður mikið fyrir líkamshitanum. Þar að auki hef ég lítið orðið var við hár; þau minna frekar á mjúkan dún heldur en dæmigerð kattahár.“

Svanhildur viðurkennir að sumum bregði í brún við að sjá skepnurnar. Flestum falli þær þó í geð eftir að hafa jafnað sig og þá sérstaklega yngstu kynslóðinni. „Krakkarnir alveg elska þá, og kettirnir taka vel í atlot af þeirra hálfu. Annars er algengt að fólk fái sér einn svona kött og haldi sig við tegundina eftir það,“ segir Svanhildur, sem hafði ræktað persa um nokkurra ára skeið og ætlað að hætta ræktun þegar hún fékk Cornish Rex gefins og kolféll fyrir tegundinni.

„Ætli það hafi ekki haft sín áhrif hversu mannblendnir og óttalausir þeir eru,“ segir hún og nefnir sem dæmi að ættmóðirin, Arnardrangs-Þula, hafi látið verða sitt fyrsta verk að ganga upp að öðrum heimilishundinum, rotweilernum Penelópu, og þefað af honum. „Læðunni stóð á sama þótt Penelópa sleikti hana hátt og lágt og nuddaði sér svo bara upp við hinn hundinn, irish setterinn Eðal-hippa.“

Svanhildur segir að yfirleitt ríki sátt og samlyndi á heimilinu. „Ef það slæst aftur á móti upp á vinskaðinn, er tíkin Penelópa fljót að stilla til friðar.“ *- rve*



Vinirnir Eðal-hippi og Penelópa hvíla sig, enda geta fyrirsætustörf tekið á.



Fressið Bon-Bon flutti Svanhildur sérstaklega inn til undaneldis.

## VISSIR ÞÚ ...

að auga strútsins er stærra en heili hans?

að letidýr sofa 17 tíma á sólarhring en dreymir aðeins í 70 mínútur?

að suðurheimskautssvæðið er eina heimsálfan án skriðdýra?

að ef þú heldur gullfisk nógu lengi í myrkri verður hann hvítur?

að kameljónið getur hreyft augun í báðar áttir í einu?

að tunga kameljónsins er tvisvar sinnum lengri en búkurinn?

að simpansi getur lært að þekkja sig í spegli?

að í musteri í Indlandi sem tileinkað er guði rotta, Karni Mata, eru yfir 20 þúsund rottur?

að rotta getur lifað lengur án vatns en kameldýr?

að albatrosi getur sofið meðan hann flýgur?

að móðurmjólk hvala er um tíu sinnum fituríkari en móðurmjólk manna?

að í lok Bítlalagsins „A Day in the Life“ er hljóð sem aðeins hundar geta heyrt? Paul McCartney tók upp hljóðið fyrir hundinn sinn.






**Sauðárkróks hrossin**

Ráðstefna á vegum Söguseturs íslenska hestsins

Frímúrarahúsinu Borgarmýri 1, Sauðárkróki, laugardaginn 21. mars n.k. kl. 13.00

Dagskrá: *Fundarstjóri: Víkingur Gunnarsson*

13.00 Setning
13.15 Guðlaugur Antonsson: Sauðárkrókshrossin í 70 ár
14.00 Bjarni Þorkelsson: Kostir og gallar Sauðárkrókshrossa - átök ræktanda og ráðunautar
14.30 Ágúst Sigurðsson: Áhrifamiklir einstaklingar úr Sauðárkróksræktuninni. Tölfræðileg greining á helstu ættfeðrum
15.00 Kaffi
15.30 Ingimar Ingimarsson: Ræktandinn og hestamaðurinn Sveinn Guðmundsson
16.00 Guðmundur Sveinsson: Bústang hversdagsins
16.30 Umræður
17.00 Veitingar

**Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.**
*Skráning þátttöku: sogusetur@sogusetur.is*
*eða í síma 455 6345, 896 2339*

Alþjóðleg miðstöð þekkingar og fræðslu um sögu íslenska hestsins

Sögusetur íslenska hestsins, Hólum í Hjaltadal, sími: 455 6300, sogusetur@sogusetur.is, www.sogusetur.is



DÝRALÆKNASTOFA DAGFINNS

**Breyttur opnunartími:**
**8:30 – 18:00 virka daga.**
**11:00-13:00 laugardaga.**

**www.dagfinnur.is**



ÆSKAN & HESTURINN 2009

REIÐHÖLLINNI VÍÐIDAL



Laugardaginn 14. mars
kl. 13:00 & 16:00
Sunnudaginn 15. mars
kl. 13:00 & 16:00

Frábær fjölskylduhátíð í boði
7 hestamannafélaga
á höfuðborgarsvæðinu.
Ýmis skemmtiatriði
þar á meðal Jónsi.

ÓKEYPIS AÐGANGUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Menntamálaráðuneytið
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Félags- og tryggingaráðuneytið

Verkfræðistofa Suðurnesja | Marver | Húsihólmi ehf
Securitas Reykjanesi | Alhliða pípulagnir | Artichestar

# Sjá um fiskabúr fyrirtækja


Ragnar Geirdal við eitt af fiskabúrum Dýraríksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fagrir fiskar í búrum gleðja augað. Dýraríkið býður upp á sérstaka þjónustu fyrir stofnanir og fyrirtæki sem vilja vera með fiskabúr.

„Við setjum upp búr fyrir stofnanir eða fyrirtæki og höldum búrunum við,“ segir Ragnar Geirdal hjá Dýraríkinu.

„Við skiptum um vatn, þrífum búrin, fóðrum fiskana og sjáum um allt almennt viðhald,“ segir Ragnar og nefnir nokkur fyrirtæki og stofnanir sem nýta sér þessa þjónustu. „Þetta eru meðal annars Landspítalinn, Grensásdeild og svo er eitt búr á biðstofunni í Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Mjódd,“ segir Ragnar.


Fiskar hafa róandi áhrif.

„Við erum með bæði ferskvatns- og sjávarbúr af öllum stærðum og gerðum og svo fer eftir stærð búrsins og umfangi hversu þjónustan er mikil,“ segir Ragnar en sjálfvirkur matargjafari sér um að fóðra fiskana og starfsmenn Dýraríkisins sjá um að fylla á matinn.

En til hvers að vera með fiskabúr? „Búrin þjóna bæði sem skraut og afþreying,“ útskýrir Ragnar og telur engan vafa á því að fiskarnir veiti fólki gleði. *- sg*

## Einstök eyru

Kettir eru ótrúlega snöggir að snúa eyrunum og er það mikill kostur þegar fylgst er með iðandi bráð en það gegnir líka hlutverki í boðskiptum.

Hreyfanleiki eyrnanna gerir kettinum kleift að heyra hljóð úr mismunandi áttum samtímis en kettir hreyfa eyrun lítið eitt til að meta hugsanleg viðbrögð andstæðinga sinna. Staða eyrnanna getur tekið þó nokkrum breytingum á meðan á því stendur. Mikilvæg varúðarráðstöfun er að leggja eyrun flöt ef átök verða því eyrun eru mikilvægt boðskiptatæki og nauðsynlegt að vernda þau. Nákvæm staða eyrnanna getur veitt mikilvæga vitneskju um þær hvatir sem að baki búa. *- hs*

*Heimild: Kattabókin eftir David Taylor*



## VISSIR ÞÚ ...?

að mýs eru lofthræddar og því er hægt að skilja þær eftirlitslausar uppi á borðum?

að mýs framleiða sitt eigið C-vítamín?

að mýs eru hrifnar af brauðskorpum og hörðu brauði?

að músaungar fara í keng þegar þeir eru bornir um?

að Grikkir og indíánar héldu að mýs væru rafboltar?

að meira en 300 ár eru liðin síðan Japanar hófu ræktun hvítra músa?

að tekist hefur að rækta bláar mýs?

að nafnið mús kemur upphaflega úr sanskrít og þýðir þjófur?

að mýs éta út í eitt og éta nánast hvað sem að kjafti kemur?

að kvenmús fæðir á spenum sínum afkvæmi annarra?

að sums staðar er því trúað að steikt mús eða músabaka lækni næturvætu?

að skott músa er jafn langt líkama þeirra?

að aldrei má taka mús upp á skottinu því það getur slitnað af?

að mýs sjá ekki rauðan lit?



Óska eftir station bíl, verðhugmynd 150 þús. Uppl. í s. 844 1011.

**Stgr. kr. 500þ.**
Óska eftir bíl á verðb. 500 þ. Þarf að vera ssk., sparneytinn sem þú ert til í að láta fara talsvert undur gangverði. Einni vantar annan bíl á verb. 200þ. S. 865 2670.

Óska eftir VW Transporter sendibíl, eða sambæril. fyrir 150-170þús stgr. Uppl. í s. 896 7579 Bjarni.

Ódýr bíll óskast má vera beyglaður eða bilaður verð 30 til 60 þúsund. uppl í síma 8204640

## Jeppar



**Grín Verð !!**
Til sölu Infiniti FX35 árg 2003 ek 43.þ mílur. Ásett verð 4.4.m fæst á 2.590.000.- stgr. engin skipti. Uppl í síma 896-5290

## Hópferðabílar



Til sölu M.Benz Sprinter árg. '05. 19+1+1 sæti. Uppl. í s. 696 9915 & 894 2146.

## Vespur



GÓÐAR VESPUR Á GÓÐU VERÐI. MARGIR LITIR Í BOÐI. VERÐ AÐEINS 199.999. HAGKAUP GARÐABÆ S. 563 5000.

## Tjaldvagnar

Óska eftir notuðum tjaldvagni, 4 manna eða stærri. Aðeins vel með farinn vagn kemur til greina. Staðgr. fyrir rétta vagninn. Christopher s. 8227601.

## Kerrur



Tveggja sleða kerra 250x330 cm fæst á 320.þ skipti á 200 þ sleða+120 í pening s 8997886

## Fellihýsi



Sunlite Skyhawk pallhýsi árgerð 2007 Passar á japanska pallbíla Verð: 1.200.000 Tilboð: 990 þús. Opnunartími: Mán-fös 13-18, lau og sun lokað. Hobbyhúsið ehf - Dugguvogur 12 - 104 Reykjavík - s. 517-7040 - www.hobbyhusid.is

## Bátar

Óska eftir smábát allt að 6 m. Svar sendist á halliblondal@gmail.com

## Hjólbarðar




Heilsársdekk með kvartskornum. Mun betra grip en hefðbundin dekk. Umhverfisvæn og hljóðlát. Aukið öryggi í hálku og bleytu. Styttri hemlunarvegalengd. Meira öryggi í beygjum. Amerísk gæðadekk. Söluaðilar; Efnir ehf, Vesturhraun 3, Garðabær S. 555 1122 - Nýbarði Lyngási 8 - Garðabæ S. 565 8600.




15" felgur með dekkjum undir VW 5 gata. Og 18" King Ranch felgur undir F-350 8 gata. Bæði nýlegar felgur. Seljast ódýrt. S. 869 9903.

## Varahlutir

**Notaðir varahlutir**
Eigum til og getum útvegað varahluti í VW, Skoda, Getz, Yaris o.fl. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 534 1045.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**555 6666**
Erum að rífa Benz S Class, VW Golf, Fiat Punto, Huyndai Getz, Bora, Polo, Passat, Caddy, Suzuki Swift, Honda Jazz, Toy. Avensis, Peugeot 206 & Boxer, Citroen Berlingo, Hyundai H1 diesel, MAN dráttarbíl 2005 og margt fl. Kaupum einnig bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888.










## Til sölu



## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

**Er tölvan biluð?**
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

Tölvuviðgerðir og gagnabjörgun, gott verð! Kem á staðinn. Baldvin s. 699 6735.

## Vélar og verkfæri










## Verslun



**NÝJAR VÖRUR 25% afsláttur**
Stærðir 34-52. Endilega kíktu inn á www.gala.is Verslunin Emilía Suðurlandsbraut 50 (Bláu húsin Faxafeni)S:588 9925 Opið 11-18.laug 11-16.




## Ýmislegt



**Hágæða skjávarpar með sjónvarpsmótakara**
Scart,HDMI,Hdready, USB,DVB,ofl 2200 ANSI, 600:1 Skerpa Tekur flest sjónvarpskerfi 35“-230“ mynd Frábært heimabíó eða í fundarsalin Tilboðsverð kr:160.000 Uppl. í síma 860 0800.

# HEILSA

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is



Viltu grennast? Áratugareynsla. Halli Toll S. 551 1706.




LR kúrarnir virka. 8 kg fóru á 3 vikum. Hressari og engin hungurtilfinning. s. 662 5599.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Skipstjórnarskólinn býður upp á smáskipanámskeið í lotufjarnámi og skemmtibátanámskeið í fjarnámi, nánari upplýsingar www.tskoli.is.

SCHOOL OF ICELANDIC

**AM/PM ! INTER-LINGUAL LEARNING TECHNIQUE**
Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 16/3. & 10-11:30 AM start 13/4. Level II: 4 w Md-Frd; 10-11:30 AM & 7w: 20-21:30; start 16/3 Level III: 10w: Tsd/ Thsd: 20-21:30: 28/4. Level IV:10w: Sat 14-16: 13/3. Ármúli 5, s.588 1169 - www.icetrans.is/ice

## Kennsla

Tattoo-meistarinn! Er byrjuð að taka inn fyrir vornámskeiðin í varanlegri förðun og/eða body-tattoo. Yfir 10 ára reynsla og fagmannleg vinnubrögð. Góðir tekjumöguleikar. S: 659 9508.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**Ökukennsla. Akstursmat. Endurtökupróf. S. 893 4515.**

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Óska eftir gefins kassavönum kettling á gott heimili. S. 822 9515.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, Ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með.**
**Upplýsingar í síma 7727553**

**Góð 2ja her. íbúð í 109 Rvk.**
**Örugg leiga, þvottavél, þurrkari, ísskápur, gardínur og öll ljós.**
**Upplýsingar í síma 7727553**

**www.leiguherbergi.is**

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**

**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

husaleiga.is

Vegna mikillar eftirspurnar stórvantar okkur eignir á skrá. Auglýsing kostar ekkert.

35 fm. stúdíóíbúð til leigu á sv. 110 Árb. - Selás. Innif. er hiti, hússj., sér geymsla og þvottah. í sameign. Laus. S. 868 2308 Níels.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Lítil 2ja. herb. ibúð til leigu. Sv. 108 Og dollarar til sölu á sama stað. S. 863 8892.

Nýjar studio íbúðir miðsvæðis í Hafnarfirði „Flatarhrauni“, með eldhúskrók og baðherbergi, önnur 25m2 hin 22m2 Húsaleigubætur fást á þessa íbúðir. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni m. þvottavél og þurrkara!! Upplýsingar í s:699-5595 milli 13:00 og 18:00

## Húsnæði óskast

Óskast eftir húsnæði sv. rvk og kóp. Herb. 4+ Langtímaleiga. S. 847 1430.

Par í öruggri vinnu óskar eftir 3-4herb. íb. hverfi 110, 113. Jarðhæð eða sérinngangur. 6612068

Skilvís reglusamur maður óskar eftir 3-4 herb. íbúð. Góð umgengni. Uppl. sendist á: jjjj@simnet.is

## Atvinnuhúsnæði

Iðnaðarbil til leigu í Hafnarfirði, stærðir frá 85 ferm. Hagstæð leiga. Uppl. 8224200

120 fm verslunarpláss til leigu. Góð aðstaða. Hentar vel til hverskyns verslunarreksturs. Til húsa að Suðurlandsbraut 6, við hliðina á Nings. Uppl. í s. 899 3760.

Snyrtileg skrifstofuherb. til leigu við Suðurlandsbraut. Gott útsýni. Uppl. í s. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Til leigu geymslur frá 5 til 17 m2. Allar með sér inngangi. Bretti á 2.900.- Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Rennismiður**
**Rennismiður eða járniðnaðarmaður vanur rennibekk óskast. Einnig vantar aðstoðarmann eða nema**
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is fyrir 15. Mars merkt: Rennismiður**

Eld Smiðjan ENGRI LÍK!

**Eldsmiðjan á Suðurlandsbraut**
Yfirmaður í símveri Símsvörun, móttaka allra vafamála, kenna nýju starfsfólki. Vinnutími: Önnur hver vika fi-su: 17-22 Hæfniskröfur: 25 ára aldurstakmark, reynsla í símsvörun. Reynsla af stjórnun æskileg. Laun: 1.635,- p.t. á kvöldin og 1.784 um helgar Umsóknir aðeins á: http://umsokn.foodco.is

Snarfari félag sportbátaeiganda vill ráða starfsmann með vinnuvélaréttindi í tímabundið hlutastarf. Sendið umsókn með upplýsingum á netfangið hallgrimur@bergplast.is

Viltu vinna erlendis? Ef Svarið er JÁ þá hjálpum við! 16 manns í síðustu viku fengu vinnu í gegnum okkur. Sendu okkur nafn og símanúmer á atvinna@ smartentgroup.com eða hringdu í síma 772 8995.

**Kaffi Zimsen**
óskar eftir starfsfólki á aldrinum 18-30 ára. Tekið á móti umsóknum á staðnum eftir kl. 18, Hafnarstræti 18, 101 Rvk. Uppl. í s. 772 0388.

Hefur þjóðin efni á að nýta fiskimiðin eins og gert er í dag ? Þar er gríðarleg eyðilegging í gangi af völdum veiðafæra öflugra skipa. Fiskistofnanir gefa bara lítið brot af því sem þeir gætu gefið okkur. Nýttum við miðin meira með smábátum, gæfi það þjóðinni margfalt fleiri störf og meiri tekjur. Aðalsteinn Agnarsson.

## Atvinna óskast

Ég er ungur maður sem óskar e/ hlutastarfi eða fullu starfi, flest kemur til greina. S. 893 8695.

29 ára kk. óskar eftir vinnu. Er með meirapróf. S. 857 7924.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**




## Geymslur

**Tjaldvagnageymsla í Reykjavík.**

Til leigu upphitað og vaktað geymsluhúsnæði fyrir fellihýsi, hjólhýsi og minni tegundir húsbíla.

**Hagstæð verð (350kr/fm.).**

Upplýsingar eru veittar í síma 552 6210 á milli13:00 og16:00 eða í síma 895 1016, Eiríkur. Einnig er hægt að senda tölvupóst á bn@bn.is

## Afmæli



## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Tvær nýjar upptökur!**
Annars vegar: ung kona með bjarta rödd í heitri og mjög hnitmiðaðri upptöku, upptökunr. 8403. Hins vegar: alveg frábærlega innileg og mjög opinská upptaka konu sem svo sannarlega kann að njóta sín! Upptökunr. 8602. Þú heyrir upptökurnar hjá Sögum Rauða Torgsins í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort).

**Djarfir órar kvenna!**
Hér eftir mun Rauða Torgið Stefnumót líka samþykkja og birta þær fantasíur sem konur vilja hljóðrita fyrir karlmenn til að njóta. Konur: hljóðritið án hiks í síma 555-4321 (karlmenn, hljóðritið ykkar óra í s. 535-9922).

**Yndislegar símadömur!**
Símadömur Rauða Torgsins eru fjölskrúðugur hópur sem elska daður og innileg símtöl við heita karlmenn. Hver þeirra verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort). Nánar á www.raudatorgid.is.

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.**

Kjöreign ehf
TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
OPNUNARTÍMI MÁN-FÖS KL. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

**LÆKJASMÁRI 8, 200 KÓPAVOGI.**



Falleg og vel innréttuð 4ra herb. íbúð um 113,3 fm.
á 3.hæð í lyftuhúsi. Suður svalir. Gott útsýni. Sér þvottahús í íbúð.
Vandaðar innréttingar og gott skápapláss. Frábær staðsetning.
Íbúðin getur lostnað fljótletlega. **Verð: 27.5 millj.**

Dan V.S. Wiium
hdl., og löggiltur fasteignasali

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

EIGNAMIÐLUN
Mosfellsbæ



Einar Páll Kjærnested,
lögg. fasteignasali

10 ár
í Mosfellsbæ

Sími: 586 8080 · Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · www.fastmos.is

**Hæðargarður 6 - 108 Reykjavík**




**OPIÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAG FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00**

Góð og mikið endurnýjuð 62,4 fm, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngangi við Hæðargarð 6. Íbúðin skiptist í: stofu, eldhús, herbergi, baðherbergi og hol. Innangengt er úr íbúð í sameiginlegt þvottahús með einni annari íbúð.

**Íbúðin er laus til afhendingar! V. 18,5 m. 4541**

**Einar Páll, fasteignasali tekur á móti gestum í dag frá kl. 17:30 til 18:00 (GSM 899-5159)**

**Klapparhlíð 30 íbúð 202 - Mosfellsbæ**




**OPIÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAG FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00**

Falleg 66,9 fm, 2ja herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í: stofu, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Íbúðinni fylgir sér geymsla.

**Íbúðin er laus til afhendingar! V. 17,9 m. 4540**

**Svanþór, sölumaður tekur á móti gestum í dag frá kl. 17:30 til 18:00 (GSM 698-8555)**


Sveitarfélagið ÁRBORG

# Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi í Hagalandi í Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi í Hagalandi..

Um er að ræða 5,5 ha landsvæði sem áður var ráðgert undir íbúðir fyrir aldraða og öldrunartengda þjónustu. Í tillögunni er lagt til að svæðið fari undir hreina íbúðarbyggð. Tillaga að breyttu deiliskipulagi á framannefndu svæði er í samræmi við núgildandi aðalskipulag Árborgar 2005-2025. Í tillögunni er einnig lagt til að hæð húsa við Bleikjulæk á reit E verði breytileg, 1 eða 2 hæðir.

Teikning og greinargerð vegna tillögunnar mun liggja frammi í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 á Selfossi frá og með 12. mars til og með 14. apríl 2009.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við skipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 29. apríl 2009 og skal þeim skilað skriflega til skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa í Ráðhúsinu að Austurvegi 2, 800 Selfossi.

**Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.**

**Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.**

**Selfossi, 9. mars 2009.**

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

**Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunnamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

Samkvæmt 1.mgr 21.gr. skipulags-og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:
**Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Tengivegur yfir Þjórsá.**
Þann 6. febrúar s.l. var auglýst til kynningar tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 vegna færslu á tengiveg yfir Þjórsá. Vegna galla í skipulagsgögnun áður auglýstrar tillögu er tillagan hér með auglýst að nýju með lagfærðum gögnum.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir tengivegi frá Þjórsárdalsvegi yfir Þjórsá austan Þjórsárholts og inn á Landveg. Með breytingunni er brúarstæðið fært um 3 km vestar og færist vegstæðið að sama skapi og er nú gert ráð fyrir að vegurinn tengist Þjórsárdalsvegi rétt vestan við þéttbýlið Árnes.

Skipulagstillagan liggur frammi á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 12. mars til 23. apríl 2009. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á vefslóðinni http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/ Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu í síðasta lagi 23. apríl 2009 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI

**Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunnamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

**Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020.**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps auglýsir hér með tillögu að aðalskipulagi Grímsnes- og Grafnings 2008-2020.

Samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, sbr. einnig lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, er hér með lýst eftir athugasemdum við tillögu að aðalskipulagi Grímsnes og Grafnings 2008-2020. Aðalskipulagsuppdrættir, greinargerð og umhverfismat (sbr. lög nr. 105/2006), ásamt athugasemdum Skipulagsstofnunar og öðrum fylgigögnum munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps að Borg, frá og með 12. mars 2009 til og með 23. apríl 2009. Ennfremur verður tillagan til sýnis á Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík, og hjá embætti skipulags- og byggingarfulltrúa að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni. Skipulagsgögn má einnig nálgast á vef Grímsnes- og Grafningshrepps www.gogg.is og á slóðinni www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar.

Þeim, sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og skal þeim skilað til Grímsnes- og Grafningshrepps eigi síðar en 23. apríl 2009 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps

**Sýslumaðurinn í Bolungarvík**

# Auglýsing um álagningu vanrækslugjalds árið 2009

Álagning vanrækslugjalds vegna þeirra ökutækja sem skráð eru hérlendis og ekki hafa verið færð til **aðalskoðunar** eftir 1. október 2008 hefst 1. apríl nk. Álagning gjaldsins sem byggist á 37. og 38. gr. reglugerðar nr. 8/2009 um skoðun ökutækja, sbr. 67. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum miðast við endastaf á skráningarmerki ökutækis og leggst á sem hér segir:

1. apríl á ökutæki með 0 sem endastaf og færa átti til skoðunar í október 2008.
1. apríl á ökutæki með 1 sem endastaf
1. maí á ökutæki með 2 sem endastaf
1. júní á ökutæki með 3 sem endastaf
1. júlí á ökutæki með 4 sem endastaf
1. ágúst á ökutæki með 5 sem endastaf
1. september á ökutæki með 6 sem endastaf
1. október á ökutæki með 7 sem endastaf
1. nóvember á ökutæki með 8 sem endastaf
1. desember á ökutæki með 9 sem endastaf

1. ágúst leggst gjaldið á ökutæki með einkamerki sem ekki enda á tölustaf.

1. ágúst leggst gjaldið á fornbifreiðar, húsbifreiðar, bifhjól, þar með talin fornbifhjól og létt bifhjól, hjólhýsi (fellihýsi) og tjaldvagna, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar.

Vanrækslugjald leggst á þau ökutæki sem ekki hafa verið færð til **endurskoðunar** skv. ákvæðum reglugerðar um skoðun ökutækja þegar liðinn er mánuður frá lokum þess mánaðar er ökutækið skyldi fært til endurskoðunar samkvæmt ákvörðun skoðunarmanns.

Tveimur mánuðum eftir álagningu vanrækslugjaldsins hefst innheimta þess hafi ökutæki ekki verið fært til skoðunar og gjaldið greitt innan þess tíma.

**Opinn fundur** um álagningu og innheimtu vanrækslugjalds verður haldinn á Grand hótel, Reykjavík, 4, hæð, miðvikudaginn 18. mars nk. frá kl. 8:30 til kl. 10:00.

Bolungarvík, 11. mars 2009.
Sýslumaðurinn í Bolungarvík.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJARNAKRAKKA-
BÚÐINGUR, 635G
FRÁ KJARNAFÆÐI
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 442 KR./PK

**398** KR./PK.

NÝTT!



LAMBA RIB-EYE,
FROSIÐ
FRÁ KJARNAFÆÐI

**2.598**

LAMBA INNRALÆRI,
FROSIÐ
FRÁ KJARNAFÆÐI

**2.598**



SÉRVALIÐ
LAMBAKJÖT!



**399**

KJÖTFARS, FERSKT
FRÁ KJARNAFÆÐI
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 442 KR./KG



**40%** AFSLÁTTUR

BRAUÐSKINKA, PAKKAR
FRÁ KJARNAFÆÐI
**1.019 KR./KG.**
MERKT VERÐ 1.699 KR./KG



**40%** AFSLÁTTUR

BAYONNESKINKA
FRÁ KJARNAFÆÐI
**1.079 KR./KG.**
MERKT VERÐ 1.799 KR./KG



**40%** AFSLÁTTUR

EINIBERJAKRYDDAÐ
LÚXUS LAMBALÆRI
FRÁ KJARNAFÆÐI
**1.455 KR./KG.**
MERKT VERÐ 2.425 KR./KG

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: FÖSTUD: 10:00 TIL 19:30. LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

**MARTA NORDAL LEIKKONA ER 39 ÁRA Í DAG.**

*„Eigi eitthvað að breytast í flokkunum verður nýtt fólk að koma þar til starfa. Konur og karlar.“*

***Marta Nordal útskrifaðist sem leikkona frá The Bristol Old Vic theatre school árið 1995. Síðan þá hefur hún bæði leikið, leikstýrt og samið leikverk.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 12. MARS 1977

## *Kvikmyndin Morðsaga frumsýnd*




Íslenska kvikmyndin Morðsaga, sem Reynir Oddsson skrifaði, leikstýrði, klippti og framleiddi, var frumsýnd á þessum degi fyrir þrjátíu og tveimur árum.

Framleiðsla myndarinnar þótti mjög djörf á sínum tíma enda var íslensk kvikmyndagerð fremur skammt á veg komin. Tuttugu árum áður hafði síðasta leikna íslenska kvikmyndin, sem alfarið var framleidd á Íslandi, verið gerð og því var um viss tímamót að ræða.

Lengi vel einkenndist kvikmyndagerð á Íslandi af frumkvöðlastarfsemi og gerð ódýrra mynda. Má að vissu leyti segja að svo sé enn. Sjálfstæður kvikmyndaiðnaður komst í raun ekki á laggirnar fyrr en undir lok tuttugustu aldarinnar en fram að því hafði kvikmyndagerð verið nátengd annarri starfsemi eins og ljósmyndun, leikhúsum og Ríkissjónvarpinu. Oft er talað um að stofnun Kvikmyndasjóðs árið 1978 marki upphaf samfelldrar kvikmyndagerðar á Íslandi.

**MERKISATBURÐIR**

**1554** Klausturhald er formlega aflagt á Íslandi.
**1913** Canberra verður höfuðborg Ástralíu.
**1916** Alþýðusamband Íslands og Alþýðuflokkurinn eru stofnuð.
**1921** Eldur brýst út í vitanum á Stórhöfða í Vestmannaeyjum eftir að eldingu lýstur niður í hann.
**1965** Hljómsveitin Hljómar gefur út sína fyrstu plötu.
**1967** Indira Gandhi er kosin formaður Kongressflokksins og forsætisráðherra Indlands.
**1968** Máritíus fær sjálfstæði frá Bretlandi.
**2003** Alþjóða heilbrigðisstofnunin lýsir yfir neyðarástandi vegna bráðalungnabólgu.



**Ásgeir Sigurðsson**
frá Birtingaholti, búsettur í Sarasota, Flórída,

lést 4. mars í Sarasota.

**Jóna Símonardóttir**
**og aðstandendur.**

*Útför okkar elskulegu,*



**Ólafs Kristjáns Vilhjálmssonar og Ragnars Ólafssonar**



fer fram frá Háteigskirkju, föstudaginn 13. mars kl. 15.

**Millý Birna Haraldsdóttir**
**Líney Ólafsdóttir** **Karl Tómasson**
**Ólafur Karlsson** **Erla Hrund Halldórsdóttir**
**Birna Karlsdóttir**
**Valey Guðjónsdóttir**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristjana S. Markúsdóttir**
frá Súðavík, Þórðarsveig 3, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 2. mars, verður jarðsungin frá Guðríðarkirkju í Grafarholti föstudaginn 13. mars kl. 15.00.

**Ásdís Magnúsdóttir** **Jón Sigurðsson**
**Markús K. Magnússon** **Soffía Hólm**
**Karl G. Karlsson** **Dagbjört Jónsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Bergmann Gíslason**
Hvanneyrarbraut 36, Siglufirði,

andaðist föstudaginn 27. febrúar.
Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 14. mars kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Gísli Jóhann Sigurðsson**
**Karólína Margrét Thorarensen**
**Erna Sigríður Gísladóttir.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma **512 5000.**

**GUÐLAUGUR FRIÐÞÓRSSON:** 25 ÁR LIÐIN FRÁ GUÐLAUGSSUNDI

# Minnast afreks með sundi

Guðlaugur Friðþórsson vann fyrir 25 árum mikið afrek þegar hann synti sér til lífs um fimm kílómetra í land þegar vélbátnum Hellisey hvolfdi austur af Heimaey. „Báturinn sökk um tíuleytið 11. mars en ég kom í land aðfaranótt 12. mars, svona um fjögur- eða fimmleytið. Í raun er 11. mars sorgardagur hjá mér því þá missti ég fjóra skipsfélaga mína en 12. mars er upprisan og þeim degi fylgir viss hamingja þó svo tilfinningarnar séu blendnar,“ segir hann einlægur.

„Margt flýgur í gegnum hugann þegar maður er einn úti í hafi í sex klukkutíma en það að ég skuli standa hér í dag er órækt sönnun þess að ég ætlaði ekki að gefast upp. Lífeðlisfræðingurinn Jóhann Axelsson, sem gerði rannsóknir á mér, sagði að hann hefði oft verið spurður að því hvort ég væri í lagi í höfðinu eftir þetta allt saman, enda hafa margir ruglast við minni átök. En ég er svo sem ekkert verri í höfðinu en ég var fyrir, síðan er annarra að dæma um það,“ segir Guðlaugur og hlær.

Á hverju ári safnast fólk saman og syndir í tilefni af þessum degi en Friðrik Ásmundsson, fyrrum skólastjóri Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, hefur séð um að skipuleggja sundið frá upphafi. „Fyrst var þetta á vegum Stýrimannaskólans en nú er hann hættur í þeirri mynd sem hann var. Friðrik hefur samt áfram haldið utan um þetta. Fólk kemur víða að til að synda og var ég til dæmis í Herjólfi í gær og hitti þar strák úr Eyjum sem kom gagngert til þess að synda. Vissulega er mér mikill heiður sýndur með því að fólk kemur og gerir þetta,“ segir Guðlaugur hrærður en sundið er orðið að árvissum viðburði í Vestmannaeyjum. „Ég vil hins vegar minna á að sundinu var upphaflega komið af stað til að minna á öryggismál sjómanna. Nú hefur góður árangur náðst í þeim málum, til að mynda dó enginn til sjós í fyrra að mig minnir. Því vil ég hvetja núverandi dómsmálaráðherra til að stíga ekki skref aftur á bak í þyrlumálum en þær eru mikið öryggistæki fyrir sjómenn, ferðamenn og íbúa úti á landi,“ segir Guðlaugur ákveðinn.

Í ár ætla óvenju margir að þreyja Guðlaugssundið, bæði einstaklingar og hópar. Sumir synda alla vegalengdina en aðrir hálft sund og hópar skipta sundinu á milli sín. Spurður um hvernig verið hefur að lifa með hetjudáðinni segir Guðlaugur: „Ég sóttist nú ekki eftir því að verða þekktur yfir höfuð en lífið breyttist þarna á einum sólarhring. Maður hugsar lífið öðruvísi, ekkert er sjálfgefið, en vissulega rekst maður á það á lífsleiðinni hvort sem er eftir því sem maður eldist,“ segir hann hispurslaust. **hrefna@frettabladid.is**



**HETJUDÁÐAR MINNST** Hér sjást þeir Friðrik Ásmundsson og Guðlaugur Friðþórsson að fylgjast með sundi. Þess má til gamans geta að Guðlaugur gengur oft undir nafninu Sundlaugur en segist þó ekki vera neitt sérstaklega duglegur að fara í sund. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðmunda Bjarný Ólafsdóttir**

lést á heimili sínu þriðjudaginn 10. mars.

**Benedikt G. Sigurðsson** **Ólafía K. Ólafsdóttir**
**Magnús Sigurðsson** **Dagbjört Lára Garðarsdóttir**
**Sigurður Ágúst Sigurðsson** **Kelly Lane**
**Margrét Sigurðardóttir** **Guðmundur Sv. Guðmundsson**
**Jóhanna S. Martin** **Jay Alex Martin**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Sendum okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Regínu Jónsdóttur**
Merkigili 26.

**Regína Hákonardóttir** **Gunnar Sveinarsson**
**Ingibjörg Fanney Hákonar.** **Óli Rúnar Ólafsson**
**Helga María Stefánsdóttir** **Ásmundur Guðjónsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,*

**Soffía Árnadóttir**
Ólafsvegi 15, Ólafsfirði,

andaðist á hjúkrunardeild Hornbrekku 8. mars.
Útförin verður auglýst síðar.

**Rúnar Kristinsson** **Auður Ósk Rögnvaldsdóttir**
**Lísbet Kristinsdóttir**
**Rögnvaldur Brynjar Rúnarsson**
**systkini og makar.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Liv Synnöve Þorsteinsson**
áður Foss-Eriksen,
Kleppsvegi 120, Reykjavík,

andaðist á krabbameinsdeild Landspítala háskólasjúkrahúss þann 8. mars sl. Útför hennar fer fram frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 18. mars nk. kl. 13.00.

**Ellen M. Ingvadóttir** **Þorsteinn Ingi Kragh**
**Gyða M. Ingvadóttir** **Sigþór G. Óskarsson**
**Kristín Ingvadóttir** **Einar V. Tryggvason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



FERMINGAR
TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
4BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM FERMINGAR TILBOÐUM
3
DAGA
TILBOÐ
500GB
SEAGATE
HARÐDISKUR
9.990
MESTA
ÚRVAL
LANDSINS
AF CREATIVE
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM CREATIVE VÖRUM
3
DAGA
TILBOÐ
HDMI
1080i
NÆSTA KYNSLÓÐ
SJÓNVARPSFLAKKARA
500GB
SJÓNVARPS
FLAKKARI
29.900
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNU
NÝTT KORTATÍMABIL
998
ÍG KRYDDLEGNAR GRÍSAKÓTILETTUR
998 kr./kg
998
ÍG GRÍSAKÓTILETTUR Í RASPI
998 kr./kg.
798
BÓNUS FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
798 kr./kg.
498
KELLOGGS KORNFLEKS 750g 498 kr.
Ali
398
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr./kg.
895
COCOA PUFFS 1300g 895 kr
NÝ BAKAÐ
198
BÓNUS KORNKUBBAR 4 stk 198 kr.
13 KR. ÞVOTTURINN
BÓNUS
Þvottaduft
210 skammtar
2598
BÓNUS ÞVOTTAEFNIÐ
10 KG. - 210 ÞVOTTAR
198
BÓNUS MAJONES 550 ml 198 kr.
NÝ BAKAÐ
198
BÓNUS 3JA KORNABRAUÐ 500g 198 kr.
BÓNUS
159
BÓNUS KORNBRAUÐ Heilt kíló 159 kr.
399
KF NÝTT KJÖTFARS
399 kr./kg.
FISKUR Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS
FRYSTIVARA
878
NF SJÓFRYST ÝSUFLÖK
Roð og beinlaus
MERKT VERÐ 1098 KR./KG. 20%
AFSLÁTTUR 878 kr./kg.
FRYSTIVARA
579
NF FORSTEIKTAR FISKIBOLLUR
579 kr./kg.
MEÐ ROÐI OG BEINI
598
NF SALTFISKBITAR
598 kr./kg.
FRYSTIVARA
698
BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI
800g 698 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL

**69**
BÓNUS FLATKÖKUR
5 stk **69 kr.**

**1998**
BÓNUS HANGIÁLEGG
MERKT VERÐ 2498 KR./KG.
20% AFSLÁTTUR. **1998 kr./kg.**

NÝ BAKAÐ

**198**
BÓNUS MJÚKAR KRINGLUR
4 stk **198 kr.**

NÝ BAKAÐ

**198**
BÓNUS BLÁBERJA MUFFINS
**198 kr.**

**598**
FILIPPO BERIO 750ml **598 kr.**
ExtraVirgin olía - 50% meira magn
Eitt lægsta verð í Evrópu.

**598**
ALI FERSKUR KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR **598 kr./kg.**

**40% AFSLÁTTUR**
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2798 KR./KG 40% AFSLÁTTUR **1679 kr./kg.**

**359**
BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR
MERKT VERÐ 598 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR **359 kr./kg.**

**523**
HOLTA FERSKUR KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 872 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR **523 kr./kg.**

**198**
EUROSHOPPER SALTHNETUR
1 kg **198 kr.**

**198** **159**
COLGATE TANNKREM
REGULAR 100 ml **198 kr.**
COLGATE ZIGZAG
TANNBURSTI medium **159 kr.**

**1198**
FINISH UPPÞOTTAVÉLA
VÉLATÖFLUR **1198 kr.**
80 stk
15 kr. hver
þvottur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30



NOKKUR ORÐ
Sigríður Björg Tómasdóttir

# Kæra dagbók

Í allsherjartiltekt nýverið komu fram kassar úr skúmaskotum sem reyndust fullir af dagbókum mínum og bréfum. Af samviskusemi sagnfræðings hef ég alltaf haldið upp á dagbækur frá unglingsárum, þær hafa flutt með mér milli íbúða og mér hefur ekki komið til hugar að losa mig við þær. Mér urðu þau mistök á núna að fara að skoða innihaldið og leist lítið á blikuna. Fannst ekkert sérstaklega spennandi tilhugsun ef að einhver annar færi að lesa þær eins og óhjákvæmilegt er að gerist ef ég geymi þær áfram. Svo voru það sendibréfin, ég á þau í hrúgum, fréttir frá vinkonum mínum um það sem bar hæst til að mynda veturinn eftir stúdentspróf, árið 1991 til 1992. Sá ekki betur með lauslegu yfirliti en að þann vetur hefði skemmtanalíf Reykjavíkurborgar verið það sem mestu máli skipti í lífi vinkvenna minna, athyglisvert ekki satt? Einhvern veginn hélt ég áður en ég hóf að glugga í þessi gögn að mér myndi þykja þau skemmtileg en ég verð að viðurkenna að mér þótti lítið varið í dagbækurnar. Þó hafði ég lúmskt gaman af skráningu minni á áhorfi á bíómyndir sjónvarpsins á laugardagskvöldum haustið 1982, þegar sýndar voru til skiptis ein og tvær myndir og ég virðist hafa horft á þær alltaf. Minna gaman hafði ég af gelgjudagbókunum, það verður að segjast.




Sendibréfin eru auðvitað annar handleggur, magnið kom mér mest á óvart, fólk hefur virkilega verið duglegt að senda bréf hér í fornöld fyrir tíma netsins og ódýrra símtala á milli landa.

En sem sagt þegar allt var framdregið í dagsljósið langaði mig mest til þess að henda öllu draslinu og losa geymslupláss. En ég gat ekki fengið það af mér, ekki í bili að minnsta kosti.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman


















# KYNNING Í HAGKAUP KRINGLU, SMÁRALIND, GARÐABÆ OG HOLTA-GÖRÐUM DAGANA 12. - 18. MARS



**Kaupaukinn þinn þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 4.800 krónur eða meira***

- Rides Repair næturkrem 15 ml
- Aquasource varakrem 5 ml
- Biosource andlitsvatn 125 ml
- Biosource hreinsir 50 ml
- Celluli Laser 20 ml
- Body Resculpt Lift styrkjandi krem 40 ml

**Verðmæti kaupaukans er 7.550 krónur.**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

* Gildir meðan birgðir endast á kynningunni. Aðeins einn kaupauki á viðskiptavin.

**!**

**kl. 17.00**
*Þá heldur frú Vigdís Finnbogadóttir fyrirlestur og spjallar við gesti í sýningarýminu 101 Projects við Hverfisgötu. Frú Vigdís mun segja frá starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og ræða um gildi tungumála, í samhengi við yfirstandandi sýningu Susan Hiller sem fjallar um útrýmd tungumál.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Kristinn í beinni frá Metropolitan*

Það er eins gott að menn taki frá laugardagskvöldið en þá verður bein útsending í ríkisútvarpinu hljóðvarpi vestan frá New York úr Metropolitan-óperunni. Þar er Kristinn Sigmundsson að syngja stórt hlutverk í óperu Antoníns Dvorák, Rusölku, á móti hinni óviðjafnanlegu Renée Fleming. Óperan Rusalka fjallar um vatnadís sem verður ástfangin af mennskum manni og er að nokkru leyti byggð á ævintýri H.C. Andersen um litlu hafmeyjuna, en verkið var fyrst sýnt árið 1901. Sópransöngkonan Renée Fleming syngur hlutverk Rusölku, en Kristinn fer með hlutverk vatnabúans, föður hennar. Í helstu hlutverkum öðrum eru Aleksander Antonenko og Christine Goerke, en þessi nýja uppfærsla Metropolitan-óperunnar á verkinu sem frumflutt var á mánudagskvöldið var 9. mars hefur hlotið góðar viðtökur gagnrýnenda.



**TÓNLIST** Kristinn Sigmundsson syngur á móti Renée Fleming í beinni á laugardagskvöld.

Kristinn er enginn nýgræðingur á sviði Metropolitan-óperunnar og hefur sungið þar í allmörgum uppfærslum og fengið góða dóma fyrir frammistöðu sína. Af verkefnum Kristins upp á síðkastið má nefna Sparafucile í Rigoletto og Sarastro í Töfraflautunni hjá Þjóðaróperunni í París á liðnu ári. Í febrúar söng hann Ochs barón í Rósariddaranum eftir Richard Strauss hjá Þýsku óperunni í Berlín og í apríl syngur hann hlutverk Osmins í Brottnáminu úr kvennabúrinu í óperunni í Napólí.

Útsendingin hefst kl. 19 á laugardag. **pbb**

**> Ekki missa af…**

fyrirlestri Karls Aspelund í Hafnarhúsinu í kvöld kl. 20 þar sem hann skoðar hönnunarferilinn með tilliti til þess hvernig samstarf fólks úr mismunandi umhverfi og af ólíkum sviðum er áhrifarík leið að nýsköpun. Fyrirlesturinn er unninn í samstarfi Hönnunarmiðstöðvar Íslands og Listasafns Reykjavíkur og er öllum opinn.

# Ungt fólk með Sinfó

Sinfóníutónleikar í kvöld kynna til leiks unga og efnilega konu sem er að marka sér bás í tónlistarlífi hér heima og á meginlandinu. Þar kemur einnig fram stjórnandi sem er ungur að árum og hefur þegar vakið heimsathygli. Hann heitir Lionel Bringuier og er aðeins 23 ára. Hún heitir Elfa Rún Kristinsdóttir og leikur einleik á fiðlu og er aðeins 24 ára gömul.



**ELFA RÚN KRISTINSDÓTTIR**



**LIONEL BRINGUIER**

Elfa Rún hefur hefur unnið til fjölda verðlauna og viðurkenninga þar sem fyrstu verðlaunin í Bachkeppninni í Leipzig ber auðvitað hæst. Hún starfar í Berlín. Elfa er fædd á Akureyri og útskrifaðist af Diplómabraut Listaháskóla Íslands 2003 undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur og Auðar Hafsteinsdóttur. Frá hausti 2003 stundaði hún nám við Tónlistarháskólann í Freiburg. Hún býr nú í Berlín.

Elfa Rún hefur leikið með ýmsum kammersveitum og -hópum síðastliðin ár. Hún er fastur meðlimur Kammersveitarinnar Ísafoldar og Solistenensemble Kaleidoskop, hefur leikið með Balthasar Neumann Ensemble, Freiburger Bachorchester, Feldkirch Festival Orchester og Camerata Stuttart auk fleiri kammerhópa. Elfa Rún hefur leikið einleik með ýmsum hljómsveitum og má þar helst nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, Royal Chamber Orchestra Tokyo og Akademisches Orchester Freiburg.

Elfa Rún hlaut fyrstu verðlaun í Johann Sebastian Bach tónlistarkeppninni í Leipzig 2006. Hún hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem „bjartasta vonin" 2006 og var einnig tilnefnd til hvatningarverðlauna Evrópska menningarsjóðsins Pro Europa.

Á tónleikunum flytur hún fiðlukonsert nr. 2 eftir Prokofieff frá 1935, sem er einn lagrænasti og vinsælasti fiðlukonsert 20. aldarinnar.

Annað efni á dagskrá kvöldsins er Helix eftir Esa Pekka Salonen frá 2005 en Bringuier gegnir nú stöðu aðstoðarhljómsveitarstjóra við Fílharmóníuhljómsveitina í Los Angeles, þar sem hann starfar við hlið Esa-Pekka Salonen. Þetta er í fyrsta sinn sem Helix er flutt á Íslandi. Áður hefur SÍ flutt eitt hljómsveitarverk eftir Salonen, æskuverkið Giro undir stjórn Guðmundar Emilssonar árið 1982.

Annar fiðlukonsert Prokofíevs hefur aðeins tvisvar áður hljómað á Sinfóníutónleikum í Háskólabíói. Pina Carmirelli lék hann 1980 undir stjórn Gilberts Levine, og Akiko Suwanai árið 2005 undir stjórn Rumons Gamba.

Loks er á efnisskránni Sinfónía nr. 4 í B-dúr, op. 60 (1806) eftir Beethoven. SÍ hefur sautján sinnum áður flutt 4. sinfóníu Beethovens, fyrst undir stjórn Olavs Kielland í Þjóðleikhúsinu 1952 og aftur ári síðar. Síðan hafa m.a. stjórnað sinfóníunni þeir Igor Buketoff (1965), Jean-Pierre Jacquillat (1982 og 1985), Jerzy Maksymiuk (1995), Rico Saccani (1999) og Krzysztof Penderecki (2006). Í kvöld hljómar hún hér í átjánda sinn. **- pbb**




# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Kardemommubærinn** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 14/3 kl. 14:00 | U | Sun 29/3 kl. 14:00 | U | Sun 19/4 kl. 17:00 | U |
| Sun 15/3 kl. 14:00 | U | Sun 29/3 kl. 17:00 | U | Lau 25/4 kl. 14:00 | U |
| Sun 15/3 kl. 17:00 | U | Lau 4/4 kl. 14:00 | U | Lau 25/4 kl. 17:00 | U |
| Lau 21/3 kl. 14:00 | U | Lau 4/4 kl. 14:00 | U | Sun 26/4 kl. 14:00 | U |
| Lau 21/3 kl. 17:00 | U | Sun 5/4 kl. 17:00 | U | Sun 26/4 kl. 17:00 | U |
| Sun 22/3 kl. 14:00 | U | Sun 5/4 kl. 17:00 | U | Þri 28/4 kl. 18:00 aukas. | U |
| Sun 22/3 kl. 17:00 | U | Lau 18/4 kl. 14:00 | U | Sun 3/5 kl. 14:00 | U |
| Lau 28/3 kl. 14:00 | U | Lau 18/4 kl. 17:00 | U | Sun 3/5 kl. 17:00 | U |
| Lau 28/3 kl. 17:00 | U | Sun 19/4 kl. 14:00 | U | Þri 5/5 kl. 18:00 | U |

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

**Hart í bak** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 14/3 kl. 20:00 aukas. | U | Mið 25/3 kl. 20:00 aukas. | Ö | Fim 2/4 kl. 20:00 aukas. | |
| Mið 18/3 kl. 20:00 | U | Mið 1/4 kl. 20:00 aukas. | | | |

Aukasýningar í sölu, sýningum lýkur í apríl

**Þrettándakvöld** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 13/3 kl. 20:00 frums. | U | Fim 26/3 kl. 20:00 4.sýn. | | Fim 16/4 kl. 20:00 7.sýn. | |
| Fim 19/3 kl. 20:00 2.sýn. | Ö | Fös 27/3 kl. 20:00 5.sýn. | | | |
| Fös 20/3 kl. 20:00 3.sýn. | Ö | Fös 3/4 kl. 20:00 6.sýn. | | | |

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

**Skoppa og Skrítla í söng-leik** (Kúlan)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 14/3 kl. 13:00 | Ö | Lau 21/3 kl. 13:00 | Ö | Lau 28/3 kl. 13:00 | U |
| Lau 14/3 kl. 14.30 | Ö | Lau 21/3 kl. 14:30 | Ö | Lau 28/3 kl. 14:30 | Ö |

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

**Eterinn** (Smíðaverkstæðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Mán 16/3 kl. 21:00 fors. | Ö | Fim 19/3 kl. 21:00 fors. | Ö | Fim 26/3 kl. 21:00 | |
| Þri 17/3 kl. 20:00 fors. | Ö | Fös 20/4 kl. 21:00 frums. | Ö | Fös 27/3 kl. 21:00 | |


# Lýðskrum eða listastefna

**Kjartan Ólafsson, alþingismaður og prófkjörskandídat Sjálfstæðisflokksins á Suðurlandi, hefur skorað á Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra að hún beiti sér fyrir opinberu uppboði eða sölu á listaverkum sem nú eru í fórum nýju ríkisbankanna. Telur hann að verðmæti verkanna á markaði geti numið mörgum milljörðum.**



**MYNDLIST** Hvítasunna eftir Kjarval sem Landsbankinn á og keypti fyrir hátt í 30 milljónir vill Kjartan ,Olafsson að verði nú selt ásamt öðrum 4000 lsitaverkum í eigu bankanna.

Snemma í haust var uppi fótur og fit þegar bankarnir voru ríkisvæddir og litu margir til safnverka þeirra með girndaraugum og töldu sjálfsagt að nú yrði bætt úr þeim mistökum í einkavæðingu bankanna fyrir fáum árum að listaverkasöfn þeirra voru ekki undanskilin í sölu þeirra og sett í vörslu Listasafns Íslands. Nú gæfist tækifæri til að leiðrétta þau mistök sem voru harðlega gagnrýnd á síðustu metrum í sölu bankanna. Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, lýsti því yfir í febrúar að hún vildi sjá listasöfn bankanna í eigu þjóðarinnar og í vörslu Listasafnsins.

Söfn bankanna eru misstór. Safn Landsbankans er stærst, telur um 1.700 verk og eru sum þeirra naglföst í húsakynnum bankans. Fyrri eigendur stóðu fyrir kaupum á um 400 verkum og eru þau bæði ný og gömul. Þannig keypti bankinn dýrum dómum stórt verk eftir Kjarval frá um 1920 fyrir fáum misserum, á stórt safn verka eftir Eggert Pétursson og keypti í fyrra stóra myndaröð frá Íslandi eftir Richard Serra sem var óvenjulegt því langflest verkin í söfnum bankanna eru innlend, að stærstum hluta frá fyrri hluta síðustu aldar.

Safn Kaupþings telur um 1.200 verk. Á þeirra vegum var bætt verulega við safnið nýrri verkum og eru sum þeirra hluti innréttinga. Þá á safnið vænt safn verka eftir Svavar Guðnason. Safn Glitnis er um 100 verk og af sérfræðingum um safneign bankanna er það talið lakast safnanna. Einn viðmælenda Fréttablaðsins um safneign bankanna lýsti því sem drasli að stórum hluta. Annar viðmælandi okkar um gæði safns Landsbanka taldi að í því væru um 200 verk sem væru í hæsta gæðaflokki, restin væri miðlungsvara.

Meðan ekki hefur verið gengið frá skilum milli gömlu bankanna og hinna nýju er ekki ljóst hvar söfnin lenda, hvort þau teljast til lausamuna og fari því beint til nýju bankanna eða verði talin slík verðmæti að þau verði talin til sérstakra eignarhluta og kröfuhafar eigi heimtingu á að þau komi til skipta. Hætt er við að verkin séu ofmetin, verðmat þeirra miðast við einstaka sölu en ekki sölu á fjölda. Örfá verkanna eiga erindi á erlendan markað. Þó að Kjarval og Jón Stefánsson hafi hátt verðmat hér á landi eru þau verðlítil útlendingum.



**KJARTAN ÓLAFSSON**

Kjartan hefur í málflutningi sínum metið safnið allt á fjóra til átta milljarða. Mat á verkunum er ýmsu háð: færu öll verkin á markað í senn væri það offramboð og verkin seldust langt undir matsverði, sem ofan í kaupið er of hátt miðað við markaðsaðstæður því almennt er verð á listaverkum að lækka í Evrópu, einkum hér á landi. Það mætti því eins giska á að verðmæti safnsins sé tveir milljarðar eða minna og miðað við framboð á listaverkamarkaði hér á landi væri fásinna að selja safnið í einu, jafnvel á fimm ára bili væri sala þess nær tvöföldun á framboði væri sölunni dreift og tvöfalt framboð á markaði þýðir bara lægra verð.

Einn viðmælenda Fréttablaðsins lýsti hugmynd Kjartans sem ómerkilegu lýðskrumi manns sem hefði ekki hundsvit á opinberri listastefnu, enn minna á íslenskum myndlistarmarkaði.

Á endanum eru það skilanefndir bankanna sem verða að skera úr um hvort listaverk í búi hinna gjaldþrota banka eða fari á eignarskrá hinna nýju, ásamt húsnæði þeirra og öðrum eignum. Þrýstingur frá þingmönnum og ráðherrum um tiltekna eignarhluta bankanna, hvort sem það eru húseignir, málverk, eða hlutabréf, er vafasamur ef litið er til hagsmuna kröfuhafa. Það er því allt enn óljóst hvort þessi 4.000 verk skipta um hendur á næstu árum.

Bankarnir hafa á liðnum árum skráð verkin og komið sér upp viðunandi geymslum til að hýsa þau. Fari svo að verkin lendi í höndum Listasafns Íslands verður að bæta snarlega úr geymsluaðstöðu þess með sérbyggðri og hannaðri geymslu, en geymsluhúsnæði safnsins er þegar löngu sprungið og hluti verka þess ekki varðveittur við fullnægjandi aðstæður.

Við samningu fréttarinnar var leitað til álitsgjafa sem þekkja vel til myndlistarmarkaðar og safneignar bankanna en allir óskuðu þeir nafnleyndar.

**pbb@frettabladid.is**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 12. mars 2009**

**➜ Tónleikar**

**19.30 Elfa Rún Kristinsdóttir** er einleikari á tónleikum hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói í kvöld. Stjórnandi er **Lionel Bringuier**.

**20.30 Magnús Eiríksson** er gestur Jóns Ólafssonar í tónleikaröðinni **„Af fingrum fram"** í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Sérstakur gestur Ellen Kristjánsdóttir.

**20.30** Kór Akraneskirkju helur tónleika í **Guðríðarkirkju í Grafarholti**. Á efnisskránni verður veraldleg og andleg kórtónlist ásamt þekktum alþýðulögum.

**21.00** Á **Cafe Cultura** við Hverfisgötu 18 verður haldið **Weirdcore** kvöld þar sem fram fram koma **Klive, Skurken og sykur.** Í Kjallaranum stendur Jazzklúbburinn **Múlinn** fyrir tónleikum þar sem Kvartett Sigurðar Flosasonar leikur.



**22.00 Oliver Funk band** spilar á Café Oliver við Laugaveg 20.

**➜ Fyrirlestrar**

**17.00** Frú **Vigdís Finnbogadóttir** mun segja frá starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og ræða um gildi tungumála í samhengi við yfirstandandi sýningu **Sussan Hiller** í sýningarýminu 101 Projects við Hverfisgötu 18a. **Allir velkomnir.**

**20.00** Hönnuðurinn **Karl Aspelund** flytur fyrirlestur í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. **Allir velkomnir.**

**➜ Pub Quiz**

**12.00** Pub Quiz verður haldið á **Dillon Sportbar** við Trönuhraun 10 í Hafnarfirði.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# ÞAÐ VÆRI HRÆÐILEGT AÐ MISSA AF ÞESSUM!




## „Gríðarlega vel skrifaður og flottur krimmi"*



**Karlar sem hata konur** er fyrsta bókin af þremur um **Mikael Blomkvist** og **Lisbeth Salander**, en höfundurinn, blaðamaðurinn **Stieg Larsson** (1954-2004), lést áður en fyrsta bókin kom út. Þetta eru feikivel skrifaðar spennusögur sem hafa setið efst á metsölulistum víða um heim.

***Páll Baldvin Baldvinsson**, Kiljan

**HEFUR SELST Í MILLJÓNUM EINTAKA UM ALLAN HEIM!**

## „Spenna sem lætur blóðið krauma"*



**Brennuvargur gengur laus.** Samfélagið logar af ótta og tortryggni. Fyrsta bók Jóns Halls, **Krosstré**, kom út fyrir þremur árum og vann höfundi sínum titilinn **Krónprins íslensku sakamálasögunnar. Þýðingarrétturinn á Krosstré var seldur til 6 landa.**

***Viðskiptablaðið**

**Vargurinn „Brandstifter" er nú kominn út í Þýskalandi!**




DYNAMO REYKJAVÍK

BJARTUR
Bræðraborgarstíg 9


RÖYKSOPP


THE DECEMBERISTS

**> Í SPILARANUM**

The Decemberists - Hazards Of Love
Jójó og götustrákarnir - Jójó og götustrákarnir
Yeah Yeah Yeahs - It's Blitz!
Metric - Fantasies
Röyksopp - Junior

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Sjö keppa í Wacken

Sjö hljómsveitir hafa verið valdar til að taka þátt í hljómsveitakeppninni Wacken Metal Battle sem verður haldin í Tónlistarþróunarmiðstöðinni í Reykjavík 18. apríl.

Hljómsveitirnar eru: Beneath, Celestine, Diabolus, Gone Postal, Perla, Severed Crotch og Wistaria. Ein af þeim kemst áfram og spilar í lokakeppni Metal Battle-keppninnar á Wacken Open Air-hátíðinni í Þýskalandi í lok júlí. Sigursveitin fær í verðlaun útgáfusamning og hljóðfæri.

Um sjötíu þúsund manns sækja Wacken heim á hverju ári en hátíðin verður haldin í tuttugasta sinn í ár. Flestar hljómsveitanna sem spila þar eru ekki þekktar meðal almennings en þó hafa stigið á svið þar sveitir á borð við Whitesnake, Motörhead og hin færeyska Týr.

Sigurvegarar undankeppna eru valdir af dómnefnd og meðal dómara á Íslandi verður blaðamaður frá Hollandi sem skrifar fyrir stærsta þungarokkstímarit Beneluxlandanna, Aardschok magazine.


**PERLA** Hljómsveitin Perla tekur þátt í undankeppni Wacken Metal Battle í Reykjavík 18. apríl.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Stal „Death" á netinu

Lars Ulrich, trommari Metallica, sótti nýjustu plötu sveitarinnar, Death Magnetic, ólöglega á netinu nokkrum dögum eftir að henni var lekið þangað. Þetta kemur á óvart því Metallica með Ulrich í fararbroddi höfðaði mál gegn skráaskiptasíðunni Napster árið 2000.

„Ég settist niður og náði í Death Magnetic af netinu bara til að prófa það," sagði Ulrich. „Ég taldi að ef einhver hefði rétt á því að sækja Death Magnetic ókeypis væri það ég. Þrjátíu mínútum síðar var hún komin í tölvuna mína. Það var frekar skrítið."



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Djúpar tónleikahvelfingar*

Netið hefur stóraukið aðgengi að tónlist. Útgefið efni má kaupa hjá i-Tunes, Amazon, Grapewire og Tónlist.is, en að auki er mikið af ókeypis tónlist í boði. Þar á meðal eru tónleikaupptökur, en þær tvær síður sem hér verður fjallað um bjóða upp á yfir 60 þúsund tónleika. Wolfgang's Vault er síða sem sett var á fót til þess að koma upptökum tónleikahaldarans Bill Graham í loftið. Graham rak meðal annars tónleikahúsin The Filmore og Winterland í San Francisco og Filmore East í New York á sjöunda áratugnum og hljóðritaði marga tónleika. Þeir hafa síðustu ár verið að tínast inn á síðuna ásamt tónleikum úr útvarpsþáttum og frá öðrum tónleikahöldurum. Á Wolfgang's Vault eru 2.138 tónleikar. Hægt er að hlusta á þá alla og sumum má hala niður. Þarna eru tónleikar með mörgum af stærstu nöfnum tónlistarsögunnar, þar á meðal David Bowie, Rolling Stones, Iggy Pop, The Clash, Roxy Music, Neil Young, Lou Reed, Beach Boys, Bob Marley, Bruce Springsteen og U2. Nokkrir tónleikar eru settir inn um hverja helgi. Undanfarið hafa svo tónleikar með nýrri sveitum bæst við. „Indie Monday"-tónleikarnir fara inn á síðuna á mánudögum. Þar má nú til dæmis finna tónleika með Andrew Bird, Au Revoir Simone, Bon Iver, Fleet Foxes, Of Montreal, Ponytail og Vampire Weekend.

Hin síðan heitir Live Music Archive og er hluti af Internet Archive sem er gagnabanki fyrir texta, myndefni og tónlist. Þar er gríðarlegt magn af tónleikum, 58.517 síðast þegar ég gáði. Þar eru hvorki meira né minna en 6.494 tónleikahljóðritanir með Grateful Dead, 332 tónleikar með Smashing Pumpkins og 23 tónleikar með Antibalas Afrobeat Orchestra svo dæmi séu tekin. Þarna eru mörg óþekkt nöfn, en gott efni inn á milli, til dæmis 13 tónleikar með Animal Collective, þeir nýjustu frá 21. janúar 2009. Flottir tónleikar í fínum hljómgæðum og ekki amalegt að fá að heyra tónleikaútgáfur af lögum af snilldarverkinu Merriweather Post Pavilion. Á Live Music Archive leynast líka einir tónleikar með íslensku sveitinni I Adapt, hljóðritaðir í The Sahara Club í Portland 9. apríl 2007.


**TÓNLEIKAR Á NETINU** U2 er á meðal þeirra sem eiga tónleika á vefsvæðinu Wolfgang's Vault.


**PETE DOHERTY** Vandræðagemlingurinn hefur búið til vel heppnaða sólóplötu að mati Q og The Times. NORDICPHOTOS/GETTY

# Doherty snýr við blaðinu

**Fyrsta sólóplata vandræðagemlingsins Petes Doherty, Grace/Wastelands, kemur út á mánudaginn. Platan hefur fengið góða dóma víðast hvar og þykir sanna að hann sé ekki dauður úr öllum æðum.**

Bretinn Pete Doherty hefur undanfarin ár verið þekktari fyrir eiturlyfjaneyslu sína en tónlistariðkun, sem er miður því hann er hæfileikaríkur piltur.
Doherty steig fram á sjónvarsviðið undir lok tíunda áratugarins með rokksveitinni The Libertines. Eftir tvær vel heppnaðar plötur lagði hún upp laupana 2004, aðallega vegna dópneyslu Doherty sem virtist engan endi ætla að taka.

Í framhaldinu stofnaði hann hljómsveitina Babyshambles sem hefur gefið út tvær plötur, þá síðustu fyrir tveimur árum. Þær hafa hlotið ágæta dóma en þykja þó ekki jafnast á við verk The Libertines. Mörgum er eflaust í fersku minni þegar Babyshambles átti að spila á Iceland Airwaves-hátíðinni árið 2005 en vegna neyslu Doherty var ákveðið að hætta við að fá hana.

Eftir að kappinn fór í meðferð hefur hann allur verið að koma til og virðist nú vera kominn á beinu brautina. Nýju sólóplötuna tók hann upp með aðstoð Grahams Coxon, gítarleikara Blur, auk þess sem meðlimir Babyshambles komu við sögu. Flest lögin hefur Doherty spilað á tónleikum á undanförnum árum en þau þóttu aldrei passa á neina plötu fyrr en nú. Á meðal þeirra eru 1939 Returning sem átti upphaflega að vera dúett með Amy Winehouse og A Little Death Around the Eyes sem hann samdi með Carl Barat, fyrrum félaga sínum úr The Libertines. Útkoman er lágstemmd og heillandi plata þar sem léttur kassagítarleikurinn fær að njóta sín. Útsetningarnar eru hráar og einfaldar sem hentar kærileysislegum söngstíl Doherty sérlega vel.

Grace/Wastelands fær fjórar stjörnur af fimm mögulegum bæði hjá tímaritinu Q og The Times en aðeins tvær og hálfa hjá Gigwise.com. Í viðtali á dögunum sagðist Doherty einmitt spenntur fyrir viðtökum gagnrýnenda en viðurkenndi þó að hann ætti erfitt með að trúa því ef fólk segðist fíla lögin hans. „Þeir sögðu mér í meðferðinni að mig skorti trú á sjálfan mig. Ég féllst á það en það náði samt ekki að síast inn í mig. Það eina sem mig langar að gera er að setjast niður, taka upp tólf, þrettán eða fjórtán glæný lög sem enginn hefur heyrt áður og gefa þau út. Ég væri til í að gera þetta einu sinni í viku eða á mánuði það sem eftir er. Það væri hinn fullkomni tónlistarferill."

freyr@frettabladid.is




# Rígmontinn gítarleikari

Oasis-gítarleikarinn Noel Gallagher fer ekki leynt með ríkidæmi sitt. Í viðtali við dagblaðið Britain's Daily Star státar hann sig af því að eiga kreditkort með ótakmarkaðri úttektarheimild. „Ég vil ekki vera dónalegur, en ég á svart Amex-kort sem er hvergi hafnað. Ég gæti gengið inn í sýningarsal og keypt mér Boeing 747 flugvél og greitt hana með kortinu, burtséð frá því hvort ég eigi raunverulega fyrir henni," segir Gallagher.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem söngvarinn talar um efnahag sinn því árið 2007 sagðist hann stoltur eiga 14 milljónir punda á bankareikningi sínum. „Það var stressandi fyrir plötufyrirtækið þegar ég var í daglegri fíkniefnaneyslu, því ég hefði auðveldlega getað farið og keypt einbýlishús," bætir hann við.

Gallagher, sem er 41 árs, fer ekki fögrum orðum um Liam, bróður sinn og söngvara Oasis, en hann segir Liam vera mjög þungan í skapinu og eyðileggja alla stemningu þegar þeir fari út að skemmta sér. „Liam er algjör fáviti frá því hann vaknar á morgnana þangað til hann fer að sofa á kvöldin. Það sem skemmir flest samkvæmi er það eitt að hann mætir á svæðið," segir Noel Gallagher.


**VEL EFNAÐUR** Noel Gallagher segist eiga nóg af peningum og á svart Amex-kreditkort sem hann segist geta keypt sér flugvél með ef hann kærir sig um.




Auðnin
Yrsa Sigurðardóttir

**1.780 kr.**
~~1.980 kr.~~




Rökkurbýsnir
Sjón

**1.780 kr.**
~~1.980 kr.~~

# Klassík framtíðarinnar á tilboði

**Þessar kiljur verða sígildar!**
**Ekki missa af þeim á frábæru verði.**




Vargurinn
Jón Hallur Stefánsson

**1.780 kr.**
~~1.980 kr.~~




Skuggamyndir úr ferðalagi
Óskar Árni Óskarsson

**1.780 kr.**
~~1.980 kr.~~

**Tilboðin gilda til 22. mars**

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## > STRESSUÐ ROBERTS

Leikkonan Julia Roberts var stressuð vegna frumsýningar á nýjustu mynd sinni, Duplicity, þar sem hún leikur á móti Clive Owen. „Ég skipti þrisvar um kjól áður en ég mætti á frumsýninguna. Ég var virkilega taugaóstyrk,“ sagði Roberts, sem hefur einbeitt sér að móðurhlutverkinu undanfarin ár.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Hanks-feðgar saman í Buck

Feðgarnir Tom og Colin Hanks leika saman í myndinni The Great Buck Howard. Colin tók upphaflega að sér aðalhlutverkið í henni en þegar Tom las handritið og komst að því að það átti eftir að ráða í hlutverk föður Colins vildi hann endilega taka þátt. „Af eigingirni minni vildi ég leika pabbann,“ sagði Tom. „Ég spurði Colin ekki einu sinni. Ég sagði bara: „Heyrðu, mig langar að leika pabbann.“ Hann ranghvolfdi augunum og sagði: „Jæja þá, ég get skilið af hverju.“ Og þá var það ákveðið,“ sagði Tom.

Myndin fjallar um ungan mann (Colin) sem verður aðstoðarmaður útbrunnins sjónhverfingamanns sem kallar sig Great Buck Howard. John Malkovich leikur hann auk þess sem Emily Blunt fer með stórt hlutverk í myndinni, sem verður frumsýnd í Bandaríkjunum 20. mars.



**FEÐGAR** Tom og Colin Hanks leika saman í myndinni The Great Buck Howard. NORDICPHOTOS/GETTY

# Dark Knight líkleg til sigurs

**The Dark Knight fékk flestar tilnefningar til Saturn-kvikmyndaverðlaunanna, ellefu talsins. Verðlaunin eru veitt kvikmyndum í flokki vísindaskáldskapar, fantasíumynda og hryllingsmynda. Christian Bale, aðalleikari Dark Knight, er tilnefndur sem besti leikari ásamt Robert Downey Jr. fyrir Iron Man, Harrison Ford fyrir Indiana Jones, Will Smith fyrir Hancock og Brad Pitt fyrir The Curious Case of Benjamin Button.**

**Benjamin Button fær alls níu tilnefningar og Iron Man átta. Verðlaunin verða afhent 25. júní næstkomandi.**



**CLINT EASTWOOD** Eastwood nýtur gríðarlegra vinsælda í Evrópu um þessar mundir.

# Vinsæll í Evrópu

Clint Eastwood virðist aldrei hafa verið vinsælli í Evrópu miðað við viðbrögðin við nýjustu mynd hans, Gran Torino. Hún er á góðri leið með að verða tekjuhæsta mynd hans utan Bandaríkjanna og slá þar með út Million Dollar Baby.

Kvikmyndir Eastwoods hafa flestar notið vinsælda í Bandaríkjunum en undanfarin ár hafa vinsældirnar verið enn meiri annars staðar. Til að mynda námu tekjurnar af Changeling, síðasta leikstjórnarverkefni hans, 75 milljónum dollara utan Bandaríkjanna en aðeins tæpum 36 milljónum í heimalandinu.

Venjulega hafa Spánverjar og Frakkar tekið Eastwood sérlega opnum örmum en núna hafa fleiri þjóðir bæst í hópinn. Frumsýningar Gran Torino í Bretlandi, Ástralíu og Argentínu voru til að mynda þær stærstu á ferli hans til þessa. Hér á landi var myndin næstvinsælust á eftir Marley & Me.

„Alveg eins og heima fyrir vill fólk sjá hann í hlutverkum sem hann er þekktastur fyrir,“ sagði Veronika Kwan-Rubinek sem annast dreifingu Gran Torino utan Bandaríkjanna.

„Tilkynning Eastwoods um að myndin verður sú síðasta sem hann leikur í skiptir líka miklu máli í þessu samhengi.“






# Þykknar upp yfir íslensku bíói

**Góðæri hefur ríkt í íslenskri kvikmyndagerð undanfarin fjögur ár. Fimm til sex kvikmyndir hafa að jafnaði fengið greiddan framleiðslustyrk úr Kvikmyndasjóði Íslands á því tímabili en samkvæmt úthlutun fyrir 2009 fær aðeins ein íslensk kvikmynd greiddan út styrk: Mamma Gó Gó eftir Friðrik Þór.**



**2009 HELDUR DAMPI** Brim, R.W.W.M, Good Heart, Hátíð í bæ, Inhale og Mamma Gó Gó verða væntanlega allar frumsýndar á þessu ári. Hins vegar lítur árið 2010 ekkert sérstaklega vel út hvað íslenskt bíó varðar í ljósi þess að aðeins ein kvikmynd fékk greiddan út framleiðslustyrk fyrir árið 2009.

Árið 2009 heldur þó uppi þeim dampi sem ríkt hefur í kvikmyndahúsum borgarinnar hvað íslenska framleiðslu varðar. Sex kvikmyndir með sterka Íslandstengingu verða frumsýndar á næstu mánuðum og þar ber fyrsta að nefna Brim, kvikmyndaútfærslu Vesturports á leikverki Jóns Atla Jónassonar. Árni Ólafur Ásgeirsson leikstýrir myndinni en tökur fóru meðal annars fram úti á rúmsjó. Júlíus Kemp sest í leikstjórastólinn að nýju eftir nokkurt hlé og leikstýrir hryllingsmyndinni R.W.W.M en þar verður Gunnar Hanson meðal annars í einu hlutverkanna. Erlendar kvikmyndavefsíður á borð við Twitch hafa fjallað nokkuð um myndina enda þykir það tíðindum sæta að Leðurfésið sjálft skuli birtast aftur á hvíta tjaldinu eftir að hafa farið hamförum í Vélsagamorðingjanum frá Texas fyrir nokkrum áratugum.

Þá ber að nefna stjörnumynd Dags Kára, Good Heart, þar sem stórleikararnir Paul Dano og Brian Cox leika aðalhlutverkin. Myndin hefur verið nokkuð lengi í framleiðslu og meðal annars var skipt um aðalleikendur í myndinni: þeim Ryan Gosling og Tom Waits tókst ekki að samræma dagskrána sína og því stukku Dano og Cox um borð. Jólamynd Hilmars Oddssonar, Hátíð í bæ, hefur verið í tökum að undanförnu en þar kemur tónlistarkonan Lay Low meðal annars við sögu. Kvikmyndin verður að öllum líkindum frumsýnd á þessu ári. Og þá má ekki gleyma Hollywoodmynd Baltasars Kormáks, sem fékk styrk frá Kvikmyndamiðstöð þótt hún sé að mestu leyti unnin fyrir erlent fé, og áðurnefndri Mömmu Gó Gó en stefnt er að því að frumsýna hana í haust.



**HILMAR ODDSSON LEIKSTJÓRI**

Árið 2010 gæti horft til verri vegar hvað íslenska framleiðslu varðar í ljósi þess að aðeins ein mynd fékk greiddan út framleiðslustyrk á þessu ári. Sex kvikmyndir hafa undanfarin þrjú ár fengið slíkan styrk greiddan út og ljóst að erfiðara er nú en áður að láta enda ná saman. Átta kvikmyndir hafa hins vegar fengið vilyrði fyrir styrkjum en þær eru mislangt á veg komnar. Sumar eiga að fara í tökur seint á þessu ári, aðrar hafa verið í tökum en einhverjar af þessum átta eru eingöngu á teikniborðinu. Meðal kvikmynda sem gætu ratað í kvikmyndahús seinni part þessa árs eða fyrri part þess næsta er Rokland Marteins Þórissonar sem byggir á bók Hallgríms Helgasonar. Stikla úr kvikmyndinni hefur þegar ratað á netið þar sem Ólafur Darri fer á kostum í hlutverki Bödda bloggara.

Athygli vekur að Baltasar Kormákur fær vilyrði upp á 75 milljón króna styrk fyrir Grafarþögn, sjálfstæðu framhaldi af Mýrinni sem farið hefur sigurför um heiminn. Ljóst er að hún á að fylgja eftir velgengni forvera síns sem setti ný viðmið í bíóaðsókn enda gætu þessar 75 milljónir orðið hæsta styrkveitingin úr Kvikmyndasjóði ef af verður.

- fgg

# Ofurhetjur og ást

Hasarmyndin Watchmen, sem er byggð á samnefndum teiknimyndasögum, verður frumsýnd á morgun. Myndin gerist árið 1985 þegar ofurhetjur eru til í alvörunni. Nixon er ennþá forseti í myndinni, Víetnamstríðið er búið en spennan á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna er meiri en nokkru sinni fyrr. Réttlætishetjan Rorschach rannsakar dauða hetjunnar The Comedian og því nær sem hann og fyrrum félagar hans úr Watchmen-hópnum komast að sannleikanum því hættulegra verður verkefnið.

Leikstjóri myndarinnar er Zach Snyder, sem síðast sendi frá sér 300, og með eitt aðalhlutverkanna fer Billy Crudup sem sló í gegn í Almost Famous. Watchmen fær 8,2 af 10 í einkunn á Imdb.com og 64% á Rottentomatoes.com.



**WATCHMEN** Hasarmyndin Watchmen er byggð á samnefndum teiknimyndasögum.

Hin dramatíska Elegy með Penélope Cruz og Ben Kingsley í aðalhlutverkum verður einnig frumsýnd á morgun. Hún fjallar um prófessor sem tekur upp eldheitt ástarsamband við háskólanema sem leikinn er af Cruz. Myndin fær 7 á Imdb.com og 72% á Rottentomatoes.com.




SÉRFRÆÐINGUR FRÁ GUERLAIN KYNNIR NÝJU SUPER AQUA LÍNUNA
Í HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM DAGANA 12.-15. MARS

**SUPER AQUA nýjungar sem allar innihalda einn öflugasta rakahvata veraldar sem unninn er úr eyðimerkur rósinni.**
**Þessi frábæra lína frá Guerlain hentar konum á öllum aldri sem vilja hafa nærða og ljómandi húð.**

SUPER AQUA EYE - Djúpvirkandi augnkrem sem gefur mikinn ljóma og vinnur gegn myndun fínu línanna, þrota og baugum í kring um augun.

SUPER AQUA LOTION - Andlitsvatn sem gefur mikinn raka, ljóma og þægindatilfinningu.

SUPER AQUA MASK - Sex vikna maski fyrir þær sem vilja það besta í rakameðferð. Þetta er grímumaski sem er notaður er einu sinni í viku í sex vikur og skilur húðina eftir fullnærða af raka og geislandi fagra.

Ef þú verslar vörur úr Super Aqua línunni færðu veglegan kaupauka*
að andvirði 6.900 kr. Kaupaukinn inniheldur:

- Super Aqua Lotion 50 ml
- Super Aqua Eye 5 ml
- Super Aqua Serum 3ml
- Super Aqua Day 3 ml




*Gildir meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> **BRÚÐKAUP Í VÆNDUM**

Tónlistarmaðurinn John Mayer ætlar að biðja um hönd kærustu sinnar, Jennifer Aniston. Bandarískir fjölmiðlar segja frá því að hann hafi sést í þekktri skartgripaverslun og kappinn ætli niður á skeljarnar innan tíðar.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Jóhanna sögð fyrirmynd kvenna

Jóhanna Sigurðardóttir er í góðum félagskap í grein sem birtist í breska blaðinu Telegraph á mánudaginn undir fyrirsögninni: „Viltu að eitthvað sé vel gert? Talaðu við heldri konu“. Jóhanna er talin upp með hinni áttræðu fyrirsætu Daphne Selfe, níræða rithöfundinum Diana Athill og bandarísku leikkonunni Glen Close og hún nefnd sem dæmi um heldri konur sem láta aldurinn ekki stöðva sig.

Æði langt er síðan íslenskur stjórnmálamaður kemst í jafn „jákvæðan“ hóp, ekki síst eftir að efnahagshrunið reið yfir Ísland. Íslenskir athafnamenn og stjórnmálamenn hafa hingað til verið á lista yfir helstu skúrka heimskreppunnar. Greinarhöfundur, Soames, segir að konur yfir fimmtugt sjái þann aldur ekki sem endastöð heldur sýni dæmin að þær séu engu síðri starfskraftar. „Þetta er frábær þróun því konur á þessum aldri hafa svo margt upp á að bjóða; sérstaka blöndu af reynslu og fágun, slatta af visku og greind sem heimurinn þarfnast,“ skrifar Soames og vitnar síðan í viðtal Vanity Fair við Kristínu Pétursdóttur en þar segir athafnakonan að hún hafi fengið nóg af því að láta karla sjá um peningamálin og hún hafi viljað fá konur til þess. „Íslendingar hafa tekið svipaða ákvörðun enda er forsætisráðherrann þeirra 66 ára gömul kona sem fær það erfiða hlutskipti að endurreisa efnahagslíf landsins.“

Soames lýkur síðan grein sinni á því að vilji menn að hlutirnir séu gerðir af áreiðanleika þá sé ef til vill réttast að tala við heldri konu. Hún verði auk þess búin að klára verkefnið fyrir hádegi. - fgg



**JÓHANNA Í GÓÐUM HÓPI** Forsætisráðherra Íslands er í góðum hópi hjá The Telegraph en þar er hún sögð dæmi um að upp sé runninn tími heldri kvenna.


M·A·C

DEBENHAMS



Í tilefni fjáröflunar fyrir Alnæmis-samtökin bjóðum við 40-50% afslátt af völdum vörum dagana 12. – 14. mars.

10% af söluandvirði rennur til styrktar Alnæmis-samtökunum á Íslandi

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR




**PATRICK SWAYZE** Hefur háð erfiða baráttu við krabbamein í brisi síðasta árið. Vinir hans segja hann dauðvona.

# Swayze sagður dauðvona

**Vinir leikarans Patricks Swayze óttast að hann eigi skammt eftir. Bandarískir fjölmiðlar hafa birt myndir af Swayze þar sem hann þykir veikburða og er talið að barátta hans við krabbamein sé töpuð.**

**Swayze greindist með krabbamein í brisi í fyrra. Þrátt fyrir erfiða baráttu við sjúkdóminn hefur hann neitað að hætta að vinna við sjónvarpsþáttinn The Beast. Hann fékk lungnabólgu í janúar, skömmu eftir að hann ræddi baráttuna við krabbameinið í fyrsta sinn í sjónvarpsviðtali.**

**„Hann veit að endirinn nálgast og hann reynir að njóta hvers dags,“ sagði vinur leikarans af þessu tilefni.**



**ENN ÞÁ VINSÆLL** Slegist er um miða á tónleika Michaels Jackson í London. Á eBay er hægt að kaupa tvo miða í sæti á rúma eina milljón íslenskra króna. NORDICPHOTOS/AFP

# Braskað með miða á Jacko

**Slegist hefur verið um miða á tónleika Michaels Jackson í London síðar á árinu. Yfir milljón aðdáendur reyndu að ná sér í miða þegar sala hófst í gær. Jackson áformaði að halda tíu tónleika í O2-höllinni í júlí á þessu ári. Vegna vinsældanna verður tónleikunum fjölgað og framlengir Jackson dvöl sína í London fram í september.**

**Almenn sala á miðum hefst á morgun en þegar er farið að braska með miða á netinu. Miðaverðið þar er himinhátt. Hæsta miðaverðið fyrir tvo miða á eBay er rúm ein milljón króna. Þetta verða fyrstu alvöru tónleikar Michaels Jackson síðan 2001.**





**UMDEILDUR VIKUDÓMUR**

**Ásgeir Þór Davíðsson** ætlar ekki að gefa eftir kröfu sína og segir tilboð lögmanns Birtings svívirðilegt. Blaðamaður Vikunnar telur ummæli Geira um blaðamennskuhæfni hennar ærumeiðandi.

# Ekkert mál ef Geiri rukkaði ekki

**Eftirmál Vikudómsins ætla að reynast sérstæð. Lögmaður Birtings, Gunnar Ingi Jóhannsson, bauð upp á að máli á hendur Ásgeiri Þór og ritstjórum Fréttablaðsins yrði sleppt ef Ásgeir gleymdi bótum sem honum voru dæmdar í Hæstarétti.**

„Ég sé mér ekki annað fært en að innheimta þessa sekt. Og verði hún ekki greidd neyðist ég einfaldlega til að stefna viðkomandi," segir Ásgeir Þór Davíðsson, eða Geiri á Goldfinger.

Eftirmál dóms sem féll Ásgeiri í hag í Hæstarétti á hendur Björk Eiðsdóttur, blaðamanns á Vikunni, ætla að reynast sérstæð. Þannig hefur Björk ákveðið að stefna Ásgeiri, og ritstjórum Fréttablaðsins til vara, fyrir ummæli sem Ásgeir lét falla í frétt í Fréttablaðinu í kjölfar dómsins. Þau voru á þá leið að hann efaðist mjög um blaðamennskuhæfileika Bjarkar og teldi vinnubrögð hennar til skammar.

Í bréfi frá lögmanni Bjarkar, Gunnari Inga Jóhannssyni hjá Lögmönnum Höfðabakka, sem sent var Vilhjálmi H. Vilhjálmssyni, lögmanni Ásgeirs, er lögð fram sú tillaga að Ásgeir falli frá kröfu um greiðslu á fjárhæðinni, sem Hæstiréttur dæmdi honum, gegn því að Björk höfði ekki mál gegn honum.

Í bréfinu segir að Birtingur muni taka ábyrgð á greiðslunni, þá væntanlega 1,1 milljón sem eru málskostnaður, miskabætur og dráttarvextir, en Björk telji ummæli Ásgeirs í Fréttablaðinu „ærumeiðandi í sinn garð" og meti líkur á málsókn miklar. „Mögulega yrði krafist 5 milljóna í miskabætur. Hugsanlega gæti ég talið henni hughvarf ef fallist yrði á að fella kröfuna niður, sem myndaðist í gær. Myndi það ganga?" spyr Gunnar Ingi meðal annars í bréfinu.

Ásgeir telur þetta lýsa örvæntingu þeirra Birtingsmanna og hefur engar fyrirætlanir um að taka því. „Mér þykir þetta tilboð þeirra svívirðilegt og það lýsir því að þeir hafa ekkert mál í höndum."

Gunnar Ingi segir í samtali við Fréttablaðið að þetta hafi verið liður í óformlegum viðræðum. „Mér finnst líklegt að ekki hefði komið til málshöfðunar á hendur Ásgeiri Þór og ritstjórum Fréttablaðsins þó ekki sé hægt að segja hvernig þær samningaumleitanir hefðu endað. En Ásgeir Þór og lögmaður hans segja þessi ummæli ekki meiðandi í tölvupósti til mín og í því felst höfnun. En við teljum að sjálfsögðu Ásgeir Þór ábyrgan fyrir ummælunum. Já, og ritstjórar Fréttablaðsins til vara enda var formlegt kröfubréf sent málsaðilum síðar."

jakob@frettabladid.is

# U2 í Evróputúr

Hljómsveitin U2 hefur tilkynnt um tónleikaferð sína um Evrópu sem hefst í Barcelona 30. júní. Um fjórtán tónleika verður að ræða og lýkur túrnum á Millenium-leikvanginum í Cardiff 22. ágúst. Eftir það er förinni heitið til Bandaríkjanna þar sem fyrstu tónleikarnir verða í Chicago 12. september.

Tónleikaferðin nefnist 360° sem vísar til þess að áhorfendabekkir verða staðsettir í kringum sviðið. Flestir miðar í tónleikaferðinni kosta tæpar 8.000 krónur auk þess sem um tíu þúsund miðar á hverjum tónleikum kosta aðeins rúmar 4.000 krónur. „Við höfum lagt okkur alla fram til að tryggja að aðdáendur U2 geti keypt miða á mjög góðu verði með mjög góðu útsýni," sagði umboðsmaður U2, Paul McGuiness. Á meðal upphitunarsveita á túrnum verða Glasvegas, Elbow, Kaiser Chiefs, Snow Patrol og Black Eyed Peas.

Nýjasta plata U2, No Line on the Horizon, hefur fengið mjög góðar viðtökur og meðal annars farið á toppinn í Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og Japan.



**U2** Hljómsveitin U2 hefur tónleikaferð sína um Evrópu í Barcelona 30. júní.






| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| GRAN TORINO (ALDREI STRÍÐ Á ÍSLANDI - SÝND Á UNDAN) | kl. 5:20D - 8D - 10:40D | 12 |
| GRAN TORINO (ALDREI STRÍÐ Á ÍSLANDI - SÝND Á UNDAN) | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| SHOPAHOLIC | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| DESPEREAUX m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| DEFIANCE | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| ROLE MODELS | kl. 5:50 | 12 |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 8:30 | 7 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| GRAN TORINO | kl. 6D - 8D - 10:40D | 12 |
| SHOPAHOLIC | kl. 6D - 8:30D | L |
| DEFIANCE | kl. 10:40D | 16 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 8 | 7 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| PINK PANTHER 2 | kl. 8 | L |
| FANBOYS | kl. 10:10 | L |
| SHOPAHOLIC | kl. 8 | L |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 10:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| GRAN TORINO (ALDREI STRÍÐ Á ÍSLANDI - SÝND Á UNDAN) | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SHOPAHOLIC | kl. 8 | L |
| DEFIANCE | kl. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| GRAN TORINO (ALDREI STRÍÐ Á ÍSLANDI - SÝND Á UNDAN) | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SHOPAHOLIC | kl. 8 | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 10:10 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| MARLEY AND ME LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE INTERNATIONAL D | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 3.40 | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 5.15 – 8 – 10.40 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 D | kl. 4 - 6 | L |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 3.45 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| REGNBOGINN | | |
|---|---|---|
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 8 - 10 | L |
| FANBOYS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| FROST/NIXON | kl. 5.30 | 12 |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 5.30 | L |
| BRIDE WARS | kl. 8 - 10 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| MARLEY AND ME | kl. 6.30 - 9 | L |
| THE INTERNATIONAL | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 6 | L |
| MILK | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| THE WRESTLER | kl. 10.30 | 14 |
| THE READER | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 | L |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| MARLEY AND ME | kl. 6 - 8 - 10.10 | L |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 6 | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 8 | 12 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 10.15 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| MARLEY & ME | kl. 5.45, 8 og 10.15 | L |
| ÆVINTÝRI DESPEREAUX | kl. 6 - Ísl.tal | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 8 og 10.30 | 12 |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |


# Plöntuhandbókin fyrir dóm

Sigurður Valur Sigurðsson teiknari, hyggst höfða mál á hendur Eddu-útgáfu vegna brots á höfundarrétti. Málið snýr að Plöntuhandbókinni eftir Hörð Kristinsson en Sigurður teiknaði yfir fimm hundruð teikningar fyrir ritið.

Plöntuhandbókin kom fyrst út á vegum Arnar & Örlygs 1986 en þegar forlagið fór á hausinn eignaðist Mál og menning útgáfuréttinn. Hún var endurútgefin árið 1998 undir merkjum Eddu-útgáfu og þykir hálfgerð biblía fyrir þá sem hafa áhuga á flóru Íslands. Sigurður segist ekki hafa verið látinn vita af þeirri útgáfu og telur sig þar að auki aldrei hafa framselt höfundarrétt sinn að teikningunum. Hann hafi reynt samningaleiðina en alls staðar komið að luktum dyrum.

Vilborg Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Eddu-útgáfu, sagði fyrirtækið ekki lengur vera í útgáfum á borð við þessa. Umrætt mál væri gamalt en væri komið í réttan farveg. „Ég hef eiginlega ekkert meira um þetta mál að segja," segir Vilborg en mál Sigurðar verður tekið fyrir í héraðsdómi Reykjavíkur hinn 13. mars.

-fgg



**TEIKNAÐI PLÖNTUR** Sigurður Valur Sigurðsson hyggst höfða mál vegna teikninga í Plöntuhandbók Harðar Kristinssonar sem kom fyrst út 1986.

# Stutt og snarpt hjá Monitor

**Útgáfa tímaritsins Monitor hefur verið skorin niður vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Fjögur tölublöð koma út á árinu í stað ellefu í fyrra. Atli Fannar, ritstjóri blaðsins, blæs til sóknar á netinu.**



**ATLI FANNAR BJARKASON** Ritstjóri Monitors er hæstánægður með hina nýju og endurbættu vefsíðu, Monitor.is. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Tímaritið Monitor hefur opnað nýja og endurbætta vefsíðu sína, Monitor.is. Áherslum síðunnar hefur verið breytt og núna er léttleikinn og einfaldleikinn í fyrirrúmi.

„Við erum loksins búin að hanna vef sem er eins og hann átti alltaf að vera í sambandi við það hvernig efnið er framsett," segir Atli Fannar Bjarkason, ritstjóri Monitors. „Núna er þetta meira í ætt við erlendar slúður- og tónlistarfréttaveitur með stuttum og snörpum fréttum."

Til að halda upp á áfangann verður haldið partí á Jacobsen í kvöld. „Við ætlum að halda partí eins og það sé 2007 og ætlum ekkert að pæla í því að það sé 2009. Fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru velkomnir í heimsókn til að sjá að það er ekki allt í „volli" þarna," segir hann.

Fjögur tölublöð af Monitor verða gefin út á árinu, sem er mikil breyting frá því í fyrra þegar ellefu blöð komu út. Fyrsta blaðið er væntanlegt rétt fyrir páska. „Við sáum það í byrjun ársins að við urðum að bíta í það súra epli að fækka útgáfudögunum tímabundið.

Það verða vonandi flottari blöð sem koma út í staðinn og við ætlum að koma að minnsta kosti þreföldu blaði í eitt hvað varðar gæðin."

freyr@frettabladid.is

Kynnið ykkur málin á

www.profkjor.is

Frambjóðendur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins kynna sig og sín stefnumál á nýjum vef flokksins, www.profkjor.is.

Hver frambjóðandi hefur sína undirsíðu á vefnum þar sem hann kynnir sig og sín helstu stefnumál auk þess sem hægt er að horfa á stutt myndband með hverjum frambjóðenda.

Þar að auki eru á vefnum ýmsar upplýsingar um framkvæmd prófkjörsins. Við hvetjum alla til að fara á vefinn og kynna sér málin.

Sjálfstæðisflokkurinn

# THE BODY SHOP™

## Vinsælar vörur með góðum afslætti 11.-16. mars

**Nýtt kortatímabil**





### Dekurvörur með ólífuolíu

Rakagefandi "body butter"-húðnæring með ólífuolíu (úr lífrænt ræktuðum, ítölskum ólífum; 200ml), sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali
**Verð nú: 2570 kr. með 30% afslætti**
Verð áður: 3670 kr.

### Vörutegundir fyrir herrann

Nýjar herravörur með seyði úr perúskri "maca"-rót: Rakakrem (Maca root face protector, 100ml), græðandi gel eftir rakstur (Maca root razor relief, 100ml) og svitalyktareyðir (Maca root deodorant stick, 75ml)
**Verð nú: 3670 kr. með 30% afslætti**
Verð áður: 5240 kr.





### Frábærar förðunarvörur!

Bronspúður (ath. val milli tveggja litbrigða), varalitur (litbrigði að eigin vali) og farðabursti fyrir andlit og líkama
**Verð nú: 3690 kr. með 30% afslætti**
Verð áður: 5270 kr.

### Jarðarberja-dekurvörur

Rakagefandi jarðarberja-"body butter"-húðnæring (200ml), sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali
**Verð nú: 2570 kr. með 30% afslætti**
Verð áður: 3670 kr.

### Dekurvörur með kókosolíu

Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með kókosolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali
**Verð nú: 2570 kr. með 30% afslætti**
Verð áður: 3670 kr.



**25% afsláttur** af sjampói (250ml) og hárnæringu (250ml) saman.
Um 5 gerðir er að velja, þ.e. með hunangi fyrir þurrt hár, með ólífu fyrir venjulegt hár, með nettluseyði fyrir feitt hár, með gúranaberjaseyði sem gefur hárinu góða fyllingu og bláberjalyngsseyði fyrir litað/efnaunnið hár
**Kynntu þér frábærar vörutegundir með vænum kynningarafslætti!**



**KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI**

*Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299*

THE BODY SHOP®

## > Frítt í Krikann

Handknattleiksdeild FH og Byr bjóða á völlinn í kvöld þegar FH tekur á móti nýkrýndum bikarmeisturum Vals í N1-deild karla. FH á í harðri baráttu um sæti í úrslitakeppninni og óskar eftir stuðningi. Valsmenn sitja þægilega í öðru sæti deildarinnar. Tveir aðrir leikir eru á dagskrá deildarinnar í kvöld. HK tekur á móti Stjörnunni og Fram tekur á móti Víkingi. Allir leikir hefjast klukkan 19.30.



# sport

sport@frettabladid.is

**EINAR INGI HRAFNSSON OG ANDRI BERG HARALDSSON:** HUGSANLEGA Á LEIÐ Í DANSKA HANDBOLTANN

## *Mors - Thy Håndbold skoðar Einar Inga og Andra*

Útsendarar frá danska úrvalsdeildarfélaginu Mors - Thy Håndbold mættu hingað til lands á dögunum og horfðu á leik Fram og HK. Voru þeir mættir gagngert til þess að skoða HK-inginn Einar Inga Hrafnsson og Framarann Andra Berg Haraldsson.

Einar Ingi fór á kostum í leiknum á línunni gegn sínum gömlu félögum og skoraði sex mörk. Andri Berg átti þokkalegan leik í skyttunni og skoraði fjögur mörk.

„Maður er bara svona góður undir pressu," sagði Einar Ingi léttur en þeir félagar vissu af útsendurum danska félagsins í stúkunni enda hitt þá fyrir leik.

„Þeir sögðust vera mjög áhugasamir og við höfum aðeins rætt saman. Ég er búinn að útlista svona nokkurn veginn mínar kröfur og er í raun bara að bíða eftir að heyra frá þeim. Það væri ekki verra ef þetta gengi upp enda spennandi dæmi," sagði Einar Ingi.





Andri Berg sagðist aðspurður lítið hafa heyrt frá forráðamönnum félagsins síðan þeir komu til landsins og því ekki vera viss um hvort eitthvað meira kæmi frá félaginu. Andra stóð á dögunum til boða að ganga í raðir franska félagsins Nantes en hann hafnaði því.

Mors - Thy Håndbold er sem stendur í 12. sæti dönsku úrvalsdeildarinnar af 14 félögum. Liðið er þó ekki í neinni fallhættu og mun leika meðal þeirra bestu næsta vetur. Þó svo liðið sé neðarlega er það aðeins fjórum stigum á efir Íslendingaliðinu GOG sem situr í 9. sæti deildarinnar.

„Þetta lið ætlar sér stærri hluti á komandi árum og væri gaman að taka þátt í því. Þetta lið skilst mér samt að sé staðsett í einhverju krummaskuði en það eiga víst að vera 40 mínútur til Álaborgar þannig að þetta sleppur," sagði Einar Ingi Hrafnsson.

### *Meistaradeild Evrópu:*

**Man. Utd-Inter** **2-0**
1-0 Nemanja Vidic (4.), 2-0 Cristiano Ronaldo (48.)
*Man. Utd komst áfram, 2-0, samanlagt.*
**Roma-Arsenal** **6-7 (1-0)**
1-0 Juan (9.).
*Arsenal komst áfram eftir vítaspyrnukeppni*
**Barcelona-Lyon** **5-2**
1-0 Thierry Henry (25.), 2-0 Thierry Henry (27.), 3-0 Lionel Messi (40.), 4-0 Samuel Eto´o (43.), 4-1 Jean Makoun (44.), 4-2 Juninho (48.), 5-2 Keita (90.)
*Barcelona komst áfram, 6-3, samanlagt.*
**Porto-Atletico Madrid** **0-0**
*Porto komst áfram á mörkum skoruðu á útivelli.*

### *Enska úrvalsdeildin:*

**Fulham-Blackburn** **1-2**
Clint Dempsey - El Hadji Diouf, Jason Roberts.

### *Enska 1. deildin:*

**Burnley-Crystal Palace** **4-2**
Jóhannes Karl Guðjónsson sat á varamannabekk Burnley en kom inn á 72. mínútu.

### *Þýski bikarinn, 8 liða úrslit:*

**Rhein Neckar Löwen-Dusseldorf** **40-32**
Guðjón V. Sigurðsson skoraði 12 mörk fyrir RNL.
**Gummersbach-Nordhorn** **25-24**
Róbert Gunnarsson skoraði 3 mörk fyrir Gummersbach.
**Wetzlar-Kiel** **23-31**
**Minden-Hamburg** **18-24**
Gylfi Gylfason skoraði 1 mark fyrir Minden.

### *Þýski handboltinn:*

**Grosswallstadt-Magdeburg** **26-23**
Einar Hólmgeirsson skoraði 6 mörk fyrir Grossw.

### *Iceland Express-deild kvk:*

**Keflavík-KR** **77-78 (43-41)**
Stig Keflavíkur: Bryndís Guðmundsdóttir 17, Kesha Watson 16, Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 12, Birna Valgarðsdóttir 12, Svava Ósk Stefánsdóttir 12, Pálína M Gunnlaugsdóttir 8.
Stig KR: Hildur Sigurðardóttir 29, Margrét Kara Sturludóttir 20, Guðrún Þorsteinsdóttir 12, Sigrún Ámundadóttir 12, Helga Einarsdóttir 6.

# Mourinho tapaði loks gegn Sir Alex

**Sir Alex Ferguson hafði aðeins tekist að vinna lið Jose Mourinho einu sinni í þrettán tilraunum fyrir leik Man. Utd og Inter í gær. Barcelona, Porto og Arsenal tryggðu sig einnig áfram í átta liða úrslitin.**

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho varð loks að lúta í gras á Old Trafford í gær eftir fjörugan leik Man. Utd og Inter.

Man. Utd byrjaði leikinn af miklum krafti eins og búist var við. Eftir aðeins þriggja mínútna leik fann Giggs kollinn á Nemanja Vidic úr hornspyrnu og Vidic stangaði boltann listilega í netið. Gamli Arsenal-maðurinn Patrick Vieira átti að dekka Vidic en svaf illilega á verðinum.

Inter kom aðeins úr skotgröfunum eftir markið en sótti á allt of fáum mönnum. Zlatan oftar en ekki einn gegn her varnarmanna United og mátti ekki við margnum.

Á 29. mínútu slapp United heldur betur með skrekkinn þegar liðið gleymdi Zlatan á teignum. Hann fékk frían skalla sem fór í jörðina og þaðan í slána. United hafði á þeim tíma verið fullkærulaust og sendingafeilar margir.

John O´Shea fór verulega illa að ráði sínu á 38. mínútu þegar hann komst einn í gegn en skot hans var arfaslakt.

Cristiano Ronaldo gerði síðan út um rimmu liðanna þegar hann skoraði laglegt skallamark eftir snilldarsendingu frá Wayne Rooney. Fyrsta mark Ronaldos í Meistaradeildinni í vetur og heldur betur mikilvægt.



**ÞRUMUSKALLI** Serbinn Nemanja Vidic kemur hér Man. Utd yfir með laglegum skalla á 4, mínútu leiksins. Patrick Vieira gleymdi að dekka Serbann þarna. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Leikurinn var talsvert opinn eftir markið og mörkin hæglega getað orðið fleiri. Sérstaklega hjá United en allt kom fyrir ekki.

Barcelona gerði út um rimmuna gegn Lyon í fyrri hálfleik. Fyrst tvö mörk frá Henry á tveggja mínútna kafla þegar rangstöðuvörn Lyon brást illilega og svo Messi eftir frábæran sprett og fallegt samspil. Eto´o bætti fjórða markinu við fyrir hlé og mark frá Makoun undir lok hálfleiksins breytti engu fyrir Lyon. Juninho klóraði í bakkann í upphafi síðari hálfleiks og gaf Lyon smá von en hún var of lítil. **henry@frettabladid.is**




Fyrsti leikur Keflavíkur og KR í undaúrslitum kvennakörfunnar:

# Helga skoraði sigurkörfuna sárþjáð

**KÖRFUBOLTI** Helga Einarsdóttir tryggði KR 77-78 sigur í fyrsta leik undanúrslita Iceland Express-deildar kvenna með sigurkörfu sex sekúndum fyrir leikslok. Helga var sárþjáð og nánast á öðrum fætinum en setti stærsta skot leiksins niður af miklu öryggi.

„Loksins náðum við að vinna í Keflavík," var það fyrsta sem kom frá þjálfara KR-liðsins, Jóhannesi Árnasyni, í leikslok. „Þetta er 40 mínútna leikur og við nýtum tímann til fulls. Það var hátt spennustig en viljinn til að standa sig er rosalegur í þessu liði. Þetta er bara kennslustund í lífinu, að maður á aldrei að gefast upp og halda alltaf áfram," sagði Jóhannes sem lét Helgu Einarsdóttur spila þrátt fyrir að hún væri greinilega meidd. „Hún er sárþjáð og það var spurning hvort hún myndi spila seinni hálfleikinn. Hún harkaði þetta af sér og við vonum að það hafi engin eftirköst," sagði Jóhannes.

Keflavík tefldi fram Keshu Watson á nýjan leik og tók frumkvæðið strax í leiknum. Keflavík komst mest ellefu stigum yfir en KR-liðið gafst aldrei upp borið uppi af frábærum leik Hildar Sigurðardóttur sem var með 29 stig, 8 fráköst og 6 stoðsendingar í leiknum. „Þetta er stór sigur fyrir okkur að brjóta þann ís að vinna í Keflavík. Við þurfum að vinna hérna til að komast áfram. Það var mikilvægt að taka fyrsta leikinn og setja þær upp við vegg," sagði Hildur og hún



**BARÁTTA** Það var mikil barátta og dramatík í leik Keflavíkur og KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

játaði að sigurkarfan hafi komið úr óvæntri átt. „Hún er búin að setja boltann ofan í í síðustu leikjum. Það er gott fyrir liðið að við séum allar fimm ógnandi í sókninni og hún sannaði með þessu að það eru allar hættulegar," sagði Hildur.

„Þegar maður mætir ekki í leikina til þess að vinna og heldur að þetta komi af sjálfu sér þá gerist nákvæmlega þetta. Ég ætla rétt að vona það að við getum bætt okkur mikið fyrir næsta leik," sagði Jón Halldór Eðvaldsson, mjög ósáttur þjálfari Keflavíkur. „Kesha var mjög þreytt í lokin en þetta snýst ekki um það. Við komumst tíu stigum yfir og misstum þetta niður. Þar liggur leikurinn," sagði Jón Halldór. **- óój**




mazda

## Vertu á tánum, fáðu þér notaðan sparneytinn Mazda

# Mazda endist og endist

Kauptu notaðan eða nýjan Mazda í dag. Mazda er þekktur fyrir firnagóða akstурseiginleika, viðbragðsgóðar og sparneytnar vélar og stílfágað sportlegt útlit. Komdu í Brimborg í dag og fáðu þér sparneytinn bíl sem endist og endist. Vertu Mazda.

## Komdu í Brimborg Bíldshöfða 8

Fjöldi annarra Mazda bíla í boði. Hringdu núna í síma 515 7000.

Mazda2 Advance.
1,3 bensín beinskiptur 5 dyra.
Númer OUV66. Skrd. 07/2008.
Ek. 780 km. **Sýningarbíll.**
Kostar nýr 2.790.000 kr.
**Tilboðsverð 2.290.000 kr.**
18% afsláttur/afföll.




Mazda6 Touring.
2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Númer OG811. Skrd. 05/2007.
Ek. 31.800 km.
Ásett verð 2.790.000 kr.
**Tilboðsverð 2.390.000 kr.**
14% afsláttur.



Mazda3 Touring.
1,6 bensín beinskiptur 4 dyra.
Númer SS285. Skrd. 07/2007.
Ek. 43.000 km.
Ásett verð 2.240.000 kr.
**Tilboðsverð 1.990.000 kr.**
11% afsláttur.



Mazda6 Touring.
2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Númer YA974. Skrd. 06/2006.
Ek. 39.000 km.
Ásett verð 2.390.000 kr.
**Tilboðsverð 1.990.000 kr.**
17% afsláttur.





Mazda6 Touring.
2,0 bensín sjálfskiptur station.
Númer MZ451.
Skrd. 04/2007.
Ek. 43.600 km.
Ásett verð 2.690.000 kr.
**Tilboðsverð 2.290.000 kr.**
15% afsláttur.



Mazda3 Touring Plus.
1,6 bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Númer NL558. Skrd. 10/2005.
Ek. 44.000 km.
Ásett verð 1.990.000 kr.
**Tilboðsverð 1.690.000 kr.**
15% afsláttur.



Mazda3 Touring Plus.
1,6 bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Númer NU784. Skrd. 06/2007.
Ek. 39.300 km.
Ásett verð 2.460.000 kr.
**Tilboðsverð 1.990.000 kr.**
19% afsláttur.



Mazda6 Touring.
2,0 bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Númer MX591. Skrd. 07/2007.
Ek. 49.000 km.
Ásett verð 2.640.000 kr.
**Tilboðsverð 2.190.000 kr.**
17% afsláttur.




Mazda3 Advance Plus.
1,6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Númer RDE81. Skrd. 06/2008.
Ek. 830 km. **Sýningarbíll.**
Kostar nýr 3.640.000 kr.
**Tilboðsverð 2.690.000 kr.**
26% afsláttur/afföll.

## Öryggi er allra best

*Veldu nýjan eða notaðan bíl með fullkomnu öryggiskerfi:*

- Stöðugleikastýrikerfi DSC
- ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun
- Öryggispúði í mælaborði
- Öryggispúði í stýri
- Öryggispúðatjöld í hliðum
- Hliðarpúðar í framsætum
- Öryggisbeltaaðvaranir
- Öryggisbeltastrekkjarar

## Við erum á tánum fyrir þig í dag

*Veldu nýjan eða notaðan bíl með meiri þægindum:*

- Hiti í framsætum
- Hæðarstillanlegt stýri
- Hæðarstilling á ökumannssæti
- Fjarstýring í stýri fyrir hljómtæki
- Geislaspilari
- Loftkæling
- Fjarstýrð samlæsing

selja gamla
kaupa nýjan eða notaðan

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins. Komdu í Brimborg í dag.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is | www.mazda.is

# Ekki óraunhæft að ná kjöri

**Guðmundur Ágúst Ingvarsson hefur boðið sig fram til embættis forseta Alþjóða handknattleikssambandsins þar sem mörgum hefur þótt pottur brotinn undanfarin ár. Hann vill koma núverandi forseta frá og laga sambandið.**

**HANDBOLTI** Guðmundur Ágúst Ingvarsson, formaður HSÍ, hefur tilkynnt framboð sitt til embættis forseta Alþjóða handknattleikssambandsins, IHF, með formlegum hætti. Kjörið fer fram á ársþingi sambandsins sem haldið verður í byrjun júní næstkomandi.

Guðmundur sagði í samtali við Fréttablaðið að framboð hans ætti sér ekki langan aðdraganda. „Það var einfaldlega skorað á mig að gera þetta, bæði hér heima og í Evrópu. Það liggur ekki mikil vinna að baki en hún fer nú í gang og verður kannað hversu mikinn stuðning ég get fengið.“

Annar Evrópubúi, Jean Kaiser frá Lúxemborg, hefur einnig tilkynnt framboð sitt og segir Guðmundur að það sé ljóst að annar þeirra verði að víkja áður en að sjálfu kjörinu kemur.

„Afríku- og Asíuþjóðir hafa staðið dyggilega að baki núverandi forseta, Hassan Moustafa frá Egyptalandi. Það eru mörg aðildarlönd í þessum álfum og við gerum okkur grein fyrir því að það verður erfitt að ná kjöri. En við teljum að það sé hægt - annars hefðum við ekki sett mitt nafn fram.“

Moustafa hefur verið afar umdeildur í starfi og verið gagnrýndur fyrir ýmsar sakir – allra helst vegna lyfjamála. Alþjóða ólympíunefndin hefur hótað að taka handbolta af dagskrá leikanna þar sem Moustafa hefur neitað að fara eftir fyrirmælum Ólympíuhreyfingarinnar í lyfjamálum.

„Það hefur verið óánægja með störf forsetans og breytinga er krafist. Þess vegna erum við að þessu,“ sagði Guðmundur. „Það er alveg ljóst að það þarf að bæta lyfjaeftirlit innan handboltahreyfingarinnar. Það liggur alveg fyrir hvað þarf að gera og það er að fara að kröfum Ólympíuhreyfingarinnar. Flóknara er það ekki.“



**Í FRAMBOÐI** Guðmundur Ágúst Ingvarsson, formaður HSÍ, vill verða forseti Alþjóða handknattleikssambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hann segir að nú sé hafin vinna við stefnumótun og annað slíkt sem fylgir kosningabaráttu. Eitt málefni sem verður líklega áberandi í umræðunni er hvort halda eigi heimsmeistaramótið í handbolta á fjögurra ára fresti – en ekki tveggja eins og nú.

„Það eru tvær hliðar á því máli eins og flestu öðru. Ég held að það væri ágætt að halda HM á fjögurra ára fresti. Þó má sú ákvörðun ekki hefta útbreiðslu handboltans eða áreiti íþróttarinnar í fjölmiðlum. Og einnig verður að gæta þess að leikjaálagið komi þá ekki úr annarri átt í staðinn heldur verði þetta til þess að leikjaálagið minnki.“

Evrópumótið verði þó áfram á tveggja ára fresti. „Mér sýnist flestir vera á þeirri skoðun að halda EM á tveggja ára fresti og þess á milli koma Ólympíuleikar og HM til skiptis.“

Guðmundur segir að nú verði kannað hvort stuðningur sé við framboð hans annars staðar en í Evrópu.

„Við getum ekki reiknað með mörgum atkvæðum frá Afríku en vonandi þó einhverjum. Núverandi forseti er ekki með jafn mikinn stuðning frá Asíu og áður og svo horfum við líka til Ameríku og Eyjaálfu þar sem ríkir mikil óánægja með núverandi forystu.

Ef við njótum stuðnings flestra utan Afríku tel ég líklegt að það myndi duga til að ná kjöri.“

eirikur@frettabladid.is



**DAVID BECKHAM** Er orðinn reynslumikill leikmaður. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

David Beckham:

## Baulið truflar mig ekkert

**FÓTBOLTI** Alexi Lalas, framkvæmdastjóri LA Galaxy, sagði í viðtali á þriðjudag að David Beckham mætti búast við því að stuðningsmenn Galaxy myndu baula á hann þegar hann sneri aftur til félagsins í sumar. Lalas sagði að Beckham gæti sjálfum sér um kennt.

Beckham lætur þessi tíðindi ekki raska ró sinni og hefur engar áhyggjur af stuðningsmönnum Galaxy.

„Baulið, gagnrýnin, ég hef gengið í gegnum þetta allt áður og það truflar mig ekki neitt,“ sagði Beckham við BBC.

„Þeir sem hafa vit á fótbolta munu segja að ég hafi bara mikinn metnað fyrir því að spila með landsliðinu og að ég viti hvað ég þarf að gera til að það geti gengið upp,“ sagði Beckham og bætti við að hann tryði ekki öðru en að liðsfélagar hans myndu standa þétt við bak hans.

Beckham mun snúa aftur til Bandaríkjanna 10. júlí. - hbg



**SVAKALEGUR** Barrera hefur engar áhyggjur af Khan. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Barrera mætir Amir Khan:

## Khan léttari en Prinsinn

**BOX** Mexíkóinn Marco Antonio Barrera er drjúgur með sig fyrir bardagann gegn breska ungstirninu Amir Khan í Manchester á laugardaginn.

Hinn 35 ára gamli Barrera er fyrrum heimsmeistari í þremur þyngdarflokkum og afrekaði meðal annars að verða fyrsti maðurinn til að sigra Prince Naseem Hamed í Las Vegas árið 2001.

Barrera á ekki von á að lenda í vandræðum á móti hinum 22 ára gamla Khan, sem hefur aðeins tapað einum bardaga á ferlinum.

„Ég hef heyrt mikið talað um Khan, rétt eins og um Naseem Hamed þegar ég sigraði hann. Þegar ég var á aldur við Khan, var ég þegar búinn að verja heimsmeistaratitilinn sex sinnum og búinn að leggja nokkur stór nöfn,“ sagði Barrera, sem hlakkar til að mæta Englendingnum unga á heimavelli hans.

„Ég hef ekki barist í Bretlandi í tíu ár, en ég hef gaman af því að mæta ungum boxara á hans eigin heimavelli. Þannig verður það tvöföld ánægja fyrir mig að sigra hann,“ sagði Barrera, sem hefur unnið 71 bardaga á 20 ára ferli og aðeins tapað sex sinnum fyrir fjórum mismunandi mönnum. - bb

Ísland varð í sjötta sæti á Algarve-mótinu eftir að hafa tapað fyrir Kína:

# Erum nógu sterk til að vinna öll þessi lið á góðum degi

**FÓTBOLTI** Ísland tapaði í gær sínum lokaleik á Algarve-mótinu í Portúgal. Liðið tapaði fyrir Kína, 2-1, í leik um fimmta sæti mótsins. Harpa Þorsteinsdóttir skoraði eina mark Íslands í leiknum í lok fyrri hálfleiks en þetta var hennar fyrsta landsliðsmark á ferlinum.

„Við lékum ágætlega að mörgu leyti í leiknum sem var annars í járnum. Sigurinn hefði getað lent hvoru megin sem var. En við virkuðum svolítið búnar á því eftir langt og strangt mót og hópurinn var orðinn nokkuð lemstraður,“ segir Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari.

Þrír leikmenn voru óleikfærir í gær og þá þurfti Rakel Hönnudóttir að fara af velli eftir að hafa fengið höfuðhögg.

Þar með var ljóst að Íslands lenti í sjötta sæti á mótinu sem er besti árangur liðsins frá upphafi – enda í fyrsta sinn sem liðið er í efri styrkleikaflokki mótsins.



**ÞJÁLFARINN** Sigurður Ragnar segir leikmönnum sínum til. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Það er gríðarlega mikill munur á því að mæta fjórum toppþjóðum á stuttum tíma og því sem við höfum áður kynnst á mótinu. Leikmenn hafa aldrei kynnst því að spila á móti svona mörgum sterkum liðum á jafn stuttum tíma og því var þetta góður undirbúningur fyrir EM í sumar,“ segir Sigurður.

Ísland byrjaði mótið á því að vinna Noreg 3-1 og tapaði svo naumlega fyrir Bandaríkjunum, 1-0. Í kjölfarið fylgdu töp gegn Dönum og Kínverjum.

„Við eigum þó heilmikið inni þar sem allir leikmenn eru á sínum undirbúningstímabilum og margar að spila á grasi í fyrsta sinn í ár. Við eigum eftir að spila betur og á góðum degi getum við unnið öll þessi lið.“

Sigurður Ragnar segist aðspurður ánægður með frammistöðu liðsins á mótinu. „Fyrirfram hefðu flestir reiknað með því að við myndum ekki ná stigi. En það tókst gegn Noregi og með meiri leikæfingu hefðum við náð að veita hinum liðunum meiri mótspyrnu. Ég er líka á því að ef við hefðum verið með alla okkar leikmenn heila og í góðu formi í dag hefðum við unnið Kína.“

EM byrjar síðla ágúst í sumar og fram undan er leikur gegn Hollandi í Kórnum 25. apríl. - esá



**PAUL MCSHANE** Hefur lagt skóna á hilluna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áfall fyrir Framara:

## McShane hættur í fótbolta

**FÓTBOLTI** Einn besti leikmaður Fram síðasta sumar, miðjumaðurinn Paul McShane, mun ekki snúa aftur til Íslands og spila með liðinu á næstu leiktíð. Það staðfestu Framarar í gær.

McShane hefur fundið sér framtíðarstarf í Skotlandi og hefur þess utan lagt skóna á hilluna.

Þetta er mikil blóðtaka fyrir Framara enda McShane alger lykilmaður í liðinu. Hann lék áður með Grindavík og á alls 140 leiki að baki í efstu deild. Hann skoraði 22 mörk í þessum 140 leikjum. - hbg



**MEIDD** Katrín Ómarsdóttir var einn þeirra leikmanna sem meiddist í Portúgal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Meiðsli í landsliðshópnum:

## Rakel mögulega í uppskurð

**FÓTBOLTI** Fjórir landsliðsmenn meiddust á meðan á Algarve-mótinu í Portúgal stóð. Í gær þurfti Rakel Hönnudóttir að fara af velli eftir að hafa fengið höfuðhögg.

Katrín Ómarsdóttir er meidd á liðþófa í hné og gæti þurft að fara í uppskurð vegna þess, sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari.

Þá er Sara Björk Gunnarsdóttir tognuð nokkuð illa á ökkla og verður frá í 2-3 vikur vegna þess. María Björg Ágústsdóttir markvörður meiddist í leiknum gegn Dönum í gær og var því enginn markvörður á varamannabekk Íslands í dag.

„Edda Garðarsdóttir var reyndar klár í þann slag en sem betur fer kom ekki til þess,“ sagði Sigurður Ragnar. - esá

FLOTGÓLF
GIFS&MÚRVERK
Flotgólf ehf. býr yfir vel þjálfuðum starfsmönnum, besta fáanlega búnaði til múrframkvæmda og rekstraraðilar þess eru frumkvöðlar í vélvæðingu í múrverki.
Versläðu við fagmenn - það margborgar sig!


Flotgólf ehf. - Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ - Sími 555 6888 -flotgolf@flotgolf.is - www.flotgolf.is

Heimabíó Magnarar Hátalarar Snúrur Ferða DVD DVD spilarar Veggfestingar Bílgræjur

Útvörp Vekjarar Hljómtæki Ferðatæki Prentarar Blek Tölvuhátalarar Flakkarar Mýs

Lyklaborð Skrifanlegir diskar Tölvuvörur Fartölvutöskur iPOD græjur Myndavélatöskur

MP3 aukahlutir Tölvuleikjahlutir Nýir tölvuleikir Tölvuleikir á borði

DVD - nýtt efni Seríur á DVD Blue Ray diskar

Snúrur Ódýrir DVD Heimasímar

Heyrnatól Hljómborð

Símahlutir GSM Myndavélar

Minniskort Straujárn

Frystiskápar Blásarar

Rakvélar Pizzaofnar

Vogir Viftur Hárvörur

Rafmagnspottar Brauðvélar

Töfrasprotar Hraðsuðukatlar

Kaffivélar Hitakönnur Senseo Kaffivélar Pottar

Pönnur Saumavélar Ryksugur Ryksugupokar Barnavörur

Roomba Heilsuvörur Batterí Fjöltengi Perur B-borð Örbylgjuofnar Ísskápar

Örbylgjuofnar í hillu Sjónvörp Amerískir ísskápar Þvottavélar Frystikistur Ofnar

Þurrkarar Vínkælar Helluborð Gufugleypar Eldavélar ofl.

## Næsta SUNNUDAG lokum við verslun okkar í HOLTAGÖRÐUM.

## Fimmtudag til sun. verða öll SÝNINGAREINTÖK á ótrúlegu verði og allt á að seljast.

# 15-90% afsl.

## Verslun okkar í KAUPTÚNI heldur ótrauð áfram að tryggja LÁGT vöruverð á raftækjum.

**OPNUNARTÍMI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Sunnudaga | kl. 12-18 |
| Fimmtudaga | kl. 11-19 | | |

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

MAX RAFTÆKI



## > James Spader

„Mér finnst það alltaf athyglisvert þegar hetja hefur þorparaeðli. Það sama á einnig við þegar þorparar gera eitthvað hetjulegt."

Spader leikur lögfræðinginn Alan Shore í þættinum Boston Legal sem Skjáreinn sýnir í kvöld.

# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **FREYR BJARNASON** FÉKK ÞREFALDAN IDOL-SKAMMT BEINT Í ÆÐ

## *Mikið úthald eftir góða Idol-pásu*

Það hlýtur að vera til marks um að eitthvað er vel gert þegar maður endist í þrjár klukkustundir yfir sama sjónvarpsefninu. Sú var raunin með maraþon American Idol-kvöld á mánudaginn þegar þrír þættir voru sýndir hver á eftir öðrum. Keppendur voru að reyna að komast í lokahópinn eftirsótta og því var spennan gríðarleg.

Kannski hefur það eitthvað að gera með Idol-úthald mitt að ég hef ekki horft á þættina í nokkur ár og er því með ferskara sjónarhorn en oft áður. Mér fannst þættirnir vera orðnir leiðigjarnir, væmnir og formúlukenndir og fannst ég ekkert græða á glápinu. Vissulega eru þeir ennþá væmnir og formúlukenndir en það er samt eitthvað heillandi við að fylgjast með sömu krökkunum viku eftir viku reyna að upplifa bandaríska drauminn með öllum tilfinningunum sem fylgja þar með. Að setja sjálfan sig í dómarasætið er líka gaman því þannig getur maður borið sig saman við Cowell og föruneyti hans.



**AMERICAN IDOL** Bandarísku raunveruleikaþættirnir njóta enn þá mikilla vinsælda víða um heim.

Það er kannski ósanngjarnt að bera íslenska Idolið saman við það bandaríska en í síðasta þætti var fátt um fína drætti. Hæfileikarnir voru af skornum skammti og voru íslensku dómararnir langt í frá jafnvægðarlausir og Cowell, sem er einmitt lykilmaður í bandarísku útgáfunni. Ef hann sæti ekki í dómarasætinu og segði sína skoðun umbúðalaust væri lítið varið í American Idol.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.40 Man. City – Álaborg, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00 Rules of Engagement** SKJÁREINN



▶ **21.00 Skins** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.15 Aðþrengdar eiginkonur** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.35 Twenty Four** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ævintýri Fredda og Leós** (1:3)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.25 Meistaradeildin í hestaíþróttum**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Eli Stone** (12:13) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Aðalhlutverk: Jonny Lee Miller, Victor Garber, Natasha Henstridge og Loretta Devine.
**21.05 Myndbréf frá Evrópu** (Billedbrev fra Europa) Í þessum stuttu norsku þáttum er brugðið upp svipmyndum frá nokkrum stöðum í Evrópu og sagt frá helstu kennileitum þar.
▶**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk: Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross og Eva Longoria.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Bílfélagar** (Carpoolers) (12:13) Bandarísk gamanþáttaröð um félaga sem eru samferða í vinnuna, úr úthverfi og inn í borg og skrafa saman um lífið og tilveruna á leiðinni. Aðalhlutverk: Faith Ford, Fred Goss, T.J. Miller og Jerry O'Connell.
**22.45 Sommer** (Sommer) (14:20) (e)
**23.45 Kastljós** (e)
**00.25 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Garfield 2**
**10.00 Pokemon**
**12.00 An Inconvenient Truth**
**14.00 Garfield 2**
**16.00 Pokemon**
**18.00 An Inconvenient Truth**
**20.00 Break a Leg** Grátbrosleg spennumynd um leikara í stöðugu basli með vinnu.
**22.00 No Way Out**
**00.00 Paparazzi**
**02.00 Mississippi Burning**
**04.05 No Way Out**
**06.00 Last Holiday**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Doddi litli og Eyrnastór, Könnuðurinn Dóra og Stóra teiknimyndastundin.
**08.15 Í fínu formi**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (271:300)
**10.15 Sisters** (4:28)
**11.05 Ghost Whisperer** (51:62)
**11.50 Men in Trees** (17:19)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (144:260)
**13.25 Wings of Love** (24:120)
**14.10 Wings of Love** (25:120)
**14.55 Ally McBeal** (16:24)
**15.40 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.03 Háheimar**
**16.28 Smá skrítnir foreldrar**
**16.48 Hlaupin**
**16.58 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (6:23) Ross er lítið hrifinn af nýju barnapíunni hennar Rachel og Phoebe á erfitt með að velja milli nýja kærastans Mike og gamla kærastans David.
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.10 Markaðurinn með Birni Inga**
**19.40 The Simpsons** (2:21) Íbúar Springfield-borgar skiptast í tvær fylkingar þegar símafyrirtækið kemur upp nýju svæðisnúmerakerfi.
**20.05 The Amazing Race** (9:13) Í elleftu seríunni mæta til leiks nokkrir af sterkustu keppendunum úr fyrri seríum til að fá úr því því skorið hvert sé sterkasta parið frá upphafi.
**20.50 The Mentalist** (5:23)
▶**21.35 Twenty Four** (7:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.
**22.20 Dr. No**
**00.10 Damages** (2:13)
**00.55 Mad Men** (12:13)
**01.40 Into the Mirror**
**03.35 Ghost Whisperer** (51:62)
**04.20 The Mentalist** (5:23)
**05.05 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.
**07.30 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**
**08.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**
**08.30 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**
**16.10 Meistaradeild Evrópu - Meistaradeildin** Endursýndur leikur.
**17.50 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**
**18.20 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
**19.15 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
▶**19.40 Man. City - Álaborg** Bein útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.
**21.40 NBA tilþrif** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
**22.05 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð.
**22.35 Man. City - Álaborg** Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Fulham - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.30 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Liverpool og Blackburn leiktíðina 1994-1995.
**21.00 Fulham - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.40 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**23.10 Liverpool - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.35 Vörutorg**
**18.35 Rachael Ray**
**19.20 Game Tíví** (6:15)
▶**20.00 Rules of Engagement** (11:15) Adam og Jennifer komast að því að það er kannski ekki góð hugmynd að þau vinni saman eftir að hann ræður hana til starfa fyrir fyrirtækið.
**20.30 The Office** (9:19) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Listrænir hæfileikar Michaels fá að njóta sín þegar útibúið er beðið um að taka þátt í auglýsingu fyrir Dunder Mifflin.
**21.00 Boston Legal** (2:13) Denny Crane er við dauðans dyr eftir að hafa tekið lyfjakokteil og Alan Shore ákveður að fara í mál við lyfjafyrirtæki. Shirley Schmidt biður Carl Sack að verja 17 ára barnabarn sitt sem var handtekin fyrir að kjósa með fölskum skilríkjum.
**21.50 Law & Order** (23:24) Fontana og Falco hafa hendur í hári brennuvargs eftir að slökkviliðsmaður lætur lífið við vinnu sína og finna byssu sem notuð var í gömlu morðmáli. En þrátt fyrir játningu þá ber morðinginn fyrir sig óvenjulega vörn í réttarsalnum.
**22.40 Jay Leno**
**23.30 Britain's Next Top Model** (9:10)
**00.20 Painkiller Jane** (4:22) (e)
**01.10 Vörutorg**
**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Á fimmtudegi eru menn á öndverðum meiði um stjórnmálin.
**21.00 Maturinn og lífið** Gestgjafi þáttarins er Fritz Már Jörgensson rithöfundur. Þema þáttarins er maturinn og lífið.
**21.30 Suðurnesjamenn** Páll Ketilsson ritstjóri hefur umsjón með þættinum en í honum er myndum af mannlífi á Suðurnesjum brugðið upp.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




RÝMINGARSALA !

Hágæða flott föt á krakka á öllum aldri frá Lego, Color Kids, Grunt og fleiri toppmerkjum. einstakt tækifæri til að gera góð kaup.

LEGO Verslunin Legóföt
Skútuvogi 11
opið virka daga 12-18,
laugardaga 11-16

VORUM AÐ BÆTA VIÐ FULLT AF NÝJUM VÖRUM
60 -70 % AFSLÁTTUR
VERSLUNIN HÆTTIR, ALLT Á AÐ SELJAST

LEGO wear COLOR KIDS GRUNT

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50
### The Mentalist

Spánnýr og hörkuspennandi þáttur um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Þrátt fyrir það er hann ekki í náðinni hjá lögreglunni, ekki síst fyrir það að hafa aflar sér frægðar sem sjónvarpsmiðill en einnig fyrir að gera lítið úr þeim þar sem hann á það til að leysa gáturnar langt á undan þeim. Þáttunum hafa verið lýst sem góðri blöndu af Monk, House og CSI og eru með þeim allra vinsælustu í Bandaríkjunum.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Game Tíví**
### Skjáreinn kl. 19.20

Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. Í þættinum í kvöld ætla þeir að gagnrýna Resident Evil 5 og Halo Wars. Þá er retróleikur vikunnar á sínum stað, kíkt verður í verslunina Nexus ásamt því að viðbót við leikinn World of Warcraft verður skoðuð nánar. Einnig verða strákarnir með raunveruleik en í þetta skiptið er það leikurinn My Make-up sem verður tekinn fyrir og þar fáum við að sjá kvenlegu hliðina á Sverri.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.03** Útvarpssagan: Sögur úr Síðunni
**15.30** Gullmolar úr hljóðritasafninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Útvarpsperlur: Harold Pinter
**23.10** Tónleikur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (143:260)
**16.30 Hollyoaks** (144:260)
**17.00 Seinfeld** (20:24)
**17.30 Lucky Louie** (8:13)
**18.00 Skins** (3:9)
**19.00 Hollyoaks** (143:260)
**19.30 Hollyoaks** (144:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**20.00 Seinfeld** (20:24) Jerry og vinir hans reyna að forðast umferðaröngþveitið sem skapast á Púertó Ríkó á daginn.
**20.30 Lucky Louie** (8:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
▶ **21.00 Skins** (3:9) Átakanleg bresk þáttaröð um unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
**22.00 Gossip Girl** (6:25) Þættir sem eru byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæsipartí.
**22.45 Grey's Anatomy** (15:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Christina kemst loks að því að það eru fleiri menn til en Burke og sjúkrahúsið Seattle Grace þarf laglega yfirhalningu til að geta kallast einn virtasti háskólaspítali landsins.
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### BBC entertainment

**10.05** EastEnders **10.35** Coupling **11.05** Jonathan Creek **11.55** Dalziel and Pascoe **12.45** Coupling **13.15** The Weakest Link **14.00** EastEnders **14.30** Coupling **15.00** Blackadder II **15.30** The Weakest Link **16.15** Jonathan Creek **17.05** Dalziel and Pascoe **17.55** EastEnders **18.25** The Weakest Link **19.10** My Hero **19.40** Blackadder II **20.10** Waking the Dead **21.00** Waking the Dead **21.50** Blackadder II **22.20** My Hero **22.50** Waking the Dead **23.40** Waking the Dead

### DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Mission. Baby **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.40** S, P eller K **14.50** Boogie Update **15.20** S, P eller K **15.30** Mille **16.00** Den amerikanske drage **16.25** F for Får **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Min italienske drøm **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Den 6. dag **23.00** Sugar Rush **23.25** Naruto Uncut

### NRK 1

**12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** En Noman i Pakistan **14.00** NRK nyheter **14.10** Urter **14.30** V-cup langrenn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Sørens ønskestøvler **17.05** Fritt fram **17.35** Plipp, Plopp og Plomma **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Folk. Vassendgutane **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Höök **21.30** Folk i farta **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Fiendar av fornufta **23.35** Spooks

### SVT 1

**12.45** Fråga doktorn **13.30** Mat och grönt på Friland **14.00** Mästarnas mästare **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Skidor **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **20.30** På liv och död **21.00** Debatt **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Uppdrag Granskning **23.00** Packat & klart **23.30** Öga mot öga **00.00** Sändningar från SVT24




## MORGUNMATURINN



*„Ég er ekki mikill morgunmatarmaður, en þegar það gerist þá fæ ég mér yfirleitt ávöxt og kaffi.“*

Högni Egilsson, söngvari Hjaltalín.

# E-label íhugar málshöfðun gegn NTC

„Að sjálfsögðu höfum við leitað réttar okkar. Við höfum reynt að ná sátt í málinu en það hefur ekki gengið,“ segir Ásta Kristjánsdóttir hjá E-label. Fyrirtækið hefur deilt hart við NTC með Svövu Johansen í broddi fylkingar og sakað hana um að hindra samstarf E-label við franska verksmiðju sem NTC hefur átt viðskipti við.

Nú er svo komið að E-label er komið með málið til lögfræðings sem ætlar að kanna réttarstöðu fyrirtækisins. Í Fréttablaðinu í gær sagði Svava að hún hefði ekki komið í veg fyrir samstarf E-Label og frönsku verksmiðjunnar. Einnig hélt hún því fram að E-label hefði sagt Frökkunum að framleiðslan væri fyrir Bretlandsmarkað en ekki Ísland og þannig reynt að villa á sér heimildir.

E-label vísar þessu harðlega á bug á Facebook-síðu sinni og bendir á tölvupóstsamskipti sem Heba Hallgrímsdóttir, starfsmaður fyrirtækisins, átti við verksmiðjuna. „Það lítur ekki út fyrir að verksmiðjan hafi haft neinn einkakúnnasamning við Svövu eins og hún ber fyrir sig,“ segir Ásta. „Þetta er mjög alvarlegt mál. NTC er markaðsráðandi á Íslandi og það er litið mjög alvarlegum augum á það að bola litlu sprotafyrirtæki út úr verksmiðju á þessum tímum,“ segir hún og bætir við að engin skilaboð hafi verið tekin út af Facebook-síðu E-label eins og Svava hélt fram. - fb



**ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR** Ásta segir að E-label hafi haft samband við lögfræðing vegna deilunnar við NTC.



**SVAVA JOHANSEN** Segist ekki hafa komið í veg fyrir samstarf E-label og frönsku verksmiðjunnar.





**LÁRÉTT**
2. gas, 6. óhreinindi, 8. nudda, 9. gogg, 11. tveir eins, 12. deyfa, 14. yfirstéttar, 16. vörumerki, 17. gagn, 18. hátíð, 20. eyrir, 21. óskiptu.

**LÓÐRÉTT**
1. samskonar, 3. öfug röð, 4. pensillín, 5. verkur, 7. planta, 10. óvild, 13. vöntun, 15. bakhluti, 16. tala, 19. tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. loft, 6. ím, 8. núa, 9. nef, 11. kk, 12. slæva, 14. aðals, 16. ss, 17. nyt, 18. jól, 20. fé, 21. öllu. **LÓÐRÉTT:** 1. eins, 3. on, 4. fúkkalyf, 5. tak, 7. melasól, 10. fæð, 13. van, 15. stél, 16. sjö, 19. ll.


















**UNGIR ÚTVARPSMENN** Styrmir (til vinstri) og Hrólfur Sturla stjórna þættinum Upp í loft sem er á hverjum föstudegi klukkan 15 á Útvarpi Sögu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### VINIRNIR STYRMIR OG HRÓLFUR: STJÓRNA ÞÆTTI Á ÚTVARPI SÖGU

# Yngstu útvarpsmenn landsins

„Við erum æskuvinir og mömmur okkar eru bestu vinkonur,“ segja Styrmir Jónasson og Hrólfur Sturla Rúnarsson, sem verða tólf og fjórtán ára á árinu. Þeir stjórna útvarpsþættinum Upp í loft sem er á dagskrá Útvarps Sögu á hverjum föstudegi klukkan 15.

„Við erum yngstu útvarpsmenn landsins,“ fullyrða þeir en játa sig sigraða þegar kemur að því að tilnefna yngsta útvarpsmann heims. „Yngsti útvarpsmaður heims var tíu ára árið 2004. En við erum alla vega á topp tíu yfir yngstu útvarpsmenn heimsins.“

Upphaf útvarpsþáttarins má rekja til þess að Styrmir, sem er mikill aðdáandi Útvarps Sögu, hringdi í útvarpsstjórann Arnþrúði Karlsdóttur og spurði hvort hann mætti byrja með eigin þátt. Hún tók vel í það og í framhaldinu fékk hann Hrólf Sturlu til liðs við sig. „Okkur finnst báðum gaman að segja frá og tala,“ segir Styrmir um útvarpsáhugann og Hrólfur kinkar kolli. „Það er betra að vera á Útvarpi Sögu heldur en Bylgjunni eða FM 957. Ég get talað miklu meira. Það er ekki alltaf verið að spila tónlist,“ segir Styrmir og Hrólfur bætir við: „Við erum stundum að gefa bíómiða og erum líka með spurningu dagsins.“

Af þeim fjórum þáttum sem þeir hafa stjórnað hafa tveir fjallað um einelti. „Okkur finnst einelti ekki vera neitt grín. Það er einelti í öllum skólum,“ segja þeir. Í þáttunum leyfðu þeir krökkum að hringja inn og segja sína sögu auk þess sem Ingibjörg Baldursdóttir kom í viðtal en hún á son sem fyrirfór sér vegna eineltis.

Í næsta þætti á morgun ætla þeir að venda kvæði sínu í kross og fjalla um hreyfingu. Gestur verður handboltakappinn Logi Geirsson, sem er góður vinur Styrmis, enda eru þeir báðir Hafnfirðingar. „Hann býr við hliðina á mér. Ég er með númerið hans og allt,“ segir hann og hlakkar mikið til að fá hann í stúdíóið.

Þess má geta að bæði Styrmir og Hrólfur eru miklir aðdáendur Michaels Jackson og nýta hvert tækifæri til að spila lög með honum í þættinum. Áhuginn er svo mikill að Styrmir, sem kann Beat It utan að, ætlar að reyna að komast á tónleika með honum í London í sumar.

Þeir félagar eru greinilega upprennandi útvarpsmenn en spurðir hvort þeir ætli að leggja starfið fyrir sig þegar þeir verða stórir er fátt um svör: „Kannski sem aukastarf einu sinni í viku en ekki á hverjum degi.“ freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónlistarklúbburinn Norðrið, sem miðar að því að koma íslenskri tónlist á framfæri í Þýskalandi, hefur hafið starfsemi sína. Af því tilefni steig **Lay Low** á svið í fyrrakvöld í Admiralspalast í Berlín, sem Helgi Björnsson rekur, og þótti standa sig með mikilli prýði. Blaðamaður þýsku heimasíðunnar Bunte.de heillaðist af framgöngu hennar og sagði rödd hennar einstæða og kántrí-gítarleikinn ekki síðri.



Símafyrirtækin hafa tekið við af bönkunum með íburðarmiklum auglýsingaherferðum sem nú eiga að höfða til kreppuþjáðrar þjóðar. Síminn reið á vaðið með Hilmi Snæ og þjóðþekktum fréttahaukum og Vodafone hyggst ekki láta sitt eftir liggja. Myndbrot af nýjustu auglýsingu fyrirtækisins hefur lekið á Youtube en þar má sjá **Pétur Jóhann**, staddan í himnaríki, í hlutverki nafna síns Lykla-Péturs. Leikstjórar eru þeir Gunni og Sammi en ef marka má myndbrotið kemur baggalúturinn Bragi Valdimar einnig eitthvað við sögu.



**Dr. Gunni** lætur sér bókstaflega ekkert mannlegt óviðkomandi eins og lesendur Fréttablaðsins þekkja mæta vel en þar heldur hann meðal annars utan um neytendamál. Dr. Gunni hefur nú dregið sig í hlé frá hefðbundnum daglegum verkefnum til að skrifa bók sem einkum er ætluð túristum. Og víst er að ferðamenn eiga hauk í horni þar sem Dr. Gunni er því hann hefur ávallt vakandi auga fyrir hagstæðum kaupum bjóðist þau. Það er svo spútnikkinn í bókaútgáfu, Tómas Hermannsson hjá Sögum, sem gefur væntanlega túristabók Dr. Gunna út.



- fbm fgg, jbg

# Egill og Róbert Marshall í hár saman

„Ég geri engar athugasemdir við að Egill Helgason hafi á mér og öðrum sínar skoðanir. En ég vil þá líka að fólk viti hvað liggur til grundvallar þeim skoðunum hans. Þegar hann fjallar um mig í sínu bloggi þá er það ekki sem faglegur stjórnmálaskýrandi heldur er manninum beinlínis illa við mig vegna þess að ég lét hann senda út þáttinn sinn í setti sem honum þótti ljótt fyrir fjórum árum,“ segir Róbert Marshall frambjóðandi Samfylkingar á Suðurlandi.



**RÓBERT MARSHALL** Segir að Agli sé beinlínis illa við sig því Róbert lét Egil senda þátt sinn út í setti sem honum fannst ljótt.

Einhver eftirtektarverðasta rimma á netinu hlýtur að vera milli Róberts og Egils Helgasonar, þáttastjórnanda á Ríkissjónvarpinu og bloggara á Eyjunni. Róbert skrifaði bloggfærslu og tilefnið virðist að Egill segir endurnýjun í prófkjörum felast helst í atvinnulausum fjölmiðlamönnum. Róbert segir bloggskrif Egils niðurdrepandi nöldur, hann þoli enga gagnrýni og þættir hans séu leiðinlegir. Egill svarar með færslu um sjónvarpsstöðina NFS sem Róbert stýrði og kallar hana neðanmálsgrein í fjölmiðlasögunni. Egill segist ekki vera að skrifa um Róbert heldur NFS. „Það stóðst aldrei neitt sem hann sagði. Og fleiri sem unnu þarna hafa sömu sögu að segja. Þessi sjónvarpsstöð var dæmalaust rugl frá upphafi til enda. Kannski lærðu menn sína lexíu, fyrirtækinu hefur þurft að blæða fyrir þetta æ síðan, að hafa haldið þessu úti,“ segir Egill.



**EGILL HELGASON** Segist ekki hafa verið að fjalla um Róbert sem slíkan heldur NFS - sjónvarpsstöðina sem Róbert stýrði.

Miklar umræður spunnust á athugsemdakerfinu og þar upplýsir Egill að hann fái greitt 200 þúsund fyrir bloggskrifin auk 742 þúsunda hjá RÚV. Eru flestir lesendur Egils á því að það sé engin ofrausn. Aðspurður hvort hann sé ekki kominn á grátt svæði sem helsti þáttastjórnandi Ríkissjónvarpsins, að teknu tilliti til hlutleysisreglna sem stofnuninni er ætlað að fylgja, segist Egill ekki sjá það. „Róbert skrifaði einhverja færslu um mig og ég svaraði bara. Skrifaði ekkert um Róbert sjálfan heldur þessa stöð. Það er ekkert þarna um hans persónu heldur upprifjun á þessu dóti.“ - jbg








# Borgarferð til Akureyrar

**Skíði, menning, skemmtun!**
**Einstök upplifun fyrir alla fjölskylduna í sannkallaðri ævintýraferð.**

**Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:**

**Menning:** Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar og viðburðir.

**Afþreying:** Vetrarparadís, skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, sleðabrekkur, skautahöll, sundlaugar, líkamsræktastöðvar, heilsulindir, kvikmyndahús, skemmtistaðir, keilusalur, gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og útivistarsvæðið í Kjarnaskógi.

**Gisting:** Fjölbreyttir möguleikar, hótel, gistiheimili, íbúðir, bústaðir auk sveitahótela í næsta nágrenni.

**Matur og drykkur:** Úrval kaffihúsa og veitingastaða, matur úr Eyjafirði.

**Verslun:** Fjölbreytt og gott úrval verslana í miðbænum, Glerártorgi og víðar.
Stuttar vegalengdir, frítt í strætó og frí bílastæði – munið bílastæðaklukkurnar.

**Verið hjartanlega velkomin!**
**visitakureyri.is og nordurland.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.





**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur


## *Hafraseyði verður það, heillin*

Syndir feðranna geta verið hverjum þung byrði í samfélagi þar sem spurningin, hverra manna ert þú? er eins sjálfsögð og spurningin hvað heitir þú? Í hverri fjölskyldu leynist að minnsta kosti einn svartur sauður og ættarskömm sem aðrir fjölskyldumeðlimir þurfa að axla ábyrgð á eða í það minnsta skammast sín fyrir. Drykkfelldir frændur og háværar frænkur hafa margan óskundan gert gegnum tíðina og leyst upp mörg fjölskylduboðin.

**EN** eins og ekki sé nóg að burðast með skrautlegar fjölskyldusögur þurfa íslensk börn nú að súpa seyðið af gjörðum fólks sem er þeim alls óskylt. Hvert barn sem fæðist á Íslandi næstu árin fær margra milljóna skuldir í fæðingargjöf frá græðgisgosum góðærisins, og nú fer áhrifanna að gæta í daglegu lífi leikskólabarna í Reykjavík. Niðurskurðurinn vegna kreppunnar kemur nefnilega við víða en í vikunni voru hengd upp plögg í einhverjum leikskólum í borginni þar sem áætlanir borgaryfirvalda um sparnað í leikskólakerfinu voru kynntar. Þær hljóðuðu meðal annars upp á að hafragrautur verður nú oftar á boðstólum en áður.

**HAFRAGRAUTURINN** er svo sem ágætur og stendur fyrir sínu en þegar matarinnkaupakarfa vikunnar hefur hækkað um marga þúsundkalla eins og staðreyndin er í dag hafa húsmæður og -feður þurft að endurskoða matseðil heimilisins einnig. Skera þarf við nögl í innkaupum á grænmeti og ýmsum munaðarvörum og einfalda samsetningu máltíða til muna. Kjöt og fiskur eru ekki lengur jafn sjálfsagðir réttir oft í viku. Þá er gott að geta treyst því að börnin fái allavega vel samsettan mat í leikskólanum og nóg af honum, svo óhætt sé að bjóða þeim upp á léttari kvöldverð, jafnvel hafragraut! Það má því ekki skera frekar niður við börnin að mér finnst, það hljóta að liggja krónur á öðrum stöðum í kerfi samfélagsins sem klípa má af.

**EN** það sleppur greinilega enginn. Við verðum öll fyrir barðinu á afleiðingum góðærisbrasksins, jafnvel þó við höfum ekkert haft með það að gera. Mörg þessara leikskólabarna voru ekki einu sinni fædd þegar góðærið fór að rúlla sem hraðast og græðgi einstakra einstaklinga fór að taka á sig stærri og áður óþekkta mynd. Drykkfelldu frændurnir og háværu frænkurnar blikna algerlega í samanburði við þá. Hafraseyði verður það því, heillin mín, og verði ykkur að góðu.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 12. mars, 71. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.56 | 13.37 | 19.20 |
| Akureyri | 7.43 | 13.22 | 19.03 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

